



Jón Andrés Jónsson
**LEIGIR STÓRSTJÖRNUM
HÚSBÍLINN SINN** ▶ 86



Kolbrún
Benediktsdóttir
**Saksóknari,
mamma og
crossfit-fíkill**
▶ 38

Ágætu viðskiptavinir. Þjóðum Öryrkjum og
ellilífeyrisþegum **20% afslátt** af öllum akstri.
Miðað við staðgreiðslu DEBIT

BORGARBÍLASTÖÐIN
552 - 2440



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

9. nóvember 2013
264. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



DÆTUR HEMMA GUNN

VIÐ VISSUM ALLTAF AF HONUM

Edda, Sigrún og Eva Laufey misstu föður sinn fyrr á þessu ári. Þær kynntust þabba sínum seint og vissu lítið hver af annarri framan af. Systurnar syrgja góðan vin, Hemma Gunn. ▶ 26



**SIGURVEGARI JÓLABÓKA-
FLÓÐSINS** Jón Kalman fékk
fimm stjörnur í Fréttablaðinu.
Hann segir góða bók vitrari en
höfundinn. ▶ 50



**Kristbjörg Kjeld
FIÐRILDAFÖGNUM
GEGN SÝRUÁRÁSUM**
▶ 70

NJÓSNIR BRETA Í ICESAVE-DEILUNNI

Birgitta Jónsdóttir
segir að breska
leyniþjónustan
hafi njósnað
um samn-
inganefnd
Íslands í
Icesave-
málinu.

▶ 30



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1,5 KLST
Verð: 2.990
Gildir ekki í tæki sem gefa vinninga og safnar ekki tivolipunkturum.

ÓTAKMARKAÐ Í ÖLL TÆKI

Opnunartími
Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14 til 22
Föstudaga frá kl. 14 til 23
Laugardaga kl. 12 til 23
Sunnudaga kl. 13 til 22

pepsi SMÁRALIND

TESS is coming to Iceland
Join the Team!

For more information :
Contact Bent-Ole Hilbert
E-mail: boh@tess.no, + 47 941 67 123



See job section inside and visit www.tess.is

NÚ FER HVER AÐ
VERÐA SÍÐASTUR

ÓPIÐ FRÁ:
11 TIL 18

**ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG
MYNDBANDAMARKAÐURINN**

ATH SÍÐASTA HELGIN!

NÝJA HUGSUN PARF Í SKIPULAGSMÁLUM 4

Breyta verður nálgun í skipulagsmálum, að mati forstjóra Skipulagsstofnunar. Að óbreyttu verða bílar innan borgarmarka Reykjavíkur 50 þúsundum fleiri en nú árið 2040.

AL THANI TALDI SIG VERA FÓRNARLAMB 6

Skýrslutaka fór fram yfir Jóhannesi Rúnari Jóhannessyni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, föstudag. Hann sagði Al Thani hafa talið sig blekkta.

BEITA SLORI GEGN HORI 8

Klínískar rannsóknir sýna að þorskensím drepa kvefveirur og fækka veikindadögum.

TÍMI TIL SAMNINGA AÐ RENNA ÚT 10

Verkalýðsforingi er svartýnn á að samningar náist fyrir mánaðamat.

SKOÐUN 18 → 20

ÆVINTÝRAMENNSKA 18

Þorsteinn Pálsson um Evrópumál og Kínaleiðangur utanríkisráðherra.

VIÐ EIGUM VAL 20

Björgólfur Jóhannsson um kjarasamninga og efnahagsmál.

SAMKEPPNI ER EKKI NIÐURGREIDD 20

Brynjar Smári Rúnarsson um Íslandspóst.

VERÐLAUNAÁÆTLUN TIL SÖLU 20

Hanna Lára Steinsson um viðskiptalíf á Íslandi.



HELGIN 22→60

HANNA ÚR DRASLINU 22

Nemendur Fataiðndeildar Tækniskólans leituðu samstarfs við Rauða kross Íslands fyrir árlega tiskusýningu Unglistar, listahátíðar ungs fólks, sem fram fer í dag.

LANGAR VAKTIR Í LÍBANON 32

Í Dahieh, úthverfi Beirút í Líbanon sem er helsta vígi Hezbollah-samtakanna, er starfrækt ein af 45 sjúkrahúslastöðvum í borginni.

ÍTALSKI FOLINN OG AUSTURRÍSKA EIKIN SAMEINAST 40

Vöðvatróllin og skapgerðarleikararnir Sylvester Stallone og Arnold Schwarzenegger áttu níunda áratuginn eins og hann lagði sig þegar kom að hasarmyndum og höfuðleðursflettingum.

ÓKYRRIST Á NOKKURRA ÁRA FRESTI 46

Védís Ólafsdóttir, þjóðfræðingur og leiðsögumaður, er ævintýragjörn kona sem útþráin laðar víða um heim. Þó finnst henni ekkert land fegurra en Ísland.



BÆNAKVAK YFIR SÆNGURKONU 48

Illugi Jökulsson hefur alltaf verið einkar hrifinn af minningum Gyðu Thorlacius frá dvöl hennar á Íslandi í byrjun 19. aldar, enda veita þær einstæða innsýn í hversdagslíf og hlutskipti kvenna.

MENNING 68→88



BJARGA SÉR ÁN BÍLPRÓFS 72

Íslenskir listamenn sem hafa ekki tekið bílpróf.

ÍHUGAR AÐ SELJA ÍNN 74

Ingví Hrafn hefur fengið tilboð í sjónvarpstöðina.

RYKSUGAR HEIMILIÐ FYRIR HEIMSPRESSUNA 86

Elísabet Jökulsdóttir fékk Wall Street Journal í heimsókn.

SPORT 78→81

SKÚRKURINN ORÐINN AÐ HETJU 78

Aaron Ramsey hefur verið í ótrúlegu stuði hjá Arsenal í vetur.

ÆTLA AÐ VERJA TITILINN 80

Gerplu-stelpur ætla að verja titilinn á NM þrátt fyrir miklar breytingar á liðinu.



Július Vífill

Velkomin í vöflukaffi!

Komið í prófkjörsspjall um helgina á kosningaskrifstofu mína að Suðurlandsbraut 24.

Vöflujárnið verður heitt laugardag og sunnudag frá kl. 14 - 17.

Ræðum okkar hjartans mál, lífið í Reykjavík og tækifærin sem felast í framtíðinni.

Með bestu kveðju,


Reynsla og þekking til forystu

www.juliusvifill.is

1. sæti í Reykjavík



FIMM Í FRÉTTUM SKULDUG KIRKJA, ÁKÆRUR OG ÁLVER



Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona Of Monsters and Men, er komin heim eftir átján mánaða ferðalag um heiminn. Hún segir að stelpur í tónlistarheiminum vekji mikla athygli. Á Facebook eru þrír til fjórir prófílir þar sem fólk þykist vera Nanna Bryndís eða segist þrá að vera hún.



Sóknarnefnd Langholtskirkju segir Dróma ganga hart fram í innheimtu skulda kirkjunnar, sem nema á annað hundruð milljónum króna. Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur segir hálfgerða handrukkun í gangi en menn í sókninni trúu á upprisuna.



Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, segir sárt að borga eina milljón á dag í raforkuskatt sem átti að vera tímabundinn og þurfa á sama tíma að segja upp fólki vegna sparnaðar. Hún segir að Rio Tinto ætli að skoða lagalega stöðu sína.



Hannes Snorrason var í eldlínunni í vikunni. Sérstakur saksóknari birti honum ákæru vegna fjádráttar. Í kjölfarið ákvað hann að víkja til hliðar úr forstjórastóli fyrirtækisins Nextcode. Hannes segir kærana undurfurðulega.



→ Norðurslóðamál eru ofarlega á forgangslista ríkisstjórnarinnar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir að á hverjum einasta fundi með fulltrúum erlendra ríkja hafi þau verið eitt aðalmálið og ekki endilega að hans frumkvæði. Hann segir að útlendingar hafi orðið fyrri til að sjá hversu stór tækifæri séu á norðurslóðum, Íslendingar megi engan tíma missa.



EKKERT FLUGHRÆDD Lára Jónsdóttir ferðast reglulega til útlanda og segist ekki finna fyrir flughræðslu. Hún var búin að koma sér vel fyrir í flugvélinni þegar ljósmyndara bar að garði.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Elsti flugfarþeginn á stöðugu ferðalagi

Lára Jónsdóttir varð 100 ára í sumar en lætur aldurinn ekki koma í veg fyrir ferðalög til framandi landa. Fréttablaðið náði tali af Láru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær en hún var á leiðinni til Orlando til að fagna sjötugsafmæli tengdasonarins.

ÍSLENDINGAR „Dú hittir alveg gríðarlega vel á mig, það er sjaldan sem einhver hittir illa á mig,“ sagði flugfarþeginn Lára Jónsdóttir þegar blaðamaður náði tali af henni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær. Lára varð 100 ára í sumar. Guðjón Arngrímsson, upplýsinga-fulltrúi Ícelandair, veit ekki til þess að nokkur eldri hafi flogið með félaginu.

Lára kippir sér lítið upp við hækkandi aldur og ferðast reglulega til annarra landa. „Nú er ég á leiðinni til Orlando í 70 ára afmæli tengdasonarins.“ Það þurfti ekki að biða lengi eftir svári þegar Lára var spurð nánar út í dagskrána í Orlando. „Við ætlum að drekka vín og vera í sólinni. Svo verslum við ábyggilega mikið líka,“ sagði

Við ætlum að drekka vín og vera í sólinni. Svo verslum við ábyggilega mikið líka.

Lára Jónsdóttir, 100 ára ferðalangur.

hún eldhress og var þegar búin að koma sér vel fyrir í flugstöðinni og beið eftir fyrsta vinglasinu. „Þetta verður nú ekki síðasta ferðin ef ég þekki mig rétt, ég er alltaf að plana ferðir. Næst langar mig til Boston að versla. Þá langar mig að kaupa mér blússu og fallegar buxur í stíl.“

Barnabarn Láru, Lára Hildur Tómasdóttir, var með í för og hafði engar áhyggjur af stöðugum ferðalögum ömmu sinnar. „Hún fær að

sitja fremst og það er alltaf hugsað rosalega vel um hana í vélinni. Hún ferðast svo oft á ári að við eru orðin vön þessu.“

Lára tók undir orð barnabarnsins. „Það eru allir svo ánægðir með að ég drífi mig í svona ferðir á meðan ég treysti mér til. Það á að njóta tímans á meðan maður getur það,“ sagði Lára og hvetur aðra til að gera slíkt hið sama. Lára Hildur sagði ömmu sína alltaf jafn spennta fyrir ferðalögum. „Henni finnst þetta rosalega gaman. Við ætlum að njóta samverunnar í Orlando, fá okkur gott vín með góðum mat og þræða veislu. Það er alltaf nóg af þeim. Amma kemur alltaf tíu árum yngri úr svona ferðalögum, brún og hamingjusöm.“ kristjana@frettabladid.is

Flokkur Pírata ætlar að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum í fyrsta sinn.

Píratar í framboð í Reykjavík

STJÓRNMÁL Píratar hafa ákveðið að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík í fyrsta sinn. Einnig kemur til greina að bjóða fram í öðrum bæjarfélögum.

Harður kjarni flokksins ætlar að demba sér í bæjarstjórnarmálin, auk þess sem einhverjir úr öðrum flokkum eru að íhuga að ganga til liðs við Pírata. Á meðal þeirra sem ætla að bjóða sig fram eru Halldór Auðar Svansson og Hildur Sif Thorarssen. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður prófkjör haldið í gegnum netkosningu.

Píratar hafa í nokkurn tíma brætt það með sér hvort þeir ætli í sveitarstjórnarkosningar. Eftir að ljóst var að Jón Gnarr borgarstjóri myndi ekki gefa lengur kost á sér fyrir hönd Besta flokksins var endanlega ákveðið að stíga þetta skref.

Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 njóta Píratar meiri stuðnings nú en í síðustu þingkosningum. Nú stöðja 7,2 prósent flokkinn, samanborið við 5,5 prósent í kosningunum. Þrír sitja á þingi fyrir flokkinn; þau Birgitta Jónsdóttir, Jón Þór Ólafsson og Helgi Hrafn Gunnarsson. -fb



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR Birgitta er einn þriggja Pírata sem sitja á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

520 Alls eru 520 skráðir í Pírataflokkinn.

Kringlan

KOMDU INN Í HLÝJUNA

Við tökum vel á móti þér. Notalegir veitingastaðir
og verslanir fullar af fallegum vörum.

Njóttu þess að undirbúa jólin hjá okkur.



KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

AF ÖLLU HJARTA

Opð laugardag frá 10-18
sunnudag frá 13-18

2.11.2013 → 8.11.2013

69,6%
LANDSMANNA
vilja innheimta gjald af þeim sem skoða helstu náttúru- perlu landsins.

97
foreldrar voru í fyrra í stuðningshópum fyrir foreldra barna sem eru í vímuefnaneyslu eða hafa verið það.

11
LEIKSKÓLA- KENningar
munu útskrifast í vor.

7 MÍNÚTUR
tók að selja alla miðana á jólatónleika Stefáns Hilmarssonar.

70% VIÐMÆLEND
í fréttum og spjallþáttum ljósvakamiðlanna eru karlar.

150 SINNUM á sólarhring líta farsímaeigendur á síma sína að meðaltali samkvæmt rannsókn Nokia-símafyrirtækisins.

1.400 listaverk sem nasistar hirtu af eigendum þeirra í seinni heimsstyrjöldinni fundust í München í Þýskalandi í vikunni.

481.469 fylgja Björk Guðmundsdóttur á Twitter.

124
aldraðir einstaklingar bíða þess nú að hjúkrunarrými losni á höfuðborgarsvæðinu.



STYTTIST Í LEIKINN Hvítur dúkur þekur nú Laugardalsvöll og er þetta í fyrsta skipti sem gripið er til aðgerða sem þessara. Leikurinn fer fram 15. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Undirbúningur fyrir landsleikinn mikilvæga gegn Króötum: **Laugardalsvöllurinn dúkklagður**

FRAMKVÆMDIR „Allt hefur gengið samkvæmt áætlun og dúkurinn er kominn á völlinn,“ segir Jóhann G. Kristinsson, vallerstjóri á Laugardalsvelli. Fjórir Englendingar á vegum fyrirtækisins MacLeod Covers komu hingað til lands í þeim tilgangi að dúkleggja völlinn fyrir leik íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu gegn Króötum næsta föstudag. Stór blásari við enda vallarins blæs inn heitu lofti svo hægt sé að halda hita á vellinum. „Við höfum fulla trú á verkefninu. Til þess er leikurinn gerður.“ - ka

Bandaríkin og Ísrael: **Svipt atkvæðisrétti í UNESCO**

BANDARÍKIN Bandaríkin og Ísrael hafa verið svipt atkvæðisrétti sínu í UNESCO, menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Ástæðan er sú að hvorugt ríkið hefur greitt aðildargjöld sín að stofnuninni í þrjú ár, en þau hafa neitað að greiða sitt framlag eftir að Palestína fékk aðild að UNESCO sem fullvalda ríki. Hvorugt ríkið getur nú tekið þátt í ákvörðunum um úthlutun fjármagns frá UNESCO. Atkvæðisréttinn misstu þau sjálfkrafa í gær eftir að frestur sá rann út, sem þau höfðu til að greiða gjöldin eða gefa skýringar á töfunum. - gb

Fjölgun ferðamanna 17,6%: **Um 53 þúsund komu í október**

SAMGÖNGUR Um 53 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá Íslandi í gegnum Leifstöð í október, samkvæmt talningum Ferðamálastofu. Þetta er um 17,6 prósentu aukning frá október í fyrra þegar ferðamennirnir voru nærri 45 þúsund. Nærri fjórðungur ferðamanna var frá Bretlandi og 13,5 prósent voru frá Bandaríkjunum. Þar á eftir komu Norðmenn, Danir, Þjóðverjar og Svíar. Samtals hafa tæplega 693 þúsund erlendir ferðamenn farið frá landinu í gegnum Leifstöð frá áramótum, um 111 þúsund fleiri en á sama tímabili í fyrra. Aukningin er 19,1 prósent milli ára. - bj

Nýja hugsun þarf að innleiða í skipulagi

Breyta verður nálgun í skipulagsmálum, er mat forstjóra Skipulagsstofnunar. Að óbreyttu verða 50 þúsund fleiri bílar innan borgarmarkanna árið 2040. 140 íbúar voru á hektara í Reykjavík 1940. Ný byggð gerir ráð fyrir einum íbúa á hektara.

UMHVERFISMÁL Áskoranir sem Íslendingar standa frammi fyrir í skipulagsgerð eru miklar og flóknar. Ef þróunin heldur áfram á sömu braut og undanfarna áratugi mun það leiða þjóðina í ógöngur. Þetta á ekki síst við um þróun byggðar.



ÁSDÍS HLÖKK THEODÓRS-DÓTTIR

Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Ásdísar Hlökkar Theodórsdóttur, forstjóra Skipulagsstofnunar, aðalræðumanns á Umhverfisingi 2013 í gær. Meginumræðu-efni þingsins er skipulag lands og hafs, sjálfbær þróun og samþætting verndar og nýtingar.

„Ég ætla að halda því fram að við þurfum að taka viðfangsefnið öðrum tókum en fyrri kynslóðir skipulagsfagfólks hafa gert. Við þurfum nýja hugsun, nýja nálgun, nýjar aðferðir því viðfangsefnið krefst viðsnúnings á þeirri þróun sem við höfum stuðlað að á seinustu áratugum,“ sagði Ásdís og tók dæmi:

Helmingur alls borgarlandsins hefur verið lagður undir samgöngumannvirki og einn bíll er á hvern einstakling á aldrinum 17 ára til sjötugs. Líkan af framtíðarþróun, segir Ásdís, ef litið er 30 ár fram og aftur í tíma, er að stefni í að 50 þúsund fleiri bílar verði á götunum 2040, verði viðmiðum um



UMFERÐARPUNGI Helmingur borgarlandsins hefur verið lagður undir samgöngumannvirki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

uppbyggingu byggðar ekki breytt. „Hvað erum við tilbúin til að þenja byggðina mikið út, leggja mikið land undir bílann og leggja mikið úr sameiginlegum sjóðum til að gera þetta kleift? Spurningin er: Hvað er sjálfbært?“

Ásdís spurði sig jafnframt að því hvort við værum á sjálfbærri braut í húsnæðismálum. Stuttu svarið er nei. Hún spurði hvað við værum reiðubúin til að leggja mikið land undir byggð, hvaða land við vildum nýta undir byggð og hvernig húsnæði hentaði þjóð sem er að eldast um leið og fjölskyldur minnkuðu.

„Sögulega er þróunin einföld og skýr. Við höfðum 120 íbúa á

hektara í Reykjavík árið 1940; 70 hektara árið 1960 og vorum komin niður í tæplega 50 árið 1975 og 36 hektara árið 2005. Á hvaða leið erum við sé horft til næstu 30 ára?“ spurði Ásdís og leit til Tjarnarbyggðar í Flóa þar sem gert er ráð fyrir um 600 íbúum. „Þá er einn íbúi á hektara á jafnstóru svæði og Selfoss, þar sem búa núna 6.500 manns.“

Ásdís sagði að ákveðinn þéttleiki og blöndun byggðar væri mikilvæg forsenda sjálfbærni. Því dreifðara sem við búum, því landfreakari sem byggðin er, þeim mun líklegri sé árekstrar við aðra landnýtingu og verndarsjónarmið. svavar@frettabladid.is

Ljósadyrö Garðheima
Fjölskyldufyrirtæki í 22 ár

20% AFSLÁTTUR AF ÚTISERÍUM UM HELGINA

GARÐHEIMAR

Veðurspá Gildestími korta er um hádegi

LÆGÐ GENGUR YFIR LANDIÐ með vaxandi vindi aðfaranótt sunnudags. Snjókoma, slydda og síðan rigning verður sunnan- og vestanlands þegar líður á sunnudaginn með hvassviðri eða stormi.

Á morgun Hvassviðri eða stormur sunnan- og vestanlands.

Mánudagur Strekkingur eða hvasst víða um land.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Alicante 24°	Berlín 12°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 23°	New York 10°	París 11°
Apæna 22°	Billund 9°	Gautaborg 9°	London 9°	Orlando 25°	San Francisco 15°
Basel 15°	Frankfurt 12°	Kaupmannahöfn 9°	Mallorca 20°	Ósló 5°	Stokkhólmur 7°

Víð elskum jólin

ÓDÝRT UM HELGINA!

ALREI MEIRA ÚRVAL AF JÓLAVÖRU

40 LJÓSA ÚTISERÍA
MEÐ STRAUMBREYTI

1.499

ÓDÝRT

HELGARTILBOÐ
JÓLASTJARNA

999

~~1.499~~

TILBOÐ

GÆÐIN ERU
GRÆNA
KASSANUM

SKOPPA OG SKRÍTLA
skemmta börnunum
kl. 14 laugardag
í Jólalandið
Skútuvogi

INNISERÍA 10 LJÓSA
GÆÐIN Í GRÆNA KASSANUM

299

ÓDÝRT

JÓLAPÝRAMÍDI
30 cm

1.499

ÓDÝRT

40 LJÓSA LED
ÚTISERÍA

1.499

ÓDÝRT

JÓLASTJARNA
Í GLUGGA

1.990

ÓDÝRT

ADVENTULJÓŠ
RAUÐ EÐA HVÍT

1.499

ÓDÝRT

TRUE NORTH
ÚLPUR

12.990

ÓDÝRT

Jólalandið
í Blómavali, Skútuvogi.
Komdu með börnin og
sjáðu jólasveinana.

ELECTROLUX
ÞVOTTAVÉL 1200 SN. 6KG.

79.900

FRÁBÆRT VERÐ

STEIKARPOTTAR
FJÓRAR STÆRÐIR

25%
afsláttur

TILBOÐ

VERÐ FRÁ
2.599

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Skora á aðila vinnumarkaðar: Vilja láta auka persónuafslátt

KJARAMÁL Landssamband eldri borgara skorar á aðila vinnumarkaðarins að hafa hag eldri borgara í huga við gerð kjarasamninga. Í síðustu tveimur samningum á vinnumarkaði hafi eldri borgarar setið eftir.

Í komandi samningum verði að gæta þess að staðið verði við loforð um að kjör eldri borgara batni til jafns við kjör annarra. Landssambandið ítrekar að besta kjarabótin til handa eldri borgurum sé að hækka persónuafslátt.

- jme

Viðræður í Genf um kjarnorkumál Írans dragast nokkuð á langinn:

Erfið ágreiningsmál enn óleyst

SVISS, AP „Enn liggur ekki fyrir samkomulag,“ sagði John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þegar hann mætti til viðræðna í Genf í gær um kjarnorkumál Írans.

Töluverðrar bjartsýni hafði gætt fyrir fundinum um að stutt væri í samning, en Kerry sagði ýmis mikilvæg ágreiningsmál enn óleyst.

Hann var þá nýkominn af fundi með Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sem hefur ekki farið dult með óánægju sína með samningaviðræðurnar.

„Mér skilst að Íranar gangi nú um í Genf afskaplega ánægðir, eins og þeir ættu að vera því þeir hafa náð öllu sínu fram en ekki látið neitt af hendi,“ segir Netanjahú. „Þetta er mjög lélegur samningur og Ísrael hafnar honum algerlega.“

Á fundinum í Genf hitti Kerry meðal annars Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans, og Catherine Ashton, utanríkisráðgjafi Evrópusambandsins, en hún stjórnaði fundinum.

- gb



MÆTTUR TIL VIÐRÆÐNA John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom til Genfar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kröfur eru um afsögn: Borgarstjóri hótaði morði

KANADA, AP Vaxandi þrýstingur er á að Rob Ford, borgarstjóri í Toronto, segi af sér. Hann viðurkenndi í vikunni að hafa reykt krakk, eftir að myndband af því komst í hendur lögreglu. Svo kom fram annað myndband þar sem hann sést hóta að myrða mann. Á báðum myndböndum er borgarstjórinn í annarlegu ástandi og virðist ekki hafa nokkra stjórn á gerðum sínum.

Fjölskylda Fords segir hann eiga við vanda að stríða en hefur trú á að hann geti unnið bug á honum.

- gb

Staldræð við í dagsins önn



Í AUSTURSTRÆTI Á KÖLDUM FÖSTUDEGI Peir Höskuldur Þór Höskuldsson og Árni Salómonsson ákvaðu að fara í miðbæinn og taka ljósmyndir af mannlfínu. Þar hittu þeir norska konu sem settist á bekkinn hjá þeim og spjallaði við þá í dágóða stund. „Hún er ferðamaður og við spjölluðum að sjálfsgötu um Ísland. Hún undraðist hvað ég væri léttklæddur í kuldanum en ég sagði henni að Íslendingar væru bara svona klæddir. Reyndar voru ekki margir á ferli í dag og nær eingöngu túristar,“ segir Árni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Al Thani taldi sig vera fórnarlamb

Skýrslutaka yfir Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni fór fram í gærmorgun. Samkvæmt honum taldi Al Thani sig hafa verið blekktan í viðskiptum sínum við Kaupþing.

DÓMSMÁL Al Thani taldi að hann hefði verið blekktur í viðskiptum við Kaupþing er hann festi kaup á 5,01% hlut í bankanum skömmu fyrir hrun hans árið 2008. Þetta kom fram í vitnisburði Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar úr slitastjórn Kaupþings í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. „Túlka má viðbrögð hans þannig að hann hafi talið sig blekktan,“ sagði Jóhannes Rúnar.

Slitastjórnin samdi við Al Thani um greiðslu 26 milljóna dala eftir að Kaupþing féll en sjálfsskuldarábyrgð hans var mun hærrí. Fengnir voru lögmenn, meðal annars frá Bretlandi, til að aðstoða við endurheimturnar. „Við fundum út með hjálp þeirra að það væri möguleiki á að endurheimta meiri fjármuni,“ sagði Jóhannes Rúnar.

Fundað var með lögmönnum Al Thani áður en honum var stefnt í málinu. „Við freistuðum þess að ná samkomulagi en það varð ekki. Þetta endaði með því að við gáfum út þessa stefnu. Í framhaldinu var samið í málinu. Málið var aldrei þingfest.“

Jóhannes Rúnar var spurður af hverju slitastjórnin reyndi ekki að endurheimta meiri peninga. „Við gerðum hærrí kröfu á hendur honum en allir sem þekkja til vita að það er ekki einfalt að standa í málaferlum í mörgum lögsögum. Sjeikinn hafði ýmsar varnir í málinu,“ sagði Jóhannes Rúnar. „Hann kom ekki með fullar hendur fjár og bauðst til að greiða þessa peninga. Hann taldi að búið ætti enga kröfu á hann, það kom skýrt fram,“ sagði hann og bætti við að miðað við viðbrögð lögmanna teldi Al Thani sig vera fórnarlamb í viðskiptunum.

Al Thani keypti hlut sinn í Kaupþingi í gegnum félagið Q Iceland



BLEKKINGARLEIKUR? Al Thani taldi að hann hefði verið blekktur í viðskiptum við Hreiðar Má Sigurðsson, Sigurð Einarsson og félagi í Kaupþingi. Þetta kom fram í skýrslutöku yfir Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagur 5 í Al Thani-málinu

■ Theódór Sigurbjörgsson átti að bera vitni á eftir Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni og settist niður til skýrslutöku. Verjandi taldi sig ekki lengur hafa þörf á vitnisburði hans og var honum því gert að yfirgefa réttarsalinn.

■ „Hálf yfirheyrslan er búin að fara fram hjá mér því maður heyrir ekki neitt,“ sagði Karl Axelsson, verjandi Magnúsar Guðmundssonar, þegar skýrslutaka yfir Steingrími Páli Kárasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra áhættustýringar Kaupþings, fór fram í gegnum síma. Til að heyra betur í Steingrími Páli brá Karl á það ráð að færa stól sinn nær dómamanum og setjast þar.

■ Hlé verður gert á réttarhöldunum á þriðjudaginn. Á miðvikudag og fimmtudag kemur svo röðin að saksóknara og verjendum í málinu að flytja lokaræður sínar.

Finance sem var í eigu hans og Ólafs Ólafssonar. Kaupin voru fjármögnuð í gegnum þrjú félög, Brooks og Serval, sem voru bæði í eigu Al Thani, og í gegnum Gerland, sem Ólafur Ólafsson átti. Sjálfsskuldarábyrgð fylgdi láninu til Brooks.

Fram kom í réttarhöldunum í gær að þegar Kaupþing féll 8. október hafi fimmtíu milljónir dala verið á reikningi Brooks í Lúxemborg. Þá taldi slitastjórnin sig eiga góða möguleika á að endurheimta peningana. Daginn eftir var lánið til

Brooks notað til að greiða upp lánið til Serval og sem gerði stöðu slitastjórnarinnar erfiðari.

Rúnar fjögur hundruð milljónir vantaði upp á til að Serval væri skuldlaus og greiddi Ólafur Ólafsson það fé. Serval hafði því gert upp skuldir sínar en skuldin við Brooks stóð enn eftir. Kaupþing átti einnig kröfu á félagið Gerland en enn hefur ekkert fengist upp í skuld þess, enda var það veitt án veða og trygginga, að sögn Jóhannesar Rúnars.

frey@frettabladid.is

Til sölu allt lausafé skemmtistaðarins Esju Austurstræti 16

Öflugt hljóðkerfi

(JBL & Koda hátalarar, Crown magnarar o.fl.)

Sófar, Kartell stólar, barstólar frá Epal, borð, ljós, kassakerfi og ýmiss annar veitingahúsabúnaður.

Upplýsingar í s. 892 0160 karl@kirkjuhvoll.is

Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyfingin hefur um árabíl selt sígræna eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga

Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrénu eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar segir sveppi og fúa í húsi sínu:

Vilja nýtt 633 milljóna klúbbhús

ÍPRÓTTIR „Núverandi klúbbhús sem upphaflega var söluskáli á Selfossi er löngu sprungið,“ segir í bréfi Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar til sveitarfélaganna þar sem leitað er eftir fjárstyrkjum til að hefja hönnun nýs klúbbhúss.

Ætlun GKG er að byggja 1.188 fermetra hús. Áætlaður kostnaður er 633 milljónir króna. Óskað er eftir því í byrjun að Kópavogur og Garðabær leggi fram fjórar milljónir hvort sveitarfélag til að hefja hönnun og undirbúning hússins. Félagið sjálf muni leggja fram tvær milljónir. Þá er óskað eftir langtímasamningi um fjármögnun heildarverksins sem hefja eigi á næsta ári, á tuttugu ára afmæli klúbbsins.

Fram kemur að GKG er annar stærsti golfklúbbur landsins. Völlurinn sé samkeppnishæfur en önnur aðstaða ekki. Gólfið í klúbbhúsinu í Leirdal sé sigið, það sé fúíð og sveppir teknir að myndast. „Þannig að nú brennur á að taka ákvörðun,“ segir klúbburinn.



INNANDYRA Í HÚSI GKG Allt er snyrtilegt á yfirborðinu en undir niðri leynist fúí.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BARNADAGAR 20% AFSLÁTTUR

af öllum leikföngum, barnafatnaði og barnaskóm
7. - 10. nóvember



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BARNAFATNAÐI



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BARNASKÓM



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
LEIKFÖNGUM



NIKKO
RADIO CONTROL



24
Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tekinn í notkun á næsta ári:
Samið um afnot sæstrengs

IBNAÐUR Þriðja stærsta fjarskipta-fyrirtæki Bandaríkjanna, Century-Link, hefur samið um afnot af gagnaflutningsstrengnum Emerald Express. Emerald Networks ráðgerir að leggja nýjan streng milli Bandaríkjanna og Evrópu með tengingu við Ísland. Taka á strenginn í notkun síðla árs 2014 en hann er til þess fallinn að auka öryggi fjarskiptasambanda Íslands við umheiminn, mæta eðlilegri endurnýjunarþörf núverandi sæstrengja og vera stöð fyrir gagnaver. -ebg

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún hyggist láta skattinn renna út í árslok 2015:

Orkuskatturinn er svik sem stjórnin erfði

ORKUMÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir sérstakan orkuskatt á stóriðjufyrirtækin í landinu vera svik frá fyrri ríkisstjórn sem núverandi stjórn hafi fengið í arf.

Skatturinn var lagður á til að létta undir með bágstöddum ríkissjóði árið 2009, með samkomulagi við stóriðjufyrirtækin, og átti að gilda til ársins 2012.

Fyrri ríkisstjórn ákvað hins vegar að framlengja skattinn til ársins 2015 og gagnrýndu bæði

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni það harðlega á sínum tíma. En þó er gert ráð fyrir skattinum í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár.

„Það sem við gagnrýndum er loforðið til stóriðjufyrirtækjanna um að skatturinn væri einungis tímabundinn, sem var síðan svikið af fyrri ríkisstjórn,“ segir Bjarni.

Hann segir að í fjárlagafrumvarpinu birtist forgangsröðun ríkisstjórnar í skattamálum sem hægt sé að hrinda í framkvæmd



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

í ljósi stöðunnar í ríkisfjármálum. „Það er ekki hægt að vinda ofan af skattaumhverfi fyrri stjórnar

„Það er ekki hægt að vinda ofan af skattaumhverfi fyrri stjórnar í einu vefangi.“

í einu vefangi en forgangsröðunin hefur verið að lækka skatta á almenning og tryggingagjöldin á fyrirtækin í landinu.“

Ríkisstjórnin hyggist hins vegar láta skattinn renna út í árslok 2015 og hafi fengið fyrir það athugasemdir og skammir frá stjórnarandstöðunni sem vilji framlengja skattinn enn frekar. „Þannig halda þau svikum áfram við stóriðjufyrirtækin í landinu,“ segir Bjarni.

- hmp



VINIR Á ÖLLUM ALDRI Krakkar í Lindaskóla tóku vel á móti leikskólabörnunum í hverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Baráttudagur gegn einelti var haldinn á landsvísu:

5.000 börn gengu gegn einelti

KÓPAVOGUR „Þetta gekk alveg ótrúlega vel. Hátt í 5.000 börn og unglingar, allt frá þriggja ára aldri og upp í 16 ára, gengu saman og báru áletruð hvatningarspjöld,“ segir Arna Schram, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar. Krakkar í Kópavogi gengu saman um bæinn í gær á baráttudegi gegn einelti.

Þetta er í þriðja sinn sem 8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti en í fyrsta sinn tóku leikskólabörn í Kópavogi þátt í átakinu. -ka

Félag atvinnurekenda:

Vilja að stjórnvöld stytti frest

VIÐSKIPTI Félag atvinnurekenda, FA, vill að stjórnvöld stytti frest sem bankar hafa til að selja fyrirtæki í óskyldum rekstri. Viðskiptablaðið greiðir frá.

Í bréfi FA til efnahags- og viðskiptanefndar er skorað á stjórnvöld að bregðast við. Einnig vill FA að lagaumhverfi verði breytt svo að tímamörk eignarhalds verði sex mánuðir í stað tólf. Einnig að ef sótt er um aukinn frest þurfi að birta nafn fyrirtækisins sem fresturinn taki til og eignarhluta fjármálaframtækisins. -skó



ALMAR GUÐMUNDSSON

Hörður Bergmann áttæður: Málþing haldið um leiðarljós

SAMFÉLAGSMÁL Í tilefni áttæðisafmælis Harðar Bergmann, rithöfundar og kennara, efna Landvernd og Alda á morgun til málþings um þjóðmálabækur Harðar og ný leiðarljós í samfélagsumræðunni.

Meðal umræðuefna verða hugvekjur Harðar um neysluhyggju og höfsemd og leiðina til betra samfélags. Þá verður fjallað um sýn hans á húsnæðiskerfið, tækniframfarir og lýðræði svo eitthvað sé nefnt.

Hörður mun sjálfur flytja lokarorð. Málþingið verður klukkan eitt í Þjóðminjasafninu. Fundar- og umræðustjórar eru Egill Helgason og Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar. -gar

Nota slor gegn hori

Klínískar rannsóknir sýna að þorskensím drepa kvefveirur og fækka veikindadögum. Íslenska líftæknifyrirtækið Zymetech hefur þróað efnablöndu sem inniheldur ensímín. Efnablöndan er seld í úðabrusum hjá einni stærstu lyfsölukeðju Svíþjóðar.

TÆKNI Íslenska líftæknifyrirtækið Zymetech hefur þróað efnablöndu þar sem ensím úr þorskinnyflum er notað til að drepa kvefveirur.

„Efnablöndan er seld í úðabrusum í verslunum Apoteket í Svíþjóð, einni stærstu lyfsölukeðju landsins, og samningar við aðra lyfsala eru í burðarliðnum,“ segir doktor Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor í matvælafræði við Háskóla Íslands og rannsóknastjóri Zymetech.

Ágústa kynnti úðabrusann og átta ára rannsóknastarf fyrirtækisins á þorskensímum á morgunfundi sem atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið og Íslenski sjávarklasinn stóðu fyrir síðastliðinn fimmtudag.

„Þetta er íslenskt hugvit sem Zymetech, sem er sextán ára gamalt fyrirtæki og hét áður Ensím-tækni, er með einkaleyfi á. Blöndunni er einfaldlega sprautað upp í munn þar sem hún myndar filmu og ensímið virkar í filmunni og eyðir kvefveirum og fækkar sýkingardögum,“ segir Ágústa.

Hún segir að klínískar rannsóknir á virkni blöndunnar hafi sýnt fram á að notkun hennar geti fækkað veikindadögum vegna kvefveira úr að meðaltali sex dögum niður í þrjá.

„Þorskensímín eru einungis um 0,1 prósent af heildarefnablöndunni. Afgangurinn er samblanda af ýmsum efnum sem hafa verið þróað til að viðhalda virkni og stöðugleika ensímanna,“ segir Ágústa.

„Blandan er markaðssett af samstarfsaðilum okkar í Svíþjóð. Hér á landi er hvorki næg þekking né fjármagn fyrir hendi þegar kemur að markaðssetningu líflækningatækja og markaðsaðgangur ekki sambærilegur við það sem þekktist í Svíþjóð. En við eigum einkaleyfið og hugverkaréttinn og getum selt



KYNNTI BLÖNDUNA Doktor Ágústa Guðmundsdóttir segir sænska lyfsala sýna úðanum mikinn áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Teflt um háar upphæðir í sjávarútvegi

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 90,3 milljörðum króna á fyrstu sjö mánuðum ársins 2013 samanborið við 95,7 milljarða á sama tímabili 2012, að því er fram kemur í gögnum Hagstofu Íslands. Aflaverðmæti hefur því dregist saman um tæplega 5,4 milljarða króna, eða 5,6 prósent, á milli ára. Verðmæti þorskafla var um 27,7 milljarðar og dróst saman um átta prósent milli ára.



SÁ GULI Til mikils er að vinna ef hægt er að auka verðmæti sem unnin eru úr sjávarfangi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sambærilegar vörur hér á landi eða annars staðar.“

Spurð hvenær úðinn verði fáanlegur hérlandis segir Rannveig að það sé enn óljóst.

„Það er verið að vinna í því og ég vonast til þess að það verði fljótlega.“

haraldur@frettabladid.is

„Blöndunni er einfaldlega sprautað upp í munn þar sem hún myndar filmu og ensímið virkar í filmunni og eyðir kvefveirum.“

Dr. Ágústa Guðmundsdóttir prófessor í matvælafræði.

KONFEKTNÁMSKEIÐ MEÐ HALLDÓRI BAKARA OG KONDITOR

Þátttakendur eru leiddir inn í leyndardóminn um hvernig á að búa til dýrindis konfekt. Hver og einn býr til sína mola úr súkkulaði frá Nóa Sírius. Farið verður í gerð fyllinga og meðhöndlun á súkkulaði og afrakstur námskeiðisins er tekinn með heim.

STAÐUR Námskeiðin eru haldin í Hagkaup Smáralind nema 18. nóv. er haldið í Sal Rauða krossins, Viðjulundi 2, Akureyri

TÍMI 18:00-20:00 nema á Akureyri 20:15-22:15.

SKRÁNING skoli@hagkaup.is eða í síma 563 5066

VERÐ 3.990,- (greitt á staðnum)
2.990,- fyrir krakka (greitt á staðnum)



Þriðjudagur 12. nóv. - Krakkanámskeið - **1 sæti laust**
Miðvikudagur 13. nóv. - Krakkanámskeið - fullt
Mánudagur 18. nóv. - AKUREYRI - fullt
Þriðjudagur 19. nóv. - fullt
Miðvikudagur 20. nóv. - fullt
Fimmtudagur 21. nóv. - **laust**
Þriðjudagur 26. nóv. - **laust**
Miðvikudagur 27. nóv. - **laust**
Fimmtudagur 28. nóv. - **5 sæti laus**
Þriðjudagur 3. des. - **1 sæti laust**
Fimmtudagur 5. des. - fullt



Matreiðsluskóli Hagkaups

HAGKAUP
Ein færð betra verð



Reitir varðveita ásýnd og sögu borgarinnar

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum. Með vönduðu viðhaldi á eignum varðveitum við sögu borgarinnar, gefum henni fallega ásýnd og sköpum um leið góðan vinnustað fyrir þig og þína.

REITIR

Velkomin til starfa

Innanríkisráðuneyti og PFS: Undirrituðu nýjan samning

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðherra og forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar hafa skrifað undir nýjan árangursstjórnunarsamning. Helstu áherslur snúa að innleiðingu markmiða sem sett voru fram í fyrri í fjarskiptaáætlun.

Hæst ber markmið um aðgengi að háhraða fjarskiptaþjónustu, uppbyggingu og endurnýjun fjarskiptainnvíða, hagkvæmt verð á fjarskiptaþjónustu til neytenda og netöryggismál. Samningurinn er til fjögurra ára.

Boðar kærur á bæjarstjóra Kópavogs vegna skorts á upplýsingum um verk sviðsstjóra sem nú er hættur: Fyrirverandi bæjarstjóri aftur á biðlaunum

KÓPAVOGSBÆR „Berist svar ekki frá bæjarstjóra á næsta fundi bæjararráðs mun undirrituð leggja fram kærur til innanríkisráðuneytisins,“ segir í bókun Guðríðar Arnardóttur, bæjarfulltrúa í Kópavogi, sem ítrekað hefur óskað skýringa á störfum sviðsstjóra hjá bænum.

Um er að ræða stöðu sviðsstjóra sérstakra verkefna sem Guðrún Pálsdóttir, fyrirverandi bæjarstjóri, tók við eftir að hún sneri aftur til starfa hjá bænum eftir að hafa verið á biðlaunum í kjölfar þess að hún lét

af starfi bæjarstjóra. Guðrún vill fá að vita hver hafi verið ávinningur þess að stofna umrædda stöðu og hver kostnaðurinn af því hafi verið fyrir bæjarsjóð.

Segist Guðrún minna Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóra á að sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins beri honum að svara fyrirspurnum kjörinna fulltrúa. Ekki verði annað séð en bæjarstjórnin brjóti lög með „þögn sinni og aðgerðarleysi“.

Starf umrædds sviðsstjóra var

lagt niður 22. október síðastliðinn. Í svari sem bærinn sendi Kópavogsblaðinu kemur fram að Guðrún eigi rétt á tólf mánaða biðlaunum. Sparnaðurinn af breytingunni komi fram af „fullum þunga“ að þeim tíma loknum. Mánaðarlaun Guðrúnar eru um 1,1 milljón króna.

-gar

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR
Bæjarfulltrúi Samfylkingar kveður bæjarstjóra skylt að svara fyrirspurnum kjörinna fulltrúa.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Sjóðfélagafundur

13. nóvember 2013

Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn miðvikudaginn 13. nóvember nk. kl. 17 á Grand Hótel, Reykjavík.

Kynnt verður staða og starfsemi sjóðsins auk kynningar á nýjum vef lífeyrissjóðanna, Lífeyrisgáttinni, lifeyrisgattin.is þar sem sjóðfélagar geta nálgast upplýsingar um öll sín réttindi í samtryggingarlífeyrissjóðum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



TÍMINN STYTTIST Kjarasamningar eru stutt á veg komnir þrátt fyrir að einungis þrjár vikur séu þangað til samningar á almenna markaðnum renna út.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tíminn til samninga er að fjara út

Verkalýðsforingi er svartýnn á að samningar náist fyrir mánaðamót. Samtök atvinnulífsins telja að hægt verði að semja ef menn nota tímann vel. Ríkisstjórnin hefur ekki enn kynnt hvað hún hefur uppi í erminni.

KJARAMÁL „Ég er ekki vongóður um að samningar takist fyrir mánaðamót. Enn er mjög margt óljóst varðandi kjarasamningagerðina,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs og sjómannafélags Keflavíkur.

Kjarasamningar á almenna markaðnum renna sitt skeið á enda í lok mánaðarins. Ýmislegt hefur orðið til að tefja samningagerðina, fyrst var það fjárlagafrumvarpið sem var lagt fram í byrjun október en ekki í september.

Þá bíða aðilar vinnumarkaðarins eftir svörum frá ríkisstjórninni um hvornig hún hyggist haga stjórn ríkisfjármála á næstu misserum.

Í fyrradag var samninganefnd Alþýðusambandsins boðuð á fund ríkisstjórnarinnar. Í gær fundaði ráðherrahópur um kjaramál. Forsætisráðherra vildi ekki gefa upp að hvaða niðurstöðu ráðherrarnir hefðu komist á fundinum. Hann sagði að aðilum vinnumarkaðarins yrði kynnt málið fyrst. Þeir hafa ekki enn verið boðaðir á fund svo enn bíða menn svara frá stjórnvöldum.

Þorsteinn Víglundsson, fram-

kvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að samtökin hafi ekki verið boðuð til formlegs fundar með ráðherrum stjórnarinnar.

Þorsteinn tekur undir með Kristjáni að tíminn sé að renna mönnum úr greipum.

„Ef menn nýta tímann vel á að vera hægt að ganga frá nýjum kjarasamningi fyrir mánaðamót,“ segir hann.

Eiginlegar kjaraviðræður eru ekki hafnar, en Kristján vonast til að þær hefjist í næstu viku.

Þeir einu sem hafa lagt fram formlega kröfugerð eru 16 félag innan Starfsgreinasambandsins sem eru í samfloti í samningsgerðinni. Kristján segir að Flóabandalagið, það er Hlíf í Hafnarfirði, Efling í Reykjavík og Verkalýðs- og sjómannaafélag Hafnarfjarðar hafi ekki lagt fram niðurneglda kröfugerð í krónum og prósentum.

Hann segir að það sé himinn og haf milli væntinga fólks um kauphækkanir og þess sem vinnuveitendur séu tilbúnir að semja um. „Ég tel að mestu kjarabæturnar séu að lækka skatta og hækka persónuafslátt,“ segir Kristján.

johanna@frettabladid.is



„Ég tel að mestu kjarabæturnar séu að lækka skatta og hækka persónuafslátt.“

Kristján Gunnarsson.



„Ef menn nýta tímann vel á að vera hægt að ganga frá nýjum kjarasamningi fyrir mánaðamót.“

Þorsteinn Víglundsson.

Sætar franskar frá McCain

McCain eru ómótstæðilega af A-vítamíni. Þú skellir þeim í

OPINN FRÆÐSLUFUNDUR UM FYRSTU KAUP



Breki Karlsson
forstöðumaður Stofnunar
um fjármálalæsi

HVITA HUBBÓLA 13-1019



Marta Sólveig Björnsdóttir
fjármálaráðgjafi

FYRSTU ÍBÚÐARKAUPIN ERU STÆRSTA SKREFIÐ

Arion banki býður öllum sem eru í fasteignakaupahugleiðingum eða vilja fræðast um þá kosti sem eru í boði á opinn fræðslufund í Arion banka Borgartúni 19, mánudaginn 11. nóvember kl. 17.

- 17.00 Fundur settur**
- 17.05 Breki Karlsson**, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, ber m.a. saman ólík lánaform, t.d. verðtryggð og óverðtryggð lán.
- 17.35 Marta Sólveig Björnsdóttir**, fjármálaráðgjafi í Höfðaútbúi Arion banka, fer yfir ferlið við kaup á fyrstu íbúð og ýmislegt sem mikilvægt er að hafa í huga.
- 18.00 Fjármálaráðgjafar** svara spurningum og veita ítarlega ráðgjöf um þá lánamöguleika sem bankinn býður.
- 18.15 Fundi slitið**

Allir velkomnir.

Ef þú átt ekki kost að koma á fundinn eru fjármálaráðgjafar okkar reiðubúnir að aðstoða í næsta útibúi Arion banka.

 [Skráning á arionbanki.is](https://arionbanki.is)



BRÉFIÐ AFHENT Akihito keisari tapaði ekki ró sinni, en keisaraynjunni virtist ekki standa álveg á sama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmaður gerðist djarfur:

Uppnám vegna bréfs til keisara

JAPAN, AP Ungur japanskur þingmaður gerðist nýverið svo djarfur að afhenda keisara landsins bréf. Þetta er einsdæmi í sögu Japans og þykir gjörsamlega óviðeigandi.

Þingmaðurinn, sem sagður er harla kappsfullur í starfi sínu, ákvað að grípa til þessa ráðs til að vekja athygli á hættunni sem enn stafar af hinu ónýta kjarnorkuveri í Fukushima.

Myndbandsupptaka af atburðinum hefur verið sýnd aftur og aftur í japönsku sjónvarpi. - gb

Viðskiptablaðið fær dóm:

Ummælin voru ærumeiðandi

DÓMSMÁL Björgvin Guðmundsson, ritstjóri Viðskiptablaðsins, þarf að greiða Pétri Gunnlaugssyni, útvarpsmanni á Útvarpi Sögu, 200 þúsund krónur vegna ummæla sem birtust í blaðinu. Ummælin, sem Hæstiréttur segir hafa verið til að valda Pétri álitshnekki og hefðu því verið ærumeiðandi, voru dæmd ómerk. Ekki var fallist á kröfu Péturs um að Björgvini yrði gert að sæta refsingu. - fbj

Leitin að sökudólgi er hafin fyrir alvöru

Rannsókn á líkamsleifum Jassers Arafat sýnir að geislavirka efnið pólon var í líkama hans þegar hann lést árið 2004. Ekki er vitað hvernig eitrið komst þangað, en grunur um að hann hafi verið myrtur verður vart kveðinn niður úr þessu.

ÍSRAEL Fyrstu opinberu viðbrögð Palestínumanna við rannsókn á líkamsleifum Jassers Arafat komu frá Tavfik Tiravi, sem stjórnar rannsókn Palestínustjórnar á málinu.

Hann vildi ekki fullyrða að pólon-eitrun hefði dregið Arafat til dauða, þótt rannsókn svissneskra vísindamanna sýndi að hættulega mikið magn af geislavirka efninu pólon hefði verið í líkama hans.

Hins vegar fór Tiravi ekki dult með þá skoðun sína, að grunur beindist nú eingöngu að Ísraelum. „Það skiptir ekki máli hér hvort ég segi að hann hafi verið myrtur með póloni,“ sagði Tiravi á blaðamannafundi í morgun. „En ég segi, með hliðsjón af öllum þeim smáatriðum sem liggja fyrir um dauða Arafats, að hann hafi verið myrtur og að Ísrael myrti hann.“

Ísraelsstjórn hefur neitað því að hafa átt nokkurn þátt í dauða Arafats. Ísraelum hafi tekist að einangra Arafat pólitískt og ekki haft neina ástæðu til að ráða hann af dögum. „Leyfið mér að segja það með eins einföldum hætti og mér er unnt: Ísraelsmenn urðu Arafat ekki að bana,“ sagði Jigal Palmor, talsmaður ísraelska utanríkisráðuneytisins. „Palestínumenn ættu að hætta þessari vitleysu og hætta að koma með þessar tilhæfuleisu ásakani.“



SAKAR ÍSRAELA UM MORÐ Tavfik Tiravi sem stjórnar rannsókn á láti Arafats á blaðamannafundi í Ramallah í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Skyndileg veikindi Arafats og andlát

Jasser Arafat, leiðtogi Palestínumanna til áratuga, hafði verið við góða heilsu þegar hann veiktist skyndilega að kvöldi 12. október árið 2004. Hann snæddi kvöldverð að venju í húsaáráttum sínum í Ramallah á Vesturbakkanum, en þar hafði hann verið einangraður árum saman vegna umsáturs Ísraels hers.

Um fjórum tímum eftir að hann hafði matast tók hann að finna til ógleði og magaverkja. Hann kastaði upp og fékk niðurgang. Ástandið lagaðist ekkert næstu vikurnar. Rúmlega tveimur vikum eftir að hann veiktist var hann fluttur með þyrlu til Jórdaníu og þaðan var flogið með hann til Frakklands þar sem hann var lagður inn á hersjúkrahús. Þar kom í ljós að hann var kominn með alvarlegan blóðsjúkdóm, sem læknum tókst ekki að ná tökum á. 8. nóvember fékk hann heilablóðfall og lést 11. nóvember.

Í skýrslu svissnesku vísindamanna er ekki fullýrt afdráttarlaust að pólon-eitrunin hafi dregið Arafat til dauða, en niðurstöður rannsóknarinnar eru engu að síður sagðar benda til þess.

Ekkert er síðan fullýrt um það hvernig pólonið komst í líkama hans, enda níu ár liðin frá því Arafat var jarðsettur. Leitin að sökudólgi er hins vegar rétt að hefjast. gudsteinn@frettabladid.is

Coca-Cola í Mexíkó breytist: Enginn hvítur sykur í kókinu

VIÐSKIPTI Framleiðendur Coca-Cola í Mexíkó hafa ákveðið að hætta að nota sykurreyr í kók þar í landi og munu framvegis nota maíssykur í staðinn. Ástæðan fyrir breytingunni er sú að yfirvöld í Mexíkó hafa ákveðið að setja sykurskatt á gosdrykki. Er það gert í tilraunaskyni til þess að bregðast við offitu í Mexíkó en nýlegar rannsóknir sýna að yfir 70% þjóðarinnar séu of feit. Þórólfur Sveinn Sveinsson, yfirmaður rannsóknarstofu Vífilfells í Reykjavík, segir að hvítur sykur sé notaður í framleiðslu kóks hér á landi og ekki standi til að skipta yfir í maíssykur. - ka

SAFT kannar einelti barna:

Upplýsa ekki um eineltið

FÉLAGSMÁL Börn upplýsa foreldra sína ekki um einelti sem þau verða fyrir á netinu, að því er fram kemur í nýrri könnun Samfélags, fjölskyldu og tækni (SAFT).

Börn eru líklegri til að verða fyrir einelti í skólum en á netinu en rúmlega 19% barna sem tóku þátt í könnuninni sögðust hafa orðið fyrir einelti í skóla. 9% sögðust hafa orðið fyrir einelti á netinu á síðustu 12 mánuðum.

Rétt rúmlega 5% barna og unglunga sögðust hafa orðið fyrir einelti í gegnum farsíma, þeim verið strítt eða áreitt, ógnað eða skilin útundan. Algengast er að börn verði fyrir einelti í gegnum samskiptasiður. - ka

3,5 L/100 KM FJÖLSKYLDUBÍLL MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL

M.V. BLANDAÐAN AKSTUR



RENAULT MEGANE SPORT TOURER



VERÐ: **3.590.000 KR.** BEINSKIPTUR
VERÐ: 3.890.000 KR. SJÁLFSKIPTUR

KOMDU Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Vertu velkomin(n) í kaffi og reynsluakstur. Eftir að hafa reynsluakið Renault veistu hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bíllinn sem hentar þér – Sjáumst!

EYÐSLA FRÁ 3,5 L/100* KM DÍSIL VERÐ FRÁ 3.590.000

P FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BOSCH

Öllum nýjum Bosch kæliskápum fylgir Hagkaups-gjafabréf að verðmæti 35.000 kr.

Gildir aðeins í þrjá daga, 7. til og með 9. nóvember.



BOSCH

- BÚÐIN -



❖

Hhaustfundur Landsvirkjunar

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Á haustfundinum þann 13. nóvember verður opin umræða um hvernig við getum best staðið undir því hlutverki í breyttu umhverfi.

Hver er framtíð íslenskrar orku?

Landsvirkjun hefur verið leiðandi í uppbyggingu íslenska raforkukerfisins og byggt upp öflugan raforkubúskap í farsælu samstarfi við viðskiptavinum okkar í tæpa hálfu öld. Á þeim trausta grunni viljum við byggja.

Aukin eftirspurn

Landslag orkumála í heiminum er gjörbreytt og orkuverð fer hækkandi. Margar þjóðir telja orkuöryggi sínu ógnað og mengun er vaxandi vandamál. Samkeppni í raforkuframleiðslu og opnun raforkumarkaða milli landa hefur leitt af sér nýjar áskoranir og tækifæri. Vatnsorka

sem er bæði endurnýjanleg og stýranleg er orðin eftirsóttari en nokkru sinni fyrr. Á sama tíma vinna Íslendingar mesta raforku í heiminum miðað við íbúafjölda.

Ný tækifæri fyrir Ísland

Í þessu nýja umhverfi felast tækifæri fyrir þjóðina. Það er stefna Landsvirkjunar að byggja upp stærri og fjölbreyttari hóp viðskiptavina og viðræður okkar staðfesta að fjölmörg iðnfyrirtæki eru áhugasöm um rekstur hér á landi þrátt fyrir erfitt efnahagsástand í heiminum.


Opin umræða um stór mál

Staða Íslands er því um margt eftirsóknarverð og þau miklu verðmæti sem í orkunni búa geta bætt lífsskjör á Íslandi ef vel er á málum haldið. Hvers vegna er raforka verðmæt vara? Af hverju ættum við að auka raforkuframleiðslu? Hvernig tryggjum við samkeppnishæft rekstrarumhverfi iðnaðar á Íslandi? Hverjir eru kostir og gallar sæstrengs? Hvernig gætum við hagsmuna Íslands? Við teljum mikilvægt að sem breiðust sátt ríki um þessi stóru mál og köllum eftir opinni umræðu um þá kosti sem nú eru að opnast.

Verið velkomin á haustfund Landsvirkjunar í Hörpu þann 13. nóvember kl. 14.

❖

Nánari upplýsingar, skráning og bein útsending á landsvirkjun.is.



Fossinn Hverfandi við Háslón

Starfsmaður á lager

Jötunn Vélar óskar eftir að ráða starfsmann á varahluta- og rekstrarvörulager á Selfossi. Um spennandi og krefjandi starf er að ræða.

Starfssvið:

- Almenn lagerstörf
- Umsjón og ábyrgð á vörumóttöku
- Tiltekt á vörum til starfsstöðva og viðskiptavina

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýttist í starfi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum



Umsóknarfrestur er til 22. nóvember nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðin að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á netfangið gudmundur@jotunn.is. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Þór Guðjónsson fjármálastjóri í síma 480 0400.

Jötunn Vélar er framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði, grænum svæðum og jarðvinnuverktökum. Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og hraðvirka þjónustu. Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið er innflytjandi að eru: Massey Ferguson, Valtra, Pöttinger, Schaffer og McHale. Auk þess er varahlutaþjónusta við önnur vörumerki ört vaxandi. Má þar nefna New Holland, Zetor, Case, Steyr, Fendt, Terex, JCB, Ford. Jötunn Vélar eru með starfsstöðvar á Selfossi og Akureyri og mun Reykjavík bætast í hópinn innan skamms. Hjá fyrirtækinu starfa 27 manns.



Austurvegur 69 - 800 Selfossi | Lönsbaki - 601 Akureyri | Reykjavík
Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is

www.jotunn.is

BIRTING LÝSINGAR

Útgefandi: SRE fjármögnun 1, kennitala 701012-9920, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

SRE fjármögnun 1, fagfjárfestastjóður, hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 8. nóvember 2013 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og gefin út rafrænt og birt á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin er á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Skuldabréfin eru gefin út af SRE fjármögnun 1 sem er fagfjárfestastjóður rekinn af Stefni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefina skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 1.250.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er SREFB 12 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000022283. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 1 kr. að nafnverði. Tilgangurinn með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagæringa, útgefna af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um SRE fjármögnun 1 og skuldabréfaflokkinn SREFB 12 1 má finna í lýsingu sjóðsins. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestinga-bankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 8. nóvember 2013

Stjórn Stefnis hf.



Í RÚST Hús verður fellibylnum að bráð í borginni Legazpi.



BRUGÐIST VIÐ VIÐVÖRUNUM VEÐURFRÆÐINGA Íbúar í Albay-héraði, undir hlíðum Mayon-eldfjallsins, forðuðu sér í tæka tíð á fimmtudag.



STADAN TEKIN Í lemjandi hvassviðri við höfnina á eyjunni Bacalod í morgun.

Varð einn öflugasti fellibylur sögunnar

Fellibylurinn Haiyan gerði mikinn usla á Filippseyjum í gær. Veðurfræðingar segja hann vera stærsta fellibyl sem farið hefur inn yfir land til þessa.

FILIPPSEYJAR, AP Fellibylurinn Haiyan fór hratt yfir á Filippseyjum í gær og gerði þar mikinn usla. Hann kom á land á austanverðum eyjaklasanum á fimmtudagskvöld, fór vestur yfir miðju klasans og stefnir nú yfir Suður-Kínahaf í áttina til Víetnams.

Krafturinn er að nokkru dottinn úr honum, en hann telst þó enn hættulegur.

Aurskriður féllu víða á Filippseyjum þar sem hann fór yfir, tré rifnuðu upp með rótum og fjölmörg hús eyðilögðust eða hurfu hreinlega. Rafmagn fór af stórum svæðum og þar með varð síma- og netsamandslaust.

Vitað er um fjögur dauðsföll af völdum fellibylsins, en óttast er að mun fleiri hafi látið lífið. Samskiptaleysið gerði það að verkum að erfitt var að fá fréttir af vettvangi. Verst urðu strandhéroðin úti, enda fylgdi bylnum mikill öldugangur og úrhellisrigning með flóðum.

Meira en 700 þúsund manns höfðu yfirgefið heimili sín áður en hamfarirnar hófust. gudsteinn@frettabladid.is



LEITAR SKJÓLS Móðir heldur ásamt tveimur börnum sínum í bráðabirgðaskýli í borginni Cebu, þar sem úrhellisrigning og hvassviðri hefur dunið á íbúum.

NORDICPHOTOS/AF



MEÐ VINDINN Í BAKIÐ Á hlaupum framhjá trjám, sem rifnuðu upp með rótum í borginni Cebu.



Kuldi framundan!

60%

afsláttur

Af öllum útjökkum
frökkum og
stökum jökkum!

40-60%

afsláttur

Af öllum öðrum vörum!

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...



BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK · NY

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Svik, ósvífni og hræddir útlendir fjárfestar:

Orðheldna stjórnin

Ein ástæðan fyrir því að Íslendingar bera lítið traust til stjórnmalámana er hvað þeir eru stundum gjörsamlega ósammála sjálfum sér. Það er furðulega algengt að menn gangi af göflunum í stjórnarandstöðu yfir athæfi sem þeir sjá svo ekkert athugasvert við þegar þeir eru komnir í stjórn – og reyndar öfugt líka.

Ljómandi gott dæmi um þetta birtist á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Núverandi ríkisstjórn hyggst halda sig við það að innheimta sérstakan raforuskatt af stóriðjufyrirtækjum, sem á að skila 1,7 milljörðum í ríkiskassann á næsta ári.

Skatturinn var settur á samkvæmt samkomulagi stóriðjufyrirtækjanna og fyrri ríkisstjórnar árið 2009 og átti þá að vera tímabundinn til þriggja ára. Árið 2010 fór Tinto Alcan, eigandi álversins í Straumsvík, fram á að Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra staðfesti skriflega að samkomulagið héldi og skatturinn rynni út. Sú yfirlýsing var ein forsenda þess að Rio Tinto Alcan réðst í 60 milljarða króna fjárfestingarverkefni í Straumsvík, það stærsta eftir hrún.

Svo sveik vinstristjórnin samkomulagið og framlengdi skattinn til ársins 2015. Viðbrögð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Bjarna Benediktssonar við þeirri ákvörðun voru rifjuð upp í Fréttablaðinu í gær. Sigmundur forsætisráðherra sagði meðal annars, þegar Jóhanna Sigurðardóttir, forveri hans, hafði reynt að réttlæta ákvörðunina: „Þessir útúrtnúningar eru náttúrlega svo ósvífni og grófir að þeir eru til þess fallnir að hræða hvern þann sem hefur verið að velta fyrir sér að fjárfesta í atvinnuuppbyggingu á Íslandi frá því. Vonandi verður skaðinn ekki langvarandi, vonandi tekst nýrri ríkisstjórn fljótt að sýna fram á að hún haldi loforð og samninga betur en sú sem ég vona að fari frá næsta vor.“

Bjarni fjármálaráðherra sagði: „Svikin loforð á borð við þetta eru, ásamt öðru, til þess fallin að fæla menn frá því að koma með fjármagn til Íslands.“

Báðir höfðu þessir heiðursmenn rétt fyrir sér. Þegar þeir voru sjálfir komnir í stjórn ákváðu þeir þrátt fyrir stóru orðin að breyta ekki lögum, heldur láta raforuskattinn gilda til 2015. Það eru afskaplega aum svör hjá Bjarna í Fréttablaðinu í dag að stjórnin hafi fengið svikin í arf, þau hafi þegar átt sér stað. Að sjálfsgöðu gæti hann beitt sér fyrir því að lögnum yrði breytt og skatturinn rynni út í lok þessa árs, í stað þess að gilda tvö ár enn. En hann hefur vantað peninga í kassann og ætti þá kannski bara að segja hreint út að hann hafi tekið skatttekjur strax fram yfir hugsanlegan ávinning af erlendum fjárfestingum í framtíðinni.

Það er hins vegar rétt hjá Bjarna að núverandi stjórnarandstaða hefur gagnrýnt að skatturinn eigi að renna út 2015, þrátt fyrir að hafa sjálf lofað því upphaflega að hann ætti bara að gilda til 2012. Við getum rétt ímyndað okkur svívirðingarnar um að byrðunum væri létt af vondu kapitalistunum, hefði núverandi stjórn ákveðið að afnema skattinn. Það hefði orðið endurómur af skömmunum út af auðlegðarskattinum, sem gamla stjórnin var reyndar sjálf búin að lýsa yfir að yrði ekki framlengdur.

Við skulum hins vegar gera ráð fyrir að með allri þessari vitleysu – hverju íslenskir stjórnmalámennt lofa og hvað þeir svíkja, hvað þeir segja fyrir kosningar og hvað eftir kosningar og hvað þeir tala og hvað þeir gera – fylgist erlendir fjárfestar. Og jú, það er rétt hjá Sigmundi Davíð að þeir hljóta að vera hræddir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRNAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

„Örugg tjáning - Betri samskipti“

Allir finna einhvern tíma til óöryggis og sviðsskrekks en **Sirry mun benda á leiðir sem hjálpa okkur til að líða betur í þessum aðstæðum.**

Fræðslunámskeið í Heilsuborg
14.nóv frá kl. 20:00-22:00

- Hvetjandi fyrirlestur og happdrættisvinnur
- Gefðu þér uppbyggilega og líflega kvöldstund
- Frjáls aðgangur að tækjasal Heilsuborgar í eina viku
- Bækur Sirryjar á sérstöku tilboðs verði þetta kvöld
- Verð aðeins kr. 3.500.-



Í þetta eina skipti á árinu

Sirry er félags- og fjölmiðlafræðingur og hefur áralanga og farsæla reynslu af námskeiðahaldi í samskiptafærni.

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Ævintýramennska

Utanríkisráðherra sagði nýlega í viðtali við Bloomberg-fréttastofuna frá þeirri heitu ósk sinni að Ísland gengi aldrei í Evrópusambandið. Í stað þess lýsti hann áformum um að efla samvinnu við Kína. Þessi yfirlýsing er í góðu samræmi við stjórnsáttmálann. Þar er leitast samvinnna hvergi nefnd þó að hún hafi verið kjölfestan í utanríkispolítík landsins í áratugi.

Að sönnu eru engin áform um að hrófla við stöðu Íslands í Atlantshafsbandalaginu og á innri markaðnum. Önnur álykt-



un verður þó ekki dregin en að leggja eigi ríkari áherslu á að bindast Kína en að rækta og dýpka vestrænt samstarf. Þessi ásetningur að leita nýrra bandamanna í austurvegi hefur sætt harðri gagnrýni samherja utanríkisráðherrans í andstöðunni við Evrópusambandsaðild á fréttavefnum Evrópuvaktinni. Þar eru Kínaáformin sögð vera ævintýramennska

sem brýnt sé að stöðva líkt og aðildarumsóknina. Þau eru enn fremur sögð sanna nauðsyn þess að utanríkisþjónustan og nánasta ráðgjafalið utanríkisráðherra hafi jarðsamband þegar fjallað er um stöðu Íslands í umheiminum.

Furðu sætir að slík gagnrýni skuli ekki hafa verið rædd á Alþingi. Þar hefur þó verið stofnað til umræðna af minna tilefni en því að litid sé svo á að ævintýramennska ráði því striki sem siglt er eftir í leit að nýjum bandamönnum í alþjóðlegri samvinnu.

Raunsæi utanríkisráðherra

Hvað sem líður réttmæti þeirrar gagnrýni sem stuðningsmenn utanríkisráðherrans í Evrópuandstöðunni hafa beint að honum verður ekki fram hjá því litid að í afstöðu hans birtist ákveðið raunsæi sem margir loka augunum fyrir. Tvennt þarf að hafa í huga í því sambandi.

Eitt er að til þess að bæta samkeppnisstöðu landsins þarf að stíga ný skref í alþjóðasamvinnu. Öbreytt staða þýðir að vaxtar-möguleikar í útflutningi verða þrengri en ella. Annað er að litlar líkur eru á að unnt verði að aflétta gjaldeyrishöftum nema í alþjóðlegri samvinnu.

Ætla má að utanríkisráðherra sjái þetta. Hann hefur hins vegar girt fyrir að ganga megi lengra í Evrópusamstarfinu. Þá hafnar hann þeim möguleika að tengjast væntanlegum friverslunarsamningi Bandaríkjanna og Evrópu eftir þeirri leið sem beinast liggur við. Jafnframt lagði flokkur hans til á síðasta kjörtímabili að samstarfinu við Alþjóðagjaldryssjóðinn yrði slitið. Ekki er því líklegt að þangað verði leitað eftir aðstoð við að aflétta höftum.

Þegar þannig er búið að loka öllum leiðum á grundvelli þess alþjóðlega samstarfs sem Ísland hefur byggt á fram til þessa eru góð ráð dýr. Fátt annað er þá til

ráða en að ganga í smiðju til forseta Íslands og fylgja hugmyndum hans um nánara samstarf við Kína og Inland í stað Evrópu og Bandaríkjanna.

Utanríkisráðherra hefur ekki rökrætt hér á heimavettvangi þá skýru kosti sem fyrir hendi eru í þessu efni. En þegar hann mætir erlendum blaðamönnum veit hann að ekki dugir annað en að segja hvað eigi að koma í staðinn fyrir þær leiðir sem búið er að útiloka. Hann finnur að á þeim umræðuvettvangi er óbreytt ástand ekki gilt svar. Bloombergviðtalið dregur þannig fram að við þurfum að stíga ný skref og velja milli tveggja leiða.

Óraunsæi utanríkisráðherra

Áhinn bóginn er það fullkomið óraunsæi að samkeppnisstaða Íslands styrkist með því að gera Kínverja að aðalbandamönnum í stað Evrópu og Bandaríkjanna. Samkeppnisstaða Kínverja byggir á lágu gengi gjaldmiðils þeirra og lágu launum. Til þess að bæta samkeppnisstöðu landsins á þeim markaði þarf því að rýra lífskjörin á Íslandi enn frekar. Raunverulegu fullveldi þjóðarinnar er einnig meiri hættu búin.

Evrópa og Bandaríkin ætla að bæta samkeppnisstöðu sína gagn-

vart nýmarkaðsríkjunum með frekara afnámi viðskiptahindrana til þess að komast hjá því að færa lífskjörin niður. Það er metnaðarfull leið. Engin gild rök standa til þess að fylgja ekki þeim þjóðum sem við höfum lengst af átt mest samstarf við á þeirri braut með það keppikefli að halda sambærilegum lífskjörum.

Þó að við þurfum að velja á milli tveggja kosta um bandamenn er ekki þar með sagt að markaðsstarf okkar einskordist við þá. Á fyrstu tíu árunum eftir inn-göngu Finna í Evrópusambandið

jókst útflutningur þeirra meir til ríkja utan bandalagsins en innan þess. Evrópusamstarfið er þannig öruggur og mikilvægur stökkpallur inn á ný markaðssvæði.

Kínaleiðangri utanríkisráðherra er rétt lýst sem ævintýramennsku. En hitt er líka háskaleikur að hafna dýpri og nánari samvinnu við Evrópu og þrengja með því möguleika á þátttöku í friverslunarviðræðunum við Bandaríkin; svo ekki sé talað um möguleikana á að taka upp mynt sem er gjaldgeng á frjálsum markaði.

habitat



NÝI HABITAT
VÖRULISTINN
ER KOMINN
- SÆKTU ÞITT
EINTAK!

30%

AF ÖLLUM UMBRA VÖRUM Í DAG OG UM HELGINA



LUNA myndarammi
7.840 kr.

SWINGO
ruslafata
2.030 kr.



habitat



WALLFLOWER
veggskraut
4.130 kr.

why

MANTRA - WHY WAIT
veggskraut
2.450 kr.

wait?



BLACK TIE
frá Umbra
1.820 kr.

*do what
you love
love what
you do*

MANTRA veggskraut
4.690 kr.



BOHO klútahengi
2.765 kr.



MOTTO myndarammi
6.860 kr.

SUNFLOWER skartstandur
4.095 kr.



SCRIBE snagi
5.250 kr.



LINGUA veggklukka
8.680 kr.

CHRYSALIS veggskraut
2.450 kr.



CONCEAL ósýnilega hillan
Lítill 2.030 kr.
Stór 2.730 kr.

MEMO minnisþjald
4.340 kr.



ATH! Öll birt verð eru tilboðsverð.

IMELDA skóhilla frá Umbra
5.460 kr.



TEKK COMPANY

Gerum hús að heimili | TEKK COMPANY og HABITAT | Kaupúni | Sími 564 4400
Opð mánudega til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13-18

Vefverslun á www.tekk.is

Samsnite



20% AFSLÁTTUR AF SAMSONITE VÖRUM UM HELGINA Á SMÁRATORGI



Gildir
eingöngu hjá
A4 Smáratorgi

Gildir 9. - 10. nóvember 2013

www.a4.is

A4 Smáratorgi 1 / Kópavogi

mán-fös 9-18:30 / lau 10-18 / sun 12-18

A4

Við eigum val

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að gerðir verðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði til eins árs og að í þeim felist upphaf nýs stöðugleikatímabils þar sem áhersla verði lögð á að stilla saman strengi og væntingar allra aðila. Í kjölfarið fylgi svo samningar til lengri tíma þar sem kjarabætur og kaupmáttaraukning byggji á aukinni verðmætasköpun atvinnulífsins, útflutnings- tekjum, betri samkeppnishæfni og almennum stöðugleika í efnahagsmálum. Þessu fylgir aukin fjárfesting í atvinnulífinu, hagvöxtur og smám saman batna lífskjör almennings og nálgast að nýju þau sem best gerast í samkeppnislöndunum.

Almenningur styður þessa leið. 2/3 aðspurðra í nýrri Capacent-könnun vilja að í samningum verði lögð áhersla á stöðugt verðlag og stöðugt gengi krónunnar en minni áhersla á launahækkunir. Jafn stór hluti þjóðarinnar hefur miklar áhyggjur af verðbólgu. Kjarasamningarnir nú verða að taka mið af þessu.

Ábyrgð í verðlagsmálum

En jafnvel þótt samningsaðilar á almenna vinnumarkaðnum nái saman um þessa leið þá dugir það ekki til eitt og sér. Ein mikilvægasta

EFNAHAGSMÁL



Björgólfur Jóhannsson
formaður Samtaka atvinnulífsins

forsendan um efnahagsþróun komandi ára ræðst af fjárlögum næsta árs og því hvort tekst að ná jafnvægi í rekstri ríkisins. Því fyrr sem ríkið tekur að greiða niður skuldir, þeim mun fyrr tekst að auka útgjöld til brýnna mála. Sama á við um rekstur sveitarfélaganna. Hvorki ríki né sveitarfélög geta sótt auknið fé með skattheimtu eða gjaldskrárhækkunum til almennings og fyrirtækja með vísan til þess að bæta þurfi upp liðna verðbólgu eða sinna einstökum málum betur en áður.

Á sama hátt verða fyrirtæki á almennum markaði að taka virkan þátt í verkefnum. Þau verða að sýna ábyrgð í verðlagsmálum og takmarka launaskrið eins og kostur er. Fyrirtækin verða að sýna að þau vinni sjálf að því tryggja stöðugleikann í reynd.

Betri lífskjör

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá eigum við aðeins eina ábyrga leið til betri lífskjara. Það er að sýna hófsemi, bera virðingu fyrir viðfangsefninu og átta okkur á því að það eru engar skyndilausnir í boði.

Takist að stilla saman kjarasamninga og stjórn efnahagsmála með stöðugleika að mark-

→ Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá eigum við aðeins eina ábyrga leið til betri lífskjara.

miði munu aðstæður smám saman batna. Atvinna fólks mun aukast, kaupmáttur launa vaxa og lífskjör batna.

Íslendingar þekkja vel hvað gerist ef þessi leið er ekki valin. Þá ráða þeir ferðinni sem telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði og telja nú lag til að sækja sérstaka leiðréttingu á sínum hag. Þar geta verið á ferðinni einstök verkalýðsfélög að sækja einhvers konar launaleiðréttingu, sveitarfélög að vinna upp vísitöluhækkunir eða ríkisstofnanir að verðtryggja gjaldskrár sínar.

Afleiðingarnar verða þær að stöðugleiki næst ekki, verðbólga verður mikil, vextir verða áfram hærri en góðu hófi gegnir, fjárfesting eykst lítið og atvinna fólks sömuleiðis. Lífskjör batna minna en í nálægum löndum og innviðir samfélagsins halda áfram að ganga úr sér. Við drögumst aftur úr.

Val Samtaka atvinnulífsins er skýrt. Samtökin telja sig eiga samleið með þjóðinni um þetta val. Það er mín einlæga von að eftir viðræður samningsaðila og samráð við stjórnvöld verði þetta sameiginlegt val okkar allra.

Samkeppni er ekki niðurgreidd

Þann 28. október síðastliðinn birti Fréttablaðið á forsíðu frétt, sem unnin var upp úr ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspóstis, sem birt var fyrir rúnum tveimur mánuðum síðan.

Í umfjöllun blaðsins var m.a. rætt við Hannes Hannesson, framkvæmdastjóra Póstdreifingar, sem dreifir Fréttablaðinu og er alfarið í eigu 365 miðla, útgáfufélags Fréttablaðsins. Þar kemur fram að framkvæmdastjórinn telur að alþjónusta Íslandspóstis greiði niður samkeppnishlutann í dreifikerfi fyrirtækisins og að Íslandspóstur sé í ríkisrekinni samkeppni við einkaaðila.

Um langt skeið hefur svo borið við, að komið hafa athugasemdir við þá kostnaðargreiningu, sem Íslandspósti ber að vinna eftir, en niðurstaða hennar sýnir reiknaða afkomu sundurliðaða niður á afkomu einkaréttar, afkomu samkeppnisrekstrar innan alþjónustu og afkomu samkeppnisrekstrar utan alþjónustu. Í sumum tilvikum byggja þessar athugasemdir á misskilningi, en í öðrum tilvikum virðist vera

PÓSTUR



Brynjar Smári Rúnarsson
forstöðumaður markaðsdeildar Íslandspóstis

um hreina rangfærslu að ræða, sem beinlínis er ætlað að ala á torþryggni varðandi verðlagningu á skylduþjónustu Íslandspóstis.

Hlutverk Íslandspóstis er ekki flókið. Fyrirtækið hefur einkarétt á dreifingu áritaðra bréfa, sem eru 50 g og léttari, en á móti hefur fyrirtækið svokallaða alþjónustuskýldu. Hún felst í því að Íslandspósti ber að dreifa um allt land bréfum og pökkum allt að 20 kg, sem falla utan einkaréttardreifingar Íslandspóstis, óháð því hvort hagnaður eða tap er af þeirri þjónustu.

Hingað til hafa samkeppnisáðilar ekki séð sér hag í því að sinna þessari þjónustu nema að litlu leyti og þá aðeins á þeim svæðum þar sem hagnaðarvon er. Verulegur viðbótarkostnaður fylgir þessari skyldu sem hvílir á Íslandspósti. Samkeppnishluti pósthjónustunnar ber þannig kostnað við dreifingu, sem skylt er að sinna en eðlilegar rekstrarlegar forsendur eru ekki fyrir. Þeim kostnaði þarf hagnaður af einkarétti að standa undir, enda er það væntanlega tilgangur einkaréttarins. Falli einkaréttur ríkisins niður þarf ríkisvaldið að finna nýja tekjuöflunarleið

→ Íslandspóstur er ekki í ríkisrekinni samkeppni eins og framkvæmdastjóri Póstdreifingar heldur fram...

til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem lögboðin alþjónusta í póstdreifingu felur í sér.

Engin dæmi um beina niðurgreiðslu Íslandspóstur er ekki í ríkisrekinni samkeppni eins og framkvæmdastjóri Póstdreifingar heldur fram í forsíðufréttinni. Íslandspóstur er rekinn á einkaréttarlegum grunni fyrir sjálfsafsláðeins og Póstdreifing, en hefur einnig þá skyldu að halda uppi þjónustu um allt land, líka þar sem aðrir sjá sér ekki hag í að sinna henni. Þá skyldu tekur Íslandspóstur alvarlega eins og aðrar skyldur við eigendur sína, almenning í landinu, sem gera þá kröfu að fyrirtækið sé vel rekið og veiti góða þjónustu. Íslandspóstur vinnur nú sem fyrr að því að auka gegnsæi í kostnaðargreiningu svo auðveldara sé að glöggva sig á staðfærslu kostnaðar, en rétt er að taka fram að í áður nefndri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar er áréttað að ekki hafi komið fram neitt dæmi um „beina niðurgreiðslu einkaréttar á kostnaði vegna samkeppnisrekstrar“.

Verðlaunaáætlun til sölu

Mig langar til að tjá mig um viðskiptalífið á Íslandi í dag. Þannig er að ég starfaði lengi sem félagsráðgjafi fyrir Alzheimerssjúklinga og aðstandendur. Skrifaði bækur og greinar, kenndi mikið, stofnaði ráðgjafarstofuna Bjarmalund, fór um öll Norðurlönd margsinnis að kynna mér úrræði og stofna til sambanda.

Ég gerði einnig rannsókn um yngri Alzheimerssjúklinga á aldrinum 45-65 ára sem var kunngerð árið 2005. Sú rannsókn vakti mikla athygli á Norðurlöndum.

Árið 2008 var fyrsta keppni Innovit, nú Klak - Innovit, varðandi viðskiptaáætlanir og hreppti viðskiptaáætlun Bjarmalundar

HEILBRIGÐIS- MÁL



Hanna Lára Steinsson
félagsráðgjafi, MA, MS

um skammtímaheimili fyrir Alzheimerssjúklinga þriðju verðlaun, en yfir 100 tóku þátt. Einnig hlaut áætlunin viðurkenningar frá þáverandi félagsmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Starfsmenntaráð styrkti útgáfu kennslubókar um heilabilun sem ég notaði í kennslu til félagsliða sem starfa á hjúkrunarheimilum og í heimahúsum í samstarfi við Eflingu og Mími símenntun.

Á fundi Nýsköpunarsjóðs þann 5. nóvember var ljóst í svari Helgu Valfells að sjóðurinn styrkir ekki svo kölluð „none profit“-fyrirtæki, heldur aðeins fyrirtæki sem skila hagnaði.

Ég hef farið, ásamt Dögg Kára-

→ Svo kom hrúnið og ég býð þessa viðskiptaáætlun til sölu, þeim sem nennir að standa í því að reyna að hanga í nágrannabjórðunum.

dóttur, meðeiganda Bjarmalundar, á fund fjögurra borgarstjóra, þriggja ráðherra og allra sveitarstjóra á höfuðborgarsvæðinu. Við eyddum m.a. heilum degi með Silviu Svíadrottningu á ráðstefnu í Stokkhólmi, en móðir hennar lést úr Alzheimerssjúkdómi og hún kom á fót Silviahjemmet sem er í takt við hugmyndir okkar.

Svo kom hrúnið og ég býð þessa viðskiptaáætlun til sölu, þeim sem nennir að standa í því að reyna að hanga í nágrannabjórðunum sem eru 40 árum á undan okkur.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda laugardag og sunnudag

Helgartilboð 50% AFSLÁTTUR

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



Deep Pan Pepperoni
~~verð áður 398 kr. pk.~~
199 kr. pk.



TC Pepperoni
~~verð áður 398 kr. pk.~~
199 kr. pk.



NAMMI LAND

50% afsláttur

í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!

Iceland

HELGIN

Vigdís Másdóttir leikkona

Fylgist með krökkunum

Helgin fer að miklu leyti í að fylgjast með krökkunum í Austurbæjarskóla undirbúa sig fyrir Skrekk, en ætla að reyna að komast á danssýninguna Fetta Bretta í Þjóðleikhúsinu. Á morgun er líka planið að fara í sprikli með dóttur minni og frænku og svo er fallegi litli frændi minn að fá nafnið sitt svo að ég ætla að fagna með honum og fjölskyldunni.



Björn Bragi Arnarsson
sjónvarpsmaður

Heilög sunnudagsstund

Um helgina verð ég að skemmta á víð og dreif um borgina. Á sunnudaginn horfi ég hins vegar á mína menn í Tottenham, það er heilög stund.



Sólveig Jónsdóttir
ríthöfundur

Kíkir á kindurnar

Ég ætla í Hvalfjörðinn í sumarþústað með vinkonu- hópnum. Þústaðurinn er nánast við hliðina á bænum þar sem mamma og pabbi eiga heima þannig að ég kíkí á þau og kindurnar á morgun.



Ryan Karazija
tónlistarmaður

Heima að vinna

Ég ætla að vera heima og vinna að nýjum hugmyndum fyrir tónlistina mína.

Kosmísk dansmessa

DansAndi á Dansverkstæðinu við Skúlagötu í kvöld.

DansAndi er nafnið á fyrstu kosmísku dansmessunni á Íslandi sem verður haldin í kvöld á Dansverkstæðinu, Skúlagötu 30, klukkan 18. Dansmessa hefst með opunarathöfn og jógatíma til að undirbúa líkamann undir dansinn í umsjá Helgu Kristínar Gunnarsdóttur jógakennara í Jógastúdíó. Næst tekur við svokallað kiirtan, eða möntrusöngur og dans, leiddur áfram af Ásgeir Jól Jacobssyni úr Ananda Marga.

Þórey Viðarsdóttir jóga- og jógadanskennari í Jógastúdíó mun svo leiða jógadans, þar sem dansað er í gegnum orkustöðvar líkamans í frjálsu flæði. Tveggja klukkustunda jógarreif tekur svo við þar sem Terrordisco (Sveinbjörn Pálsson) mun sjá um að halda uppi stemningu. Kvöldið endar svo klukkan 23 með hugleiðslu og slökun.



DANSANDI Terrordisco, eða Sveinbjörn Pálsson, heldur uppi stemningu á Dansverkstæðinu í kvöld.



NEMENDUR Eyrún Birna Jónsdóttir og peysan gamla sem hún hefur endurgert og sýnir á tískusýningu Unglistar í dag. Með henni á myndinni eru samnemendur hennar, þær Jóhanna Eva Gunnarsdóttir og Anna Jakobína Arngrímsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÁRBEITT SKEMMTISAGA



ÁSTIR, SLARK OG
AGALEGIR GLÆPIR.
ÚTRÁSARVÍKINGAR
OG BALDNIR
BÆNDUR Í NÝRRI
ÍSLENDINGASÖGU.



„Launfyndin og víða
sprenglhægileg samfélags-
skoðun, uppfull af gæsku
og gamansemi ...“

PÁLL BALDVIN
BALDVINSSON



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Hanna úr draslinu

Nemendur Fataiðndeildar Tækniskólans leituðu samstarfs við Rauða kross Íslands fyrir árlega tískusýningu Unglistar, listahátíðar ungs fólks, sem fram fer í dag. Sýndar verða endurbættar flíkur auk nýrrar hönnunar nemanna.

Kjartan
Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



Víð ákváðum að bæta þessum aukalið inn í sýninguna í ár og hann virðist ætla að koma virkilega skemmtilega út. Það er svo gaman að vinna svona úr gömlum flíkum og nýta alla þá möguleika sem gefast, fyrir utan að málefnið er gott,“ segir Eyrún Birna Jónsdóttir, nemandi á 5. önn við Fataiðndeild í Tækniskólanum. Nemendur brautarinnar sýna afrakstur sinn í hönnun og handverki á árlegri tískusýningu Unglistar sem fram fer í Tjarnarbíói í dag klukkan 18 og 20.

Sýningin í ár er með örlítið

breyttu sniði því nemendurnir ákváðu að leita samstarfs við Rauða kross Íslands og munu þeir sýna flíkur sem þeir hafa endurbætt á einhvern hátt undir yfirskriftinni Demantur úr draslinu, auk nýrrar hönnunar.

Tískusýning nemenda Fataiðndeildarinnar er árviss viðburður á Unglist, listahátíð ungs fólks, sem haldin er um helgina. Eyrún Birna hefur ekki tekið þátt í sýningunni áður, en hefur þó verið áhorfandi nokkrum sinnum og litist vel á. „Það er alltaf lagt mikið í þessa sýningu og skemmtilegt að sjá fjölbreytnina sem er í gangi,“ segir hún og er spennt fyrir þeirri nýbreytni að sýna endurbættar flíkur frá Rauða krossinum í ár. „Það er í rauninni ótrúlegt hversu miklu af fötum fólk hendir svo okkur fannst upp-

lagt að fá að kíkja á flíkurnar og velja þær úr sem okkur leist best á. Endurbættu flíkurnar verða svo seldar á uppboði á Facebook að sýningunni lokinni, til styrktar Rauða krossinum að sjálfsögðu,“ útskýrir Eyrún sem sjálf býður upp gamla peysu sem hefur verið saumuð upp á nýtt með nýju efni, auk þess að sýna nýja hönnun eftir sjálfa sig, meðal annars brúðarkjól.

Þetta er í 22. sinn sem Unglist er haldin og frumsýnir Ungleikur meðal annars fimm ný íslensk örverk sem þrettán ungir leikarar taka þátt í að flytja á morgun í Tjarnarbíói, auk þess sem boðið verður upp á tónleika í Dómkirkjunni annað kvöld þar sem nemendur frá tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu leiða gesti inn í leyndardóma sígildrar tónlistar.

Bíó Paradís rómantískur staður

Valur Gunnarsson fagnar útkomu Síðasta elskhugans með kvikmyndasýningu.

„Sagan hefst í Bíó Paradís haustið 2010, einmitt á sýningu þessarar myndar, og því var ákveðið að halda opunarhófið þar. Það eru ekki margir staðir í Reykjavík sem geta talist rómantískir, en Bíó Paradís er einn af þeim,“ segir Valur Gunnarsson sem nýverið gaf út bókina Síðasti elskhuginn og heldur af því til efni útgáfuhófið í Bíó Paradís klukkan 18 í dag.

Í hófinu kemur Valur til með að ræða um efni bókar sinnar, ástina í skugga búsáhalda- byltingarinnar, en að því loknu fer fram sýning á kvikmyndinni The Decline of the American Empire eftir Kanadamanninn Denis Arcand frá árinu 1986. „Í myndinni segir frá Kanadamönnum sem búa í útjaðri heimsveldis Bandaríkjanna og telja sig vera fyrsta til að sjá hnignun þess,“ segir Valur. „Eins og gefur að skilja eru þeir þó helst uppteknir af eigin ástarmálum. Það sama má segja um Ísland. Herinn fór heim fyrir sjö árum

og á herstöðinni búa nú einmana stúdentar sem fara í kynlífsferðir í bæinn eins og hermennirnir gerðu áður fyrr, en um þetta er fjallað í bókinni.“

Valur segir það skemmtilega tilviljun að eftir útgáfuhófið sýni Samband ungra sjálfstæðismanna, SUS, heimildarmyndina 1.000 stormar sem fjallar um Davíð Oddsson, í sama bíói. „Davíð var einmitt kosinn af Time sem einn af 25 höfundum efnahagshrunsins og má því segja að líklega hafi enginn Íslendingur gert jafn mikið til að flýta fyrir hnignun vestrænnar siðmenningar. Ég hvet fólk eindregið til að sjá báðar myndir ef þess er kostur,“ segir Valur.



ÞÚ FINNUR ÞÍNA FERÐ HJÁ OKKUR

Við erum með frábært
úrval af sérferðum



DUBAI

16. - 23. JANÚAR 2014



Dubai algjör ævintýrastaður tilbúin glæsiborg í eyðimörkinni. Úrval Útsýn býður nú upp á einstaka vikuferð til Dubai í janúar, burt úr kulda og vetri í sól og sumar þar sem allt milli himins og jarðar er í boði.

TÆLAND

13. - 27. FEBRÚAR 2014



Úrval Útsýn býður upp á einstakt tækifæri til að kynna hinu stórbrotna og áhugaverða Tælandi frá ýmsum hliðum í frábærri tveggja vikna ferð. Ferðast er á besta tíma í fylgd fólks sem þekkir mjög vel til. Fjölbreytni, fræðsla, upplifun og slökun í ævintýralegru ferð.

MADEIRA

22. - 30. APRÍL 2014



Átta daga ferð í apríl 2014 til hinnar einstaklega fallegu Madeira í Atlantshafi. Madeira er gjarnan kölluð Eyja hins eilífa vors eða Garðurinn fljótandi, sem segir margt um veðurfarið og gróðursældina á þessari eldfjallaeyju. Í boði er gisting á úrvals hótélum og gestir geta bæði slakað á og notið sólar og sjávar og tekið þátt í fjölbreyttum kynnisferðum sem verða í boði.

UNG Á ÖLLUM ALDRI

27. MARS - 3. APRÍL 2014
3. - 10. APRÍL 2014



Endurnærandi vika í sólinni á Tenerife þar sem Guðrún Bergmann leiðir okkur í gegn um okkar líf, okkar líkama og hvernig við viljum lifa.

Vika í yndislegu umhverfi og loftslagi í dans, jóga, hugleiðslu, hlátri og hamingu. Létt dagskrá fyrri part dagsins í bland við að njóta sólar og þessarar yndislegu eyju. Gönguferðir, jóga, hugleiðsla, fyrirlestrar og dans.

FÆREYJAR - NÝÁRSTÓNLEIKAR 10. - 13. JANÚAR 2014



Frændur okkar og nágarnar, Færeyingar, geta státað sig af ýmsu, þar á meðal mörgum góðum listamönnum. Tónlistin virðist þeim í blóð borin og margir tónlistarmenn þeirra eru vel kunnir hér á landi. Sinfóníuhljómsveit Færeyja nýtur mjög góðs orðstírs og hefur verið starfandi í 30 ár. Meðal annars heldur hún upp á 30 ára starfsafmæli sitt með tónleikaferðalagi hér á Íslandi

KYNNING Í LÁGMÚLANUM 13. NÓVEMBER 2013



Kynning á sérferðunum
Dubai og Tæland 2014
Fararstjórnir
Soffía Halldórsdóttir
DUBAI 16.-23. janúar og
Halla Frímansdóttir
(Halla Himintungl)
TÆLAND 13. - 27. febrúar
kynna ferðirnar sínar.

Hvar og hvenær: LÁGMÚLI 4
miðvikudaginn 13. nóv. kl. 17:30.

BORDSTOFUSTÓLAR



MARCUS
20%
AFSLÁTTUR!

MARCUS
Margir litir.
Krómfætur.
TILBOÐSVERÐ:
6.390 KR.
Fullt verð 7.990



AFSLÁTTUR
6.000
KRÓNUR!

ILJANA
PU-svart. Svart
lakkaðir viðarfætur.
TILBOÐSVERÐ:
9.900 KR.
Fullt verð 15.990



AFSLÁTTUR
6.000
KRÓNUR!

ANDREW
Svart, hvítt
og brúnt leður.
TILBOÐSVERÐ:
13.990 KR.
Fullt verð 19.990



AFSLÁTTUR
6.000
KRÓNUR!

BAMB
Svart birki.
Flettuð seta.
TILBOÐSVERÐ:
19.990 KR.
Fullt verð 25.990

NÝTT OG KÁTT Í HÖLLINNI!



STOCKHOLM 3ja sæta sófi. Fullt verð: 229.990 **TILBOÐSVERÐ 199.990** Stærð: 158x90 H 100 cm. **STOCKHOLM** stóll. Fullt verð: 159.990 **TILBOÐSVERÐ 139.990** Stærð: 60x60 H 45 cm. **STOCHOLM** fæst í slitsterku turkis-bláu eða gráu áklæði. **MUNCH** sófaborð **VERÐ 39.990** Þvermál 90 cm. Svartur askur eða sápuþorinn

AÐEINS
20.002
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

CLARK
3JA SÆTA SÓFI
229.990

FULLT VERÐ: 249.990



Stærð: 220x84 H75 cm.
Fæst 3ja sæta, 2ja sæta, stóll og skammel. Steingrátt slitsterkt áklæði.



Stærð: 300X200/150 H: 78 cm.
Fæst bæði með bæði hægri og vinstri tungu.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

AÐEINS
17.414
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

CLEVELAND
HORNSÓFI
199.990
FULLT VERÐ: 219.990

JÓLIN ERU KOMIN Í
HÖLLINA





VERTU MEÐ OKKUR Á
 facebook 
 KOMDU Í HÖLLINA EÐA
 HEIMSÓTTU OKKUR Á
HUSGAGNAHÖLLIN.IS

 HÚSGAGNAHÖLLIN

990 TILBOÐSVERÐ 139.990. STOCKHOLM skemill Fullt verð: 79.990 TILBOÐSVERÐ 69.990 eik.

AÐEINS
18.277
 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
 12 mán. vaxtalaust lán
 3,5% lántökugj.

UMBRIA
 TUNGUSÓFI
209.990



Stærð: 245 x163 H 78 cm.
 Slitsterkt áklæði í mörgum litum. Umbria sófar eru fáanlegir í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar með og án tungu. Þeir eru fáanlegir bæði í ákæði og leðri og mörgum litum.

FULLT VERÐ: 249.990

Hauspúði ekki innifalinn í verði.



Stærð: 234x145 H 83 cm.
 Svart bonded leður.

AÐEINS
15.689
 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
 12 mán. vaxtalaust lán
 3,5% lántökugj.

COSMO
 TUNGUSÓFI
179.990

FULLT VERÐ: 199.990

KERTI OG ILMVÖRUR



ILMANDI NÝTT Í HÖLLINI
 stórkostlegt úrval af
 kertum og ilmvörum frá
 COPENHAGEN CANDLE OG BROSTE



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –



EDDA, EVA LAUFHEY OG SIGRÚN „Auðvitað vorum við fyrst og fremst að syrgja góðan vin, því hann var okkur dýrmætur. Við fundum að hann vildi mikið fyrir okkur gera síðustu árin, kannski til að bæta upp hvað samskiptin voru lítil lengi.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Síðasta bréfið er svo dýrmætt

Hermann Gunnarsson, íþrótt- og fjölmiðlamaður, lét eftir sig sex börn þegar hann lést sviplega fyrr á þessu ári. Þau höfðu hvorki kynni af föður sínum né hvert af öðru framan af en það breyttist eins og systurnar **Sigrún, Edda** og **Eva Laufey** lýsa.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Heima hjá Eddu Hermannsdóttur angar allt af nýbökudum smákökum þegar við Stefán ljósmyndari ryðjumst þar inn. Systir hennar Sigrún er mætt og skömmu seinna birtist Eva Laufey Kjaran sem kemur brunandi ofan af Skaga. Þær hafa fallist á að segja mér frá kynnum af föður sínum sem þær kalla Hemma, eins og fleiri, og þeirri reynslu að missa hann sviplega á liðnu sumri, einmitt þegar samskiptin við hann voru að verða eðlileg. En fyrst þarf ljósmyndarinn að smella af þeim myndum meðan dagskímu nýtur við, þær fíflast á meðan og gera að gamni sínu en ég fylgist með og maula gömsætar smákökur.

Þegar systurnar setjast til að spjalla hef ég orð á hvað sambandið milli þeirra virðist gott. „Já, furðu gott,“ segir Edda gláðlega.

Þið ólust ekki upp saman, eða hvað?

Eva Laufey: „Nei, við erum öll hálsystkini, börnin hans Hemma, sex talsins, einn sonur bættist við á lokaspættinum, fullvaxinn.“

Sigrún: „Við ölumst upp við að fjölgi í systkinahópnum með árunum og erum bara opin fyrir því.“

Edda: „Já, reynum að taka þeim öllum fagnandi. Spyrjum bara: Ert þú einn af oss? Keyrum dálítið á húmornum, eins og þú heyrir.“

Sigrún er elst systkinanna, fædd 1971, næstur er Þórunn Norðfjörð, kallaður Doddi, fæddur 1973, og þá Hendrik, fæddur 1975. Björg er fædd 1983 og Edda 1986, hún ólst upp á Akureyri, en yngst er Eva Laufey Kjaran, fædd 1989 og uppalin á Reyðarfirði.

Sigrún starfar sem fulltrúi Páls Magnússonar útvarpsstjóra og er lesari í þættinum Orð af orði á Rás 1.

Edda muna margir eftir sem kynni í þáttunum Gettu betur á RÚV. Nú kennir hún leikfimi klukkan sex á hverjum morgni og stýrir sjónvarpi Viðskiptablaðsins.

Eva Laufey er líka að verða þekkt á skjánum því hún er með matreiðslubætti á Stöð 3. Auk þess lærir hún viðskiptafræði við Háskóla Íslands og er að gefa út matreiðslubók um næstu helgi, Matargleði Evu. Kringum þá helgi kemur líka út bók um Hemma, föður þeirra, rituð af Orra Páli Ormarssyni blaðamanni. Hún heitir Hemmi Gunn – sonur þjóðar.

„Það er skemmtileg tilviljun að bækurnar þeirra skuli koma út á sama tíma,“ segir Edda.

„Já, við vorum búin að plana heilmikið bókastríð,“ segir Eva Laufey brosandí.

Hæ, ég er systir þín

Systurnar vissu frá byrjun hver blóðfaðir þeirra væri. Þær fóru að hafa samband sín á milli á unglingsaldri, sitt á hvað, eftir því sem þær fréttu hver af annarri. Líka við Hemma, hver í sínu lagi. „Hemmi vissi ekkert hver ég var þegar ég heilsaði honum fyrst. Ég kynnti mig bara sem dóttur hans,“ rifjar Edda upp og heldur áfram. „Þegar ég var að byrja í menntaskóla rakst ég á Sigrúnu við jarðarför. Svo sendi ég tölvupóst til Bjargar og Evu: „Hæ, ég er systir þín.“ Við vorum í tölvusamskiptum í smátíma.“

Viss tímamót urðu þegar Hemmi bauð Eddu suður rétt fyrir jólin 2005 og hitti flest börnin sín á veitingastaðnum Skólalabú sem Hendrik rak þá, nema að Eva Laufey komst ekki frá Reyðarfirði.

Sigrún: „Tímamótin fólust í því að þarna vorum við mörg saman komin í fyrsta skipti. Ljósmyndari birtist og smellti af og okkur fannst ekkert óeðlilegt við að Hemmi vildi eiga myndir frá þessu kvöldi. Það skyggði hins vegar

aðeins á þegar myndir af okkur birtust á forsíðu Séd og heyrt. Okkur krökkunum hafði fundist stundin vera privat og kannski svolítið viðkvæm en Hemma fannst ekki tiltökumál að deila öllu sínu með þjóðinni. Þarna vorum við ósammála, enda flest okkar óvön sviðsljósinu.“

Edda: „Okkur leið öllum frekar illa með þetta og þá kom þínu bakslag í samband okkar við Hemma. Aðventufundur urðu samt árvissir engu að síður.“

Sigrún: „Hann ætlaði sér ekkert illt með þessu en hafði ekki alveg hugsað málið til enda. Á bak við okkur öll standa aðrar fjölskyldur sem voru kannski passlega hrifnar og hugsuðu: Bíddu, hann hefur nú ekki verið partur af lífi þeirra hingað til.“

Edda: „Nei, það tók smátíma að melta þetta. Hemmi áttaði sig á að þarna hafði hann hlaupið á sig. Hann var bara stoltur af börnunum sínum og vildi láta þjóðina vita að hann væri búinn að finna þau. Hann lifði svo mikið gegnum þjóðina.“

Syrgja góðan vin

Samfundunum fór fjölgandi og síðustu eitt, tvö árin voru þeir orðnir mjög reglulegir, að sögn dætranna. Þá hringdi Hemmi meira í þær, var líka að vinna í

„Við höfðum aldrei komið inn í íbúðina hans í Árbænum. Þar birtist okkur skýrt sá einmana-leiki sem hann hafði búið við í einkalífi. Það var ekki alltaf að marka þessa glöðu og hressu framkomu. Hún var bara frontur.“

sjálfum sér og ætlaði að fara að gefa út bók.

Sigrún: „Þessi bók rúllaði ýmsum boltum af stað, bæði í sambandi við okkur og uppgjörsmál hjá honum sjálfum.“

Edda: „Við hugsum hlýtt til þess að hafa náð þessum hittingum áður en hann fór frá okkur. Það var stutt á milli þeirra síðustu. Hann sendi út póst með þessum orðum: „Stelpur mínar, mig langar svo að hitta ykkur aftur áður en ég fer, þessir hittingar gefa mér svo mikið.“ Þetta var ekki venjulegt. Yfirleitt stóð bara: „Eigum við að hittast á þriðjudaginn...?“ Við áttum yndislega stund saman nokkrum dögum áður en hann fór til Taílands. Það er líka dýrmætt að eiga þetta síðasta bréf sem hann skrifaði.“



Hyundai Santa Fe Comfort, dísil
2,2 dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrif. Verð 7.450 þús. kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*



Hyundai ix35 Comfort, dísil
Beinskiptur, fjórhjóladrif. Verð 5.690 þús. kr.
Eyðsla 5,9 l/100 km*

Einnig fáanlegur sjálfskiptur, dísil.



Hyundai i30 Station, dísil
Verð 3.490 þús. kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Komdu í heimsókn og reynsluaktu nýjum Hyundai sem hentar þér.

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður 5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur með öllum nýjum Hyundai bílum.

Opið í dag frá 12-16

VETRARGLAÐNINGUR Í NÓVEMBER

Með öllum nýjum Hyundai bílum fylgja veglegir kaupaukar. Upplýsingar hjá sölufulltrúa í síma 575 1200.



Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

► *Hvernig fréttuð þið lát hans?*
Eva Laufey: „Henson, Halldór Einarsson besti vinur hans, hringdi í tengdamömmu mína, því tengdababbi spilaði með Hemma í landsliðinu áður fyrr. Guðjón, félagi Hemma sem var með honum úti, hlýtur að hafa hringt í Henson. Ég held það hafi bara liðið um klukkutími þar til fjölmiðlar voru farnir að hringja. Þetta gerðist allt svo hratt. Vefmiðlar voru strax farnir að loga.“

Edda: „Björg, systir okkar, var að koma heim þennan dag frá Ameríku og við flýttum okkur að ná sambandi við hana áður en hún frétti látið gegnum fjölmiðla. Þetta varð strax mjög yfirþyrmandi. Líka að vera að syrgja mann sem við vorum í raun nýbyrjaðar að kynna. Allir voru að votta okkur samúð sína. Það var bæði fallegt og erfitt.“

Sigrún: „Já, þetta voru skrítnar og blendnar tilfinningar. Maður var einhvern veginn í og með að syrgja eitthvað sem hefði getað orðið og hugsaði, af hverju var það ekki orðið fyrir löngu? Hugsanirnar leituðu bæði til fortíðar og framtíðar út frá núinu.“

Edda: „Auðvitað vorum við fyrst og fremst að syrgja góðan vin, því hann var okkur dýrmætur. Við fundum að hann vildi mikið fyrir okkur gera síðustu árin, kannski til að bæta upp hvað samskiptin voru lítil lengi. Hemma fannst aldrei neitt ganga nógu hratt hjá okkur, vildi redda öllu sem hann gæti til að óskir okkar fengju framsög. Þó við leituðum ekki mikið eftir því var notalegt að vita af því.“

Vanur að hafa fókusinn á sér

Hemmi andaðist úti í Taílandi 4. júní síðastliðinn, útförin fór fram 27. júní frá Hallgrímskirkju.

Edda: „Þetta var dálítið sérstakt ferli, að vera allt í einu að fara að jarða hann, allar saman.“

Eva Laufey: „Við vorum mjög ánægðar með útförina, allir vildu leggja sitt af mörkum og minningarþátturinn um kvöldið sem Egill Eðvarðs stjórnaði var vandaður.“

Sigrún: „Það varð til gott samvinnuteymi kringum þessa jarðarför. Við fengum ómetanlega hjálp frá Völsurum og vinum Hemma úr bransunum, frá séra Pálma Matthíassyni og Agli Eðvarðssyni.“

Edda: „Þetta voru mennirnir sem þekktu hann best og gátu sagt okkur allt. En þegar á átti að herða vildum við systur vera í forsvari, við erum börnin hans og fannst það eðlilegt. Þetta var það síðasta sem við gátum gert fyrir hann og við vildum gera það vel.“

Mæðrum ykkar og fósturfeðrum hefur fundist það eðlilegt líka?

Edda: „Já, þau studdu við bakið á okkur. Eins og móðir mín sagði: „Við mæðurnar komum ykkur víst í þessa stöðu.““

Eva Laufey: „Það var margt sem við lærðum eftir lát Hemma og við að lesa handritið að bókinni komumst við að mörgu sem við vissum ekki áður.“

Horfðuð þið á þættina um hann í fyrri í sjónvarpinu?

Eva Laufey: „Já, hann var rosalega ánægður með þá.“

Edda: „Hann var náttúrlega fyrir athyglina og við gerðum oft grín að því þegar við hittum hann. Hann tók því vel og kunnir að hlæja að því sem mér skilst að hafi verið vináttumerki því það voru víst ekki allir sem máttu gera grín að honum. Hann gat verið viðkvæmur fyrir því.“

Sigrún: „Þarna var maður á sjötugsaldri sem hafði bara um sig að hugsa og hvað væri næst á dagskrá. Hann var svo vanur að hafa fókusinn á sér. En hann var ofsalega klár í viðtalstækninni og beitti henni þegar við hittumst, þegar hann var búinn að yfirheyra okkur öll fór hann að segja frá því sem væri helst að fréttast af honum.“

Edda: „Við kannski fundum þessa sátt þegar við áttuðum okkur á því að við gætum ekki ætlast til meira af honum og fórum að taka honum eins og hann var.“

Sigrún: „Við sem erum mæður í dag vitum að við lærum for-

eldrahlutverkið með hverju árinu, tæklum það í mörgum skrefum og því ekki óeðlilegt þó hann hafi verið óruggur með hvernig hann ætti að tækla okkur systkinin. Við vorum orðin hálfullorðin og hann var að þreifa sig áfram í því að koma inn í okkar líf. Og bæði við og hann áttum fullt í fangi með að staðsetja okkur í „fjölskylduhringnum“.“

Edda: „Já, það tók nokkur ár að fínpússa þessi samskipti og við vorum akkúrat að ná jafnvægi þegar hann deyr.“

Höfðu aldrei komið í íbúðina

Svo var eftir að ganga frá íbúðinni hans Hemma og öllu sem honum tilheyrði.

Edda: „Við höfðum aldrei komið inn í íbúðina hans í Árbænum. Þar birtist okkur skýrt sá einmanaleiki sem hann hafði búið við í einkalífi. Það var ekki alltaf að marka þessa glöðu og hressu framkomu. Hún var bara frontur. Þetta er eitthvað sem hægt er að læra af.“

Sigrún: „Já við fundum hversu einn hann var í tilverunni og hleypti í raun fáum að sér. Það kemur líka fram í bókinni að hann hafi haft trú á að hann mundi kynna konu og festa ráð sitt einhvern tíma. Sem varð nú ekki.“

Edda: „Konurnar voru honum erfiðar. Það kemur út eins og hann hafi hrasað um þær og örlögin leikið á hann. Maður þarf að geta hlegið að því eins og ýmsu öðru.“

Var huggulegt heima hjá honum?

Eva Laufey: „Þetta var örugglega ekki hans fasti punktur. Ég held að hans „heima“ hafi verið vestur í Dýrafirði. Þangað fór hann í frí og þar leið honum best, hjá fóstur sinni.“

Edda: „Já, og á Húmarhúsinu með Völsurum. Þeir hittast alltaf á virkum dögum, Grjónapungarnir, og borða saman í hádeginu. Þeir voru í meistaraflokki, rétt undir tvítugu, þegar þeir byrjuðu. Svo hefur hópurinn breyst en strákarnir segja að Hemmi hafi alltaf mætt. Kannski var það festan í lífi hans að hitta alltaf þessa vini sína.“

Eruð þið búnar að lesa bókina?

Edda: „Já, hún er ofboðslega góð. Það er allur skalinn í henni. Hemmi var mikið að vinna í henni í Taílandi í síðustu ferðinni.“

Sigrún: „Hann kaus að lesa allt á pappír þannig að hann var með handrit með sér og var að krassa í það. Ég hugsa að 80% af bókinni hafi verið tilbúin þegar hann lést.“

Eva Laufey: „Við vorum ekki búnar að sjá handritið þá og ég held að það hafi ekki staðið til að við fengjum eitthvað að segja frá okkar hlið. Sú hugmynd kviknaði síðar. En við skrifuðum öll okkar sögu í bókina. Orrí Páll skilar þessu mjög vel frá sér.“

Hittast reglulega

Edda: „Við systur höfum færst mikið saman eftir andlát Hemma, hittumst nú á Jómfrúnni helst í hverjum mánuði því hún var hans staður. Byrjuðum á að fá okkur sama rétt og Hemmi fékk sér alltaf, buff tartar, en hættum því fljótt. Hrátt kjöt og hrátt egg er ekkert fyrir okkur.“

Eva Laufey: „Hann var samt alger sælkeri eins og við. Vildi til dæmis tryggja að það væru góðar kökur í bókinni minni. Hvað sem við vorum að gera var hann alltaf með einhver ráð um hvernig best væri að haga hlutum.“

Sigrún: „Hann var með fallegt hjartalag og vildi öllum vel, líka okkur, og gat gefið ráð út í eitt, hvort sem það var í fjölmiðla-bransa eða bókaútgáfu. Svo var annað mál hvort hann gat farið eftir þeim sjálfur.“

Maður hafði á tilfinningunni að hann væri eins og vörðurnar sem vísa veginn en fara hann ekki sjálfar. Hann skilur þær eftir og þær búa með okkur. Hann skilur líka eftir alls konar góðar vörður í hjörtum þjóðarinnar.“

Edda: „Við getum verið þakklátar honum fyrir að hafa fært okkur saman, öll þessi systkini. Það er ríkidæmi.“



ÞRÍJAR SYSTUR „Við getum verið þakklátar honum fyrir að hafa fært okkur saman, öll þessi systkini. Það er ríkidæmi.“

ÚR BÓKINNI HEMMI GUNN – SONUR ÞJÓÐAR

Doddi er töluvert líkari mér í útliti en Hendrik sem líkist mjög sínu móðurfólki. Hvorki Sigrún né Björg eru sérstaklega líkar mér í útliti, þær líkjast meira mæðrum sínum, Björg er þó svolítið blönduð, en það er sterkur svipur í bæði Eddu og Evu Laufeyju.

Yngri dæturnar tvær virðast líka hafa fengið orkuna sem ein-kennði mig á yngri árum, þær eru hvergi feimnar við að reyna nýja hluti. Báðar hafa þær brennandi áhuga á fjölmiðlum og það á við um Sigrúnu líka. Björg er á hinn bóginn hlédægari, eins og snýtt út úr nösinni á Hermanni. Hún hefur sætt sig við Hemma en myndi aldrei taka sér ættarnafnið Gunn!

Samskipti barna minna voru eðli málsins samkvæmt ekki mikil meðan þau voru að vaxa úr grasi enda ólust þau upp hvert á sínum staðnum. Þessi samskipti hafa aukist heilmikið á síðustu árum og þau eru farin að hittast reglulega, sérstaklega dæturnar. Undanfarið fimm til sex ár hef ég hitt þær allar saman að minnsta kosti einu sinni á ári sem er afskaplega dýrmætt. Þetta eru ef til vill ekki mikil samskipti en þau eru góð og fara batnandi. Það er aðalatriðið, við erum alltaf að kynna betur og betur. Ég er ofboðslega stoltur af börnunum mínum og ann þeim. Ég finn ekki annað en það sé gagnkvæmt.

Ég hef ekki alíð neitt af mínum börnum upp, nema Björgu Sigríði að litlu leyti. Sum þeirra kalla mig pabba, önnur Hemma. Ég geri enga athugasemd við það enda eiga þau flest aðra pabba sem tekið hafa meiri þátt í uppeldi þeirra en ég. Börnunum er og verður hins vegar alltaf velkommið að leita til mín með hvaðeina sem á þeim brennur og ég mun reyna mitt besta til að hvetja þau og liðsinna. Ég líft fyrst og fremst á mig sem vin þeirra og mun leggja mig fram um það áfram að dýpka þá vináttu. Ég vil gera þau að mínum bestu vinum.



Gæði á Dorma-verði!



**FLORIDA
TUNGUSÓFI**
179.900
2ja sæta

**FLORIDA
TUNGUSÓFI**
219.900
3ja sæta

Florida 2ja sæta tungusófi. Særð: 250x200x90 H:70 cm
Florida 3ja sæta tungusófi. Særð: 320x200x90 H:70 cm

**HEILSURÚM
FRÁBÆRT
VERÐ**

Nature's Rest heilsurúm



Aðeins kr.
7.056
í 12 mánuði*

STÆRÐ 120X200

Dýna, botn
og lappir

AÐEINS
79.900
120x200

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir
- 320 gormar pr fm²



*afborgun pr. mánu. í 12 mánu. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Nature's Comfort heilsurúm



Aðeins kr.
13.094
í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

Dýna, botn
og lappir

AÐEINS
149.900
160x200

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Heilsu- og hægindalag í yfir-dýnu sem hægt er að taka af
- Steyptar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir



*afborgun pr. mánu. í 12 mánu. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Jazz hægindastóll



Jazz - hægindastóll með skemli. Fæst í koníaksbrúnu, svörtu, dökku brúnu og kremuðu leðri.

AÐEINS
95.900
DORMAVERÐ

Reggae svefnsofi. Fæst í brúnu PU áklæði. Stærð: 192x90 H 86 cm. Dýna 195x118 Þ: 21 cm. Stillanlegt bak.



AÐEINS
69.900
DORMAVERÐ

DORMA

- býður góða nótt

UNDIR SMÁSJA
Birgitta var lengi undir smásja bandarískra yfirvalda vegna tengsla hennar við Wikileaks.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

→ BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

MENNTUN Grunnskólapróf frá Núpi 1983. Sjálfmenntuð í vefhönnun og vefþróun, grafískri hönnun og umbroti.

HELSTU STÖRF Fjöllistakona, rithöfundur, ljóðskáld, þýðandi og myndlistarmaður. Hefur starfað sem grafískur hönnuður og blaðamaður og sem pistlahöfundur hjá Íslenskum jafnt sem erlendum tímaritum og nettímaritum. Hefur haldið fjölda málverkasýninga og gefið út yfir 20 frumsamdar ljóðabækur á ensku og íslensku frá 1989. Sjálfboðaliði fyrir Wikileaks 2010.

STJÓRN MÁLAPÁTTAKA Talsmaður Saving Iceland 2005. Formaður Vina Tíbets frá 2008. Þingmaður Borgarahreyfingarinnar, síðar Hreyfingarinnar, 2009-2013. Formaður þingflokks Borgarahreyfingarinnar, síðar Hreyfingarinnar, 2009-2010. Formaður Hreyfingarinnar 2011-2012. Formaður þingflokks Hreyfingarinnar 2013. Þingmaður og formaður þingflokks Pírata frá 2013.



Bretar njósnuðu um samninga- nefnd Íslands í Icesave

Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Pírata, segir að breska leyniþjónustan hafi njósnað um samninganefnd Íslands í Icesave-málinu. Bretar hafi meðal annars lesið tölvupóst nefndarmanna sem innihélt viðkvæmar upplýsingar.

Höskuldur
Kári Schram

hoskuldur.schram@frettabladid.is



Birgitta átti sæti í þverpólitískri þingmannanefnd sem hafði það hlutverk að fylgjast með framvindu Icesave-málsins á árunum 2010 til 2011. Birgitta segir að Julian Assange, stofnandi Wikileaks, hafi fyrstur varað við mögulegum njósnum Breta. Hann hafi komið þeim skilaboðum á framfæri að fulltrúar í samninganefnd Íslands skyldu varast að nota Gmail eða Hotmail til að senda tölvupóst sín á milli. „Svo gerist það að einn kanadískur sérfræðingur sem sat í samninganefndinni sendi tölvupóst á Gmail á annan fulltrúa í nefndinni. Þessi póstur endaði fljótlega á síðum breska dagblaðsins Daily Telegraph“, segir Birgitta. Hún segir að Bretar hafi markvisst reynt að hlera öll samskipti nefndarmanna. „Bresk yfirvöld höfðu mjög gott aðgengi að öllu því sem fór fram milli nefndarmanna fyrir utan ráðuneytin. Það er hlutverk leyniþjónustu eins og til dæmis MI5 að njósna um önnur ríki, sérstaklega ef það varðar þjóðarhagsmunum eins og Icesave var fyrir Breta. Við getum ekki lokað augunum fyrir því. Þeirra skylda var að afla upplýsinga og njósna um okkur og skylda íslenskra yfirvalda var að gera allt til að vernda okkur gegn slíkum njósnum.“

Undir smásja bandarísku leyniþjónustunnar Birgitta var lengi undir smásja bandarískra yfirvalda vegna tengsla hennar við Wikileaks. Bandaríska alríkislögreglan, FBI, fékk þannig upplýsingar um notkun hennar á samskiptavefnum Twitter og sjálf segir

hún að Bandaríkjamenn hafi án hennar vitundar farið í gegnum samskipti hennar á netinu og kannað ýmislegt sem viðkemur hennar persónulega lífi. Birgitta segir að Íslendingar séu almennt andvaralausir þegar kemur að friðhelgi einkalífsins á netinu. Hún segir auðvelt að afla persónuupplýsinga á netinu og nefnir fésbókina sérstaklega. „Við lítum svo á það séu grundvallarmannréttindi að við njótum friðhelgi einkalífs. Af hverju á það ekki við um allt okkar stafræna efni? Getum við verið allar okkar trúnaðarupplýsingar sem liggja á netinu? Nei, við getum það ekki og það er mjög alvarlegt. Það snertir lýðræðið sjálft að geta átt í samtölum við annað fólk án þess að einhver sé að hlera mann,“ segir Birgitta.

Úrelt lagaumgjörð

Birgitta segir að lagaumgjörðin varðandi netöryggi sé úrelt. Það eigi ekki bara við um Ísland heldur öll lönd. Hún segir að Íslendingar geti skapað sér sérstöðu hvað þetta varðar. „Við erum með litla stjórnsýslu sem þýðir að við getum farið með ný lög hratt í gegnum kerfið. Þess vegna getum við tekið fyrsta skrefið,“ segir Birgitta. Hún hyggst leggja fram þingsályktunartillögu um gerð slíkra laga og hefur verið í samstarfi við erlenda sérfræðinga vegna þessa. „Því þetta er ekki bara lagalegt heldur líka tæknilegt. Það þýðir ekki að setja lög sem erfitt er að framfylgja,“ segir Birgitta.

Varaði Snowden við Íslandi

Bandaríkjamaðurinn Edward Snowden sótti um hæli á Íslandi í sumar eftir að hann ljóstraði upp um stórfellt kerfisbundið eftirlit Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna með síma- og netnotkun fjölda fólks og þjóðarleiðtoga. Birgitta lagði fram

þingsályktunartillögu ásamt fimm öðrum þingmönnum á síðastliðnu sumarþingi um að Snowden yrði tafarlaust veittur íslenskur ríkisborgararéttur en sú tillaga var ekki afgreidd. Birgitta segist hafa varað Snowden við því að sækja um pólitískt hæli hér á landi. „Ég varaði hann við því að sækja um pólitískt hæli á Íslandi því það er ekkert öryggi í því og þarf ekki annað en ríkisstjórnarskipti. Við erum með þannig framsalssamninga að það hefði verið mjög auðvelt að framselja hann [til Bandaríkjanna]. Ég vildi hjálpa honum að fá íslenskan ríkisborgararétt með svipum hætti og gert var í tilfalli Bobby Fischer. Það var hins vegar enginn vilji til að klára það á sumarþinginu. Ég held að við séum núna búin að missa boltann og held að það væri betra fyrir hann að fá að fara til Þýskalands. Þjóðverjar hafa líka skilning á því hvernig er að búa í samfélagi þar sem eru stundaðar stórfelldar njósnir,“ segir Birgitta. Hún segir að uppljóstranir Snowdens hafi vakið fólk til umhugsunar um njósnir og eftirlit og framlag hans sé því ómetanlegt.

Efasemdir um nýja stjórnarskrárnefnd

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra skipaði í vikunni nýja stjórnarskrárnefnd sem mun hafa það hlutverk að gera tillögur að breytingum á stjórnarskránni. Allir flokkar á Alþingi eiga fulltrúa í nefndinni en Sigurður Línadal lagaprófessor er formaður. Birgitta barðist fyrir stjórnarskrármálinu á síðasta þingi og lagði áherslu á að tillaga stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá yrði samþykkt. Hún hefur miklar efasemdir um hina nýskipuðu stjórnarskrárnefnd. „Það er alveg ljóst að þeir sem eru í nefndinni munu aldrei komast að einhverri þverpólitískri eða faglegru niðurstöðu til


dæmis varðandi þjóðarvilja. Það var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla fyrir rúmu ári og þar kom þjóðarviljinn mjög skýrt fram. Ég krefst þess að þessi nefndin virði, í það minnsta, þessar spurningar sem lagðar voru fyrir þjóðina,“ segir Birgitta. Hún segist þó vilja gefa nefndinni tækifæri en gagnrýnir að Sigurður Línadal hafi verið skipaður formaður. „Hann er mjög mikið á móti stjórnarskrárbreytingum. Kannski hefur hann skipt um skoðun sem er mjög ólíklegt enda er hann mjög íhaldssamur,“ segir Birgitta.

Frægasti þingmaður Íslands

Bandaríska kvikmynd The Fifth Estate sem var frumsýnd fyrr á þessu ári fjallar um Wikileaks og kemur Ísland mikið við sögu. Hollenska leikkonan Carice van Houten leikur Birgittu í myndinni og er þetta í fyrsta skipti sem íslenskur þingmaður nær slíkri frægð. „Ég hef ekki séð myndina enn þá. Ég tók þátt í því að veita ráðgjöf varðandi handritið og náði að taka út verstu senuna sem sneri að Íran,“ segir Birgitta. Erlendir fjölmiðlar hafa sýnt Birgittu mikinn áhuga sérstaklega út af tengslum hennar við Wikileaks og baráttu hennar fyrir auknu upplýsinga- og tjáningarfrelsi. Óhætt er að segja að hún sé orðin einn frægasti þingmaður Íslands. Sjálf segist hún ekki finna mikið fyrir þessari frægð. „Í sumar fór ég með son minn til Bretlands. Þar kom til mín maður sem sagðist vera aðdáandi minn og vissi allt um mig. Mér fannst það þínu óþægilegt,“ segir Birgitta.

visir.is

Viðtalið við Birgittu er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á** www.visir.is.



DÍSUSAGA
VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR
2.645 KR



GLÆPURINN ÁSTARSAGA
ÁRNI ÞÓRARINSSON
3.219 KR

jólabaekurnar eru komnar


GRIMM
STEFÁN MÁNI
4.613 KR



SÆMD
GUDMUNDUR A.
THORSSON
4.193 KR



SKUGGASUND
ARNALDUR INDRIDASON
4.152 KR



VIÐ JÓHANNA
4.193 KR



VÍSINDABÓK VILLA
VILHELM A. JÓNSSON
3.219 KR



LKL 2
GUNNAR MÁR SIGFÚSSON
2.399 KR



MÁNASTEINN
SJÓN
3.493 KR



TÍMAKISTAN
ANDRI SNÆR MAGNASON
3.073 KR



DAHIEH Í Dahieh-úthverfi Beirútborgar hafa verið sprengdar tvær bílasprengjur á þessu ári sem kostað hafa tugi mannlífa og mörg hundruð hafa slasast.

Langar vaktir í Líbanon

Í Dahieh, úthverfi Beirút í Líbanon sem er helsta vígi Hezbollah-samtakanna, er starfrækt ein af 45 sjúkrabílastöðvum í borginni. **Vilhelm Gunnarsson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, fór nýlega með sjálfboðaliðum Rauða krossins á tólf klukkustunda langa vakt og myndaði það sem fyrir augu bar.



LÍBANON Sumir sjálfboðaliðanna eru í fullu starfi og manna sjúkrabíla kvöld og nætur. Í sjúkrabílastöðvunum eru svefnherbergi fyrir karla og konur og þar geta sjálfboðaliðarnir hvílt sig í kojum milli útkalla.



RAUÐI KROSSINN Á hverri vakt eru vanalega um tólf sjálfboðaliðar.


HEILSUHRAUSTIR Sjálfboðaliðar Rauða krossins í Beirút eru alls 2.700 á 45 sjúkrabílastöðvum. Þeir þurfa að vera orðnir sautján ára, vera við góða heilsu og samsama sig hugsjónum Rauða krossins. Þeim er einnig óheimilt að taka þátt í stjórn-málum á nokkurn hátt.



SJÚKRABÍLASTÖÐ Stöðin í Dahieh hýsir alls sex sjúkrabíla og auk þess stjórnstöð fyrir höfuðstöðvarnar.

FISKARNIR Hafa ENGA FÆTUR EFTIR JÓN KALMAN STEFÁNSSON

STÓRBROTIN ÆTTARSAGA




– JÓN YNGVI, FBL

 BJARTUR

„Þetta er bók sem hrífur og getur gert harðgerustu lesendur klökka á köflum, en hún er aldrei yfirdrifuin eða væmin“.
JÓN YNGVI, FBL

„Hér má finna allt það sem lesendur þekkja frá hendi höfundarins, magnaðan stíl og sterkar tilfinningar en líka ákveðna og beitta samfélagsrýni sem fellur fullkomlega að stíl og anda sögunnar“.
JÓN YNGVI, FBL



Mikið úrval
af jólavörum
á lægra verði

Vnr. 88470766
Krans, 45 cm.
2.990 kr.



MIKIÐ ÚRVAL AF KERTUM
af öllum stærðum og gerðum



VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**



Vnr. 88166760
Glerbjalla með
10 ljósum.
1.590 kr.



Vnr. 88166635
Stjarna úr pappa,
60 cm.
1.490 kr.



Vnr. 88165979
Snjóbolti, 12 cm,
50 ljós, hvítar og
glærar perur.
1.490 kr.



Vnr. 88900954-65
Gluggaskraut með glærum
eða mislitum perum, 50 ljós.
1.390 kr./stk.



Vnr. 88949261
Hreindýr, 65 cm,
með 50 ljósum.
5.990 kr.



Vnr. 88470740
Bakki,
hvítur, 35 cm.
990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð ígætur verði í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Vnr. 41118068
Eldhúsvog sem
vigtar 2,2 kg.

890 kr.

REYNSLA OG
ÞJÓNUSTA



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.



Vnr. 41130266-7
Pappírform, 60 stk,
silfur- eða gulllituð.

399 kr.




Vnr. 41118569
Mælikanna, 1 l.

399 kr.



Vnr. 45002613
Kökuform, 24 cm.

1.490 kr.



Vnr. 41120441
Möffinsform, silikon.

1.490 kr.



Vnr. 41130335
Skálar, 3 stk.

2.990 kr.

ÓDÝR OG GÓÐ HRÆRIVÉL

450W



KLÚBB verð
19.990 kr.
Almennt verð 25.990 kr.

Vnr. 42351480
Hrærivél með
4 l stálskál, 450W.



www.byko.is / BYKO auglýsingastofa



facebook.com/BYKO.is

Kolbrún Benediksdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, er aðeins 35 ára gömul en á að baki lífsreynslu sem fæstir upplifa á 70 árum. Hún missti fyrsta barnið sitt og hin tvö fæddust bæði með sjúkdóma sem þarf að takast á við. Hún er þó engan veginn á því að líf hennar sé erfitt enda elskar hún bæði starf sitt og fjölskyldu og lifir lífinu til fulls. ▶

EINFÖLDUN AÐ EINBLÍNA Á KYNFERÐIÐ





TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

**KJÚKLINGUR,
HEILL**
749 kr/kg
Verð áður 999

HEILGRILLAÐUR KJÚKLINGUR

MEÐ LIME OG CHILI SMJÖRI fyrir 2-4 að hætti Rikku

1 heill kjúklingur
1-2 hvítlauksrif
1/2 rauður chili aldin
1 msk rifinn engifer
1 tsk kórianderkrydd

3 msk smjör
safi af 1 límónu
salt og nýmalaður pipar
1 msk ólífuolía

Skerið í gegnum bringubeinið á kjúklingnum og fletjið kjúklinginn út. Skolið kjúklinginn, þerrið og leggið á bökunarplötu. Setjið hvítlauk, chili, engifer og kóriander saman í

matvinnsluvél og vinnið vel saman. Bætið smjörinu og límónusafanum saman við og kryddið með salti og pipar. Stingið göt í bringuna og lærið á kjúklingnum og þrýstið

smjörblöndunni undir skinnið. Gott er að skera niður nokkrar kartöflur og setja meðfram kjúklingnum. Hellið ólífuolíunni yfir, kryddið með salti og pipar og bakið í 45 mín - 1 klst.

SKÓGARBERJA EÐA
MAROKKÓ KRYDDLEGIÐ

Jóí FEL

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

**ÚRBEINAD
LAMBALÆRI**
2099 kr/kg
verð áður 2999

**ÍSLANDS
NAUT**
Væð Sjámatæras

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

**PIPARSTEIK
UNGNAUTA**
2849 kr/kg
verð áður 3799

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

**KALKÚNALÆRI
HÁLF ÚRBEINAD**
1329 kr/kg
verð áður 1898

AÐEINS 17 MÍN. Í OFNI

DALOON

KÍNARÚLLUR MEÐ KJÚKLINGI
VORRÚLLUR MEÐ KJÚKLINGI
VORRÚLLUR MEÐ NAUTAKJÖTI

**DALOON RÚLLUR
3 TEGUNDIR**
579 kr/pk
verð áður 669

SS

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

**LAMBAFILLE
GRAND ORANGE**
4274 kr/kg
verð áður 5699

JÓLAKLEMENTÍNURNAR ERU KOMNAR!

Tilvaldar milli mála og innihalda:

- Mikið af C-vítamínum
- Önnur vítamín svo sem þiamín (b1), ribóflavín (b2) og fólásín
- Steinefnin kalk, fosfór magnesíum og kalíum
- Járn sem er snefilsteinefni
- Einungis 45 hitaeiningar í 100gr af klementínunum

Robin



Gille piparkökur
Eins og piparkökur gerast bestar.

24
Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Gildir til 10. nóvember á meðan biggir endast.

Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is



Kolbrún býður mér inn á skrifstofu sína í húsa-kynnum Ríkissaksóknara þar sem Harpan, hafið og Esjan blasa við út um gluggann. Hún segist kunna vel við sig á þessum stað þótt skrifstofan sé ekki stór og henni leiðist bókstaflega aldrei í vinnunni, enda hafi hún alveg óskaplega gaman af að tala.

„Ég byrjaði héra 2006 og hef verið hér síðan. Útskrifaðist haustið 2005 og þetta var fyrsti vinnustaðurinn. Ég hafði verið héra á kúrsus eitt sumar á meðan ég var í náminu og fannst refsirétturinn alltaf mjög skemmtilegur. Mér finnst ég bara hafa verið mjög heppin að hafa komist hér að og er ekkert að hugsa mér til hreyfings.“

Í hverju felst starfið? „Stærsti hlutinn af starfinu felst í því að taka við fullrannsókuum málum í þeim málaflokkum sem við höfum ákærvaldið í, fara í gegnum máls-gögnin og leggja mat á það í fyrsta lagi hvort lögreglurannsókninni sé lokið og taka ákvörðun um hvort við gefum út ákæru í málinu. Ef það vantar eitthvað upp á rannsóknina þá sendum við þau aftur í rannsókn. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að sanna að sá sem er grunaður hafi framið brotið fellum við málið niður en annars leggjum við fram ákæru og fylgjum málinu eftir bæði í héraði og svo í Hæstarétti þegar maður er orðinn saksóknari. Þetta er mikill málflutningur, stundum tvisvar þrisvar í viku, og álagið alltaf að aukast. Við rannsókum líka kærur á hendur lögreglumönnum og ef lögreglustjóri hættir rannsókn máls og sú ákvörðun er kærð þá endurskoðum við þá ákvörðun. Þannig að þetta er ansi fjölbreytt starf.“

Verður að vera samræmi í dómum

Nú er mikil umræða í þjóðfélaginu um slaka nýtingu á refsiramm-anum, sérstaklega í kynferðis-brotamálum, getið þið haft einhver áhrif á það að dómur þyngist? „Ef við skoðum dóma nokkur ár aftur í tímann þá sjáum við að þeir eru alltaf að þyngjast og refsingar fyrir nauðgun eru töluvert hærri hér á Íslandi en til dæmis í Danmörku. Dómstólar eru hins vegar auðvitað bundnir af fordæmum, þeir stökkva ekkert frá þremur og hálfu ári fyrir nauðgun, eins og algengt er í dag, upp í sjö ár. Það verður alltaf að vera ákveðið samhengi en almennt eru refsingar fyrir þessi brot að þyngjast þannig að þetta gerist svona smám saman. Svo eru auðvitað skiptar skoðanir um það hvort þyngd refsinga sé það eina sem skipti máli. Ég hef dálítið verið að skoða meðferðar-úræði fyrir gerendur í kynferðis-brotamálum í samstarfi við kollega á Norðurlöndunum og þau eru mér hugleikin, sérstaklega þegar um er að ræða unga gerendur. Við þurfum að hugsa refsipólítíkina alla leið, það er ekki nóg að setja menn í fangelsi það þarf líka að reyna að vinna að því að þeir brjóti ekki af sér aftur.“

Það hefur líka vakið athygli að konur í Hæstarétti skila oft séráliti í svona málum, hafa þær aðra sýn á þau en karlarnir? „Það er erfitt að alhæfa en ég er alveg viss um það að öll reynsla okkar hefur áhrif í því sem við erum að gera. Dómarar eru engin undan-tekning frá því og sjálfsgaht hefur kynferðið einhver áhrif en mér finnst ódýrt að segja að kynferði eitt og sér ráði afstöðu. Við þekkjum ákveðna hluti sem konur og sama gildir auðvitað um karlana. Dómarar eru hins vegar alltaf að dæma eftir lögunum og það er of mikil einföldun að segja að mismunandi sýn á mál helgist bara af kynferði.“

Lagalega hugtakið er manndráp

Kolbrún var saksóknari í morð-málinu á Egilsstöðum og þar var refsiramminn nánast fullnýttur í



SAKSÓNARINN

„Auðvitað eru þetta oft alveg hræðileg mál en mér finnst mjög gaman í vinnunni.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við þurfum að hugsa refsipólítíkina alla leið, það er ekki nóg að setja menn í fangelsi það þarf líka að reyna að vinna að því að þeir brjóti ekki af sér aftur.“

héraðsdómi, er það reglan í morð-málum? „Já, það er yfirleitt sextán ára dómur fyrir manndráp. Það er ekki hægt að ganga lengra en að svipta aðra manneskju lífi þannig að í slíkum málum er refsiramm-inn alla jafna fullnýttur. Í öðrum brotaflokkum er eðlilegt að ákveðið svigrúm sé fyrir hendi þar sem brotin eru misalvarleg og aðstæður mismunandi.“

Þú talar um manndráp, er ekki talað um morð í íslenskum lögum? „Nei, lagalega hugtakið sem notast er við er manndráp. Undir manndrápshugtakið falla hins vegar mismunandi stig ásetnings, allt frá því að menn fari af stað beinlínis í þeim tilgangi að svipta einhvern lífi yfir í að það að sé langlíkleg-asta afleiðingin af háttseminni.“

Flestir þekkja störf saksóknara einungis úr amerískum bíómyndum og sjónvarpsþáttum og þar virðist þetta afskaplega „glamorous“ starf, er það raunin? „Nei, ég held þetta sé ekki einu sinni svona „glamorous“ í Bandaríkjunum. En mér finnst þetta mjög skemmtilegt starf þótt sumum finnst það kannski skrítíð, sérstaklega í ljósi þess að helmingur-inn af málunum sem maður er með eru kynferðisbrot. Auðvitað eru þetta oft alveg hræðileg mál en mér finnst mjög gaman í vinnunni, sérstaklega í málflutningi. Maður veit aldrei almennilega á hverju er von, þarf að vera vel undirbúinn og tilbúinn að takast á við eitthvað óvænt. Maður veit aldrei hvað vitn-in muni segja fyrir dómi þannig að maður verður að vera fljótur að spotta það þegar þau fara að breyta framburði og svo framvegis. Það verður oft svolítið at og það er svo spennandi.“

„Ég náði mér í skráningareyðublað og fór á kaffihús með vinkonum mínum og einhvern veginn kom þessi hugmynd upp að skella sér bara í lögfræði.“

Fjölmíðlar flækja málin

Manni hefur einmitt sýnt það undanfarið að það sé farið að færast meira fjör í leikinn í dómsölun-um... „Já, það er satt en þar koma fjölmíðlarnir líka inn í. Fjölmíðla-fólk er farið að mæta í dómsal í málum þekktara sakborninga og stundum er þetta bara nánast bein útsending úr réttarhaldinu. Fólk getur bara setið heima og skoðað netmiðlana og fylgst með flestu sem sagt er. Þessu fylgir ákveðinn vandi fyrir okkur því reglan er sú að vitni mega ekki sitja inni í sal og fylgjast með réttarhaldinu fyrr en þau eru búin að gefa skýrslu. Það er auðvitað til komið af því að það er óæskilegt að þau heyrir hvað hin vitnin segja og geti breytt vitn-isburði sínum til samræmis. Nú sitja vitnin bara með símana og fá skýrslur hinna vitnanna beint í æð. Þannig að það hefur komið fyrir að það hafi verið óskað eftir því við fjölmíðla að þeir bíði með frétt-flutning á meðan sakborningar gefa skýrslu.“

Hefur þessi aukni áhugi fjölmíðla einhver áhrif á það hvernig þið leggið málun upp? „Nei, alls ekki. Ég er allaveg þannig að um leið og ég byrja málflutninginn dett ég alveg inn í málið og hætti að taka eftir því að einhver sé að fylgjast með. Það reynir mjög mikið á ákærandann í dómsal. Auðvitað stjórna dómari þing-haldi en ákærandinn leggur málið upp og setur dagskrána upp. Yfir-leitt er það líka þannig að dómara-leyfa ákærandanum að leiða þetta áfram þannig að maður þarf að hafa mikla yfirsýn og þekkja málið mjög vel og geta brugðist við ef sakborningar og vitni breyta fram-burði og taka tillit til þess sem

„Þetta var erfið fæðing og hún varð fyrir miklum súrefnisskortri í fæðingunni. Hún var endurlífuguð en það var of seint.“

fram kann að koma sem er ákærða til hagsbóta, benda á það og taka það með í reikninginn.“

Varstu alltaf ákveðin í að fara í lögfræðina? „Nei, það var eigin-lega algjör tilviljun. Ég fór fyrst í eitt ár í íslensku og ætlaði svo í rússnesku, en hún var felld niður vegna lélegrar þátttöku árið sem ég ætlaði í hana þannig að ég þurfti að velja eitthvað annað. Ég náði mér í skráningareyðublað og fór á kaffihús með vinkonum mínum og einhvern veginn kom þessi hugmynd upp í einhverjum hálfkæringi að skella sér bara í lögfræði.“

Ög var það ást við fyrstu sýn? „Nei, ekki beint. Að koma úr Árna-garði í sal tvö í Háskólabíói með þrjú hundruð manns fannst mér ekki spennandi. En ég ákvað að láta mig hafa það og hætta bara ef ég félli í almennu lögfræðinni. Ég náði henni svo og þá varð maður að halda áfram og þá breyttist sýn mín á fagið. Ég sá að þetta hentaði mér vel og hef aldrei séð eftir því að hafa haldið mig við lögfræðina.“

Missti fyrsta barnið

Kolbrún útskrifaðist haustið 2005, þá háólétt af sínu fyrsta barni. Barnið sem var stúlka fæddist í janúar 2006 en lifði aðeins í tólf tíma. „Þetta var erfið fæðing og hún varð fyrir miklum súrefnis-skortri í fæðingunni. Hún var end-ur-lífuguð en það var of seint. Við náðum samt að skifa hana Rósu í höfuðið á mómmu áður en hún dó.“

Það er greinilegt að það er Kol-brúnu erfitt að tala um þessa reynslu og hún segir þetta hafa verið hræðilega erfiðan tíma. „Maður varð að endurraða öllum púslunum og við maðurinn minn,

Haukur Agnarsson, tókum okkur bæði góðan tíma í að jafna okkur. Ég var náttúrulega nýútskrifuð og ekki komin með vinnu þannig að ég frestaði því bara að leita mér að starfi og byrjaði ekki að vinna fyrr en í maí. Við höfðum lengi reynt að eignast barn og þetta var mjög mikið áfall og það tók bara þennan tíma að jafna sig bæði andlega og líkamlega.“

Í maí 2007 eignaðist Kolbrún annað barn sitt, stúlku sem skírð var Sigurrós, þá beið annað áfall. „Hún var með hjartagalla sem greindist þegar hún var sólar-hringsgömul og fór í aðgerð sam-dægurs. Ég viðurkenni alveg að þetta var mikið áfall en aðgerðin gekk eins og í sögu og hún þurfti ekki að vera á vökudeildinni nema í tólf daga og er hin hraustasta í dag.“

Enn eitt áfallið

Tveimur árum síðar fæddist þriðja barnið, sonurinn Vilhjálmur, sem greindist með CP-fötlun. „Hann er hreyfihamlaður og spastískur, en ofsalega duglegur strákur, gengur í göngugrind og við erum að vona að hann geti kannski sleppt henni inni við með tíð og tíma. CP verður til vegna tímabundins skorts á súr-efnisflæði til heilans á meðgöngu eða í fæðingu og það er misjafnt eftir börnum hvernig fötlunin lýsir sér. Hjá honum er þetta aðallega bundið við fæturna og miðju lík-amans en það er enginn greindar-skortur og hann á örugglega eftir að komast langt á sjarmanum.“

Þannig að þetta var eitt áfallið í viðbót? „Já, auðvitað, en það er öðruvísi áfall að eignast barn sem er fatlað. Sem foreldri vill maður auðvitað að börnin manns séu heil-brigð og eigi eftir að lifa alveg full-komnu lífi og það er erfiðast að sætta sig við að hann muni aldrei geta gert vissa hluti. En auðvitað skilur maður fljótlega að þetta er algjörlega röng hugsun, það þýðir ekkert að eyða lífinu í það að grenja yfir því sem hann getur ekki, miklu heldur að fókusera á það sem hann getur sem er alveg örútlega margt. Það eru í rauninni bara manns eigin fordómar eða þekkingarleysi sem valda því að maður hugsar svona. Ég ætla að ala hann þannig upp að hann hugsi um það sem hann geti en ekki hvað hann geti ekki. Hann er líka alveg frábær, jákvæður með fjörugt ímyndarafl og það mun fleyta honum mjög langt.“


Deit í crossfit

Hvernig gengur að púsla þessu öllu saman? Þú ert í mjög krefj-andi starfi með fatlað barn, ertu ekki alveg örmagna? „Nei, nei, nei. Ég og maðurinn minn eigum góða að, tengdamóðir mín er ekkja og vinnur ekki úti og hefur reynst okkur algjörlega ómetanleg. For-eldrar mínir hjálpa okkur líka mikið, þótt þau séu bæði útívinn-andi. Síðan skiptumst við maður-inn minn á um að sjá um heimilið en við reynum alltaf bæði að koma heim í kvöldmat og svæfum börnin og förum svo bara að vinna aftur þegar þau eru sofnuð. Ég er ekk-ert að bera á móti því að maður er oft mjög þreyttur en við hjónin byrjuðum saman í crossfit fyrir tveimur árum og það hefur hjálpað mjög mikið. Það er svo nauðsyn-legt að gefa sér tíma fyrir sjálfan sig og sinna einhverju áhugamáli. Ég finn hvað crossfit-ið gerir mér gott, þar fær maður bæði útrás og svo styrkir það líkamann. Það er mjög líkamlega erfitt að eiga fatlað barn sem maður þarf að bera mjög mikið og ég held ég væri alveg farin í bakinu ef ég væri ekki að æfa. Þetta er líka það besta sem við höfum gert fyrir okkur sem par. Einu sinni í viku fáum við barnapú og förum þá saman á æfingu, það er okkar „date night“.“

Ofan á allt annað er Kolbrún að kenna í lagadeild H.Í., meðal annars alþjóðlegan refsirétt. „Það er mitt áhugasvið innan lögfræðinnar og stundum hugsa ég að það gæti verið gaman að fara í framhalds-nám og fá að stunda rannsóknir á þessu sviði. Það kemur bara í ljós. Maður er enn þá ungur og allar leiðir opnar.“

Fánleg sem rafbók í
iBookstore

Yfir 60 ólíkar
útfærslur
af greiðslum!



Bók eftir
metsöluhöfundinn
Theodóru Mjöll

Tyrr lokkaprúðar stelpur

Ný hárgreiðslubók sem kennir ævintýralegar útfærslur
á fléttum í bland við kaðla, snúða, kúlur, hnúta og margt fleira.
Lokkaprúðar stelpur verða ekki í vandræðum
með að finna nýjar uppáhaldsgreiðslur!



www.edda.is

edda

ÍTALSKI FOLINN OG AUSTURRÍSKA EIKIN SAMEINAST Í ESCAPE PLAN

Vöðvatróllin og skapgerðarleikararnir **Sylvester Stallone** og **Arnold Schwarzenegger** áttu níunda áratuginn eins og hann lagði sig þegar kom að hasarmyndum og höfuðleðursflettingum. Nú leika þeir í fyrsta sinn aðalhlutverk í sömu myndinni.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



Eins gaman og það er að sjá Sylvester Stallone og Arnold Schwarzenegger saman á hvíta tjaldiru, þá er Escape Plan varla mikið annað en daufleg eftiröpun á poppkornsbriðum níunda áratugarins,“ segir meðal annars í dómi á kvikmyndavefsíðunni Rotten Tomatoes um Escape Plan, nýjustu mynd tveggja vinsælustu harðhousa bíósögunnar sem var frumsýnd hér á landi í gær.

Gagnrýnin er í þessu tilfelli langt því frá jákvæð, en annað mál er hvort markhópur myndarinnar búist við nokkru öðru en einmitt því sem dómurinn lýsir frá vígalegu vaxtarrættartröllunum sem báru sameiginlega ábyrgð á hinni rándýru og risavöxnu hasarmynd sem eitfísið, eins og það lagði sig, var. Pöpullinn gæti látið sig vanta (eins og sýndi sig fyrstu sýningarhelgina vestanhafs) en líklegri er að sannir unndendur þeirra Sly og Arnie kæri sig kollótta, streymi í bíóhúsin (eða streymi Escape Plan í gríð og erg á netinu) og leyfi meisturunum málhöltu að fylla vit sín af nostalgíu með nokkrum vel völdum, nærri banvænum

höggum, handsprenjum og misjafnlega hnyttum tilsvörum. Í huga margra mun nefnilega seint skipta máli hverjir freista þess að erfa krúnuna, hvort sem þeir heita Seagal eða Statham eða Damme eða Dolph, því Stallone og Schwarzenegger verða alltaf fyrstir, stærstir og bestir.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem ítalski folinn og austurríska eikin stilla saman strengi sína í bíó. Kapparnir, sem hittust fyrst við afhendingu Golden Globe-verðlaunanna í byrjun árs 1977 (þar sem Sly var tilnefndur fyrir handritið að fyrstu Rocky-myndinni og Arnie sem besti nýliðinn í Stay Hungry), höfðu fyrir síð að lauma lauflettum skotum hvor á annan í myndum sínum þegar rjástlast fór af hatrinu sem ríkti þeirra á milli í upphafi níunda áratugarins. Sly og Arnie léku líka báðir í The Expendables 1 og 2, en Escape Plan markar þau tímamót að í þetta sinn eru aðalhlutverkin í höndum þeirra beggja.

Rétt eins og mannskeppan, og sér í lagi alheimsnórdinn, hefur síðustu áratuginna flokkað sig í Bítlafólk frekar en Stóns og kosið hunda fram yfir ketti eru verðleikar þeirra Sly og Arnie fyrir löngu orðnir sígilt bitbein, samræðuhvetjandi samkvæmisleikur sem aldrei fæst skothelt svar við. Þó má reyna fram í rauðan dauðann, enda fátt skemmtilegra, og ólíklegt að samruninn í Escape Plan breyti nokkru þar um.



ESCAPE PLAN Arnold Schwarzenegger og Sylvester Stallone bástust lengi á banaspjót en eru orðnir mestu mátar í seinni tíð.

SYLVESTER STALLONE

492
FJÖLDI FELLDRÁ
ANDSTÆÐINGA

RAMBO (2008)
Flestir felldir í mynd
247 MANNSS

67 ÁRA
FÆDDUR 6. júlí 1946



ROCKY IV (1985)
Tekjahæsta mynd
á heimsvísu
37 milljarðar íslenskra króna.

**Tekjur af myndum í
aðalhlutverki alls**
417 milljarðar íslenskra
króna
35 MYNDIR



Erfiðasti andstæðingur
Viethömsku og afgönsku herirnir eins og þeir leggja sig gætu reynt jafnvel harðsnúnuðu jöxlum illviðráðanlegur andstæðingur, rétt eins og sovéska steratröllin Ivan Drago, en erfiðasti andstæðingur Stallone hlýtur þó að vera alkóhólisminn sem hann glímdi við í Copland.

Helsta sérkenni
Í kjölfar erfiðleika í fæðingu skar skurðlæknir óvart í sundur taugar í andliti hans nýborna Sly með þeim afleiðingum að vinstri hlið andlitsins lamaðist að hluta. Sérkennilegan talanda og óskýran framburð Stallone má rekja til þessa.



Helstu verðlaun
Rocky (1976) hlaut Óskarsverðlaun fyrir bestu mynd, en sjálfur var Stallone einungis tilnefndur sem besti leikari í aðalhlutverki og fyrir besta frumsamda handrit fyrir myndina, sem verður að teljast nokkuð góður árangur. Sly hefur hins vegar fengið flestar tilnefningar og unnið oftast allra til Gulla hindbersins, sem verðlaunar slaka frammistöðu í kvikmyndum.



Bernskubrek
Fyrsta mynd Stallone var hin ljósbláa The Party at Kitty and Stud's frá 1970, sem síðar var endurútgefin undir nafninu The Italian Stallion. Í viðtölum hefur leikarinn lýst því yfir að valið hefði staðið milli þess að leika í myndinni eða ræna einhvern, þar sem hann hafi verið heimilislaus á þeim tíma.

4,4
MILLJÓNIR
læk á Facebook

Mestu mistökin
Stop! Or My Mom Will Shoot (1992)

Óvæntasta útspilið
Sly söng á móti sjálfri Dolly Parton í myndinni Rhinestone frá 1984.



ARNOLD SCHWARZENEGGER

547
FJÖLDI FELLDRÁ
ANDSTÆÐINGA

COMMANDO (1985)
Flestir felldir í mynd
88 MANNSS

66 ÁRA
FÆDDUR 30. júlí 1947



TERMINATOR 2: JUDGEMENT DAY (1991)

Tekjuhæsta mynd á heimsvísu
64 milljarðar íslenskra króna.

Tekjur af myndum í aðalhlutverki alls
429 milljarðar íslenskra króna
23 MYNDIR



Erfiðasti andstæðingur
Blóðþyrsta geimveran í Predator var erfið viðureignar en á þó lítið í sjálfan Satan sem Arnie átti í höggi við í End of Days.



Helsta sérkenni
Austurríska hreimurinn er löngu orðinn stór hluti af kvikmyndasögunni og mun sjá eftirhermunum á borð við Pablo Francisco fyrir efni um ókomin ár, eins hrikalegt og það kann að hljóma. Sagan segir að Arnold sæki reglulega tíma hjá talþjálfara til að viðhalda hreimnum góða.

Helstu verðlaun
Schwarzenegger var valinn besti nýliðinn fyrir Stay Hungry á Golden Globe-hátíðinni og var á einhvern óskiljanlegan hátt tilnefndur til sömu verðlauna fyrir frammistöðu sína í grínmyndinni Junior átján árum síðar. Hann er hins vegar margkrýndur Herra heimur og skyldi engan undra.

Bernskubrek
Í heimildardramanu Pumping Iron frá 1977 sést Arnie reyka gras og hefur síðar haldið því fram að marijúana sé alls ekkert eiturlyf. Ekki skal dæmt um það hér en The Governator, eins og hann er stundum kallaður, hefur líka margsinns verið ásakaður um kynferðislega áreitni gegn konum, allt frá því á áttunda áratugnum og fram til dagsins í dag.



5,8
MILLJÓN
læk á Facebook

Mestu mistökin
Junior (1994)



Óvæntasta útspilið
Kosinn ríkisstjóri Kaliforníu 2003.



KIT-5KSB5553EWH

Pú sparar 5.000**KITCHENAID BLANDARI**

VERÐ ÁÐUR 42.990
 TILBOÐSVERÐ 37.990
 ÞÚ SPARAR 5.000



65005209

20%**AEG PRESSA**

VERÐ ÁÐUR 19.999
 TILBOÐSVERÐ 15.999
 ÞÚ SPARAR 4.000

23%

SEV-AT2514

**SEVERIN STÁL**

VERÐ ÁÐUR 6.495
 TILBOÐSVERÐ 4.999
 ÞÚ SPARAR 1.496

FRANCIS FRANCIS X7 ESPRESSOVÉL

VEGLEGUR KAUPAUKI

Pú sparar 7.000

VERÐ ÁÐUR 36.900
 TILBOÐSVERÐ 29.900
 ÞÚ SPARAR 7.000



45341160

20%

ITÖLSK GÆÐI

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR**ÖLL HEIMILISTÆKI****ALLT AÐ****500****AFSLÁTTUR****bygggtogbúid**

568 9400 bygggtogbuid.is | Kringlunni

**35%****iPRO 2000W**

VERÐ ÁÐUR 10.999
 TILBOÐSVERÐ 7.149
 ÞÚ SPARAR 3.850

67024724

20%**CLOER VÖFFLUJÁRN**

VERÐ ÁÐUR 9.999
 TILBOÐSVERÐ 7.999
 ÞÚ SPARAR 2.000

CLO-1629

**20%**

SEV-PC3751

SEVERIN POPPVÉL

VERÐ ÁÐUR 5.995
 TILBOÐSVERÐ 4.796
 ÞÚ SPARAR 1.199

**20%**

65005870

SKAFTRYKSUGA ERGORAPIDO

VERÐ ÁÐUR ... 24.900
 TILBOÐSVERÐ ... 19.900
 ÞÚ SPARAR ... 5.000

PIZZAOFN ARIETE

ARI-DC904

VERÐ ÁÐUR 16.999
 TILBOÐSVERÐ 14.449
 ÞÚ SPARAR 2.550

KitchenAid

HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT

**20%**

HRÆRIVÉL HVÍT + ÁHALDASETT
 VERÐ ÁÐUR ... 99.980
 TILBOÐSVERÐ ... 79.990
 ÞÚ SPARAR ... 19.990

69001001

HRÆRIVÉL LITUÐ + ÁHALDASETT
 VERÐ ÁÐUR ... 102.980
 TILBOÐSVERÐ ... 82.990
 ÞÚ SPARAR ... 19.990

69001003

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN

Russell Hobbs

**20%****FAMILY**

VERÐ ÁÐUR 16.995
 TILBOÐSVERÐ 13.596
 ÞÚ SPARAR 3.399

RUS-1887056

COMPACT

VERÐ ÁÐUR 11.995
 TILBOÐSVERÐ 9.596
 ÞÚ SPARAR 2.399

RUS-1885056

Allt að 42% minni fjá**20%****TRISTAR SALT&PIPAR KVÖRN**

• TVEIR Í PAKKA
 VERÐ ÁÐUR 5.990
 TILBOÐSVERÐ 4.792
 ÞÚ SPARAR 1.198

TRI-PM4005

**Pú sparar 6.000****iROBOT 620 RYKSUGUVÉLMENNI**

VERÐ ÁÐUR 59.995
 TILBOÐSVERÐ 53.995

IRO-620

SÆNSKT NUDD**20%****NUDDSESSA**

VERÐ ÁÐUR 22.980
 TILBOÐSVERÐ 18.384
 ÞÚ SPARAR 4.596

58120215

SEVERIN KAFFIVÉL SÝÐUR VATNIÐ


VERÐ ÁÐUR 17.999
 TILBOÐSVERÐ 14.999
 ÞÚ SPARAR 3.000

SEV-KA5700

**KENWOOD MATVINNSLUVÉL**

VERÐ ÁÐUR 12.999
 TILBOÐSVERÐ 10.999
 ÞÚ SPARAR 2.000

KEN-FPP210

ÓDÝRI HEIMILISTÆKJA MARKAÐURINN ALLT Á 2.990**40%****25%****25%****25%****25%****25%****SERÍUR KAPTU TVÆR OG FÁÐU PÁ ÓDÝRARI Á 50%****50%****BAB SLÉTTUJÁRN**

VERÐ ÁÐUR 7.999
 TILBOÐSVERÐ 4.000
 ÞÚ SPARAR 4.000

BAB-ST225E

**TRISTAR TÖFRASPROTI + SAXARI OG PEYTARI**

VERÐ ÁÐUR 9.999
 TILBOÐSVERÐ 7.999
 ÞÚ SPARAR 2.000

TRI-MX4157

**50%****TRISTAR BAÐVOG**

VERÐ ÁÐUR 4.990
 TILBOÐSVERÐ 2.495
 ÞÚ SPARAR 2.495

43902421

**LEIKHÚSSTJÓRINN**

„Það var vissulega allt í kaldakoli fjárhagslega hjá félaginu og þá eru viss tækifæri í að hugsa hluti upp á nýtt, það er alltaf viðspyrna á botninum,“ segir Ragnheiður.

MYND/AUBUNN

Staðarstolt er uppáhaldsorðið

Ragnheiður Skúladóttir er að stýra Leikfélagi Akureyrar út úr holskeflu skulda, hægum en öruggum skrefum, auk þess að ala upp leikhúsfólk framtíðar og starfrækja vinnustofur. Áður mótaði hún starf leiklistar- og dansdeildar Listaháskólans.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég held ég kveiki bara á kertum fyrst það er byrjað að snjóa,“ segir Ragnheiður Skúladóttir, leikhússtjóri á Akureyri, meðan við komum okkur fyrir á skrifstofu hennar í hinu virðulega Samkomuhúsi. Hún hafði komið röltandi heiman frá sér eftir hádegismatinn, enda býr hún steinsnar frá, ásamt eiginmanni sínum, Bjarna Jónssyni, leikskáldi, þýðanda og dramatúrg. „Við fluttum hingað í fyrrasumar og duttum niður á góða íbúð til sölu hér rétt hjá,“ upplýsir hún og bætir við. „Ég er hér fyrir norðan flestum stundum en Bjarni er meira á flakkinu.“

Ragnheiður var ráðin til Leikfélags Akureyrar í mars 2012 sem listrænn ráðunautur og frá síðustu áramótum sem leikhússtjóri. Vitað var að fjárhagur félagsins væri þröngur, varð hún ekki að hleypa í sig kjarki til að sækja um? „Ég þurfti nú bara eina ferð hingað norður til að sannfæra um að þetta væri eitthvað sem væri vert að takast á við og stend alveg við það. Er að verða nógu gömul til að fylgja innseinu og trú þvi að ég hafi valið rétt. Það var vissulega allt í kaldakoli fjárhagslega hjá félaginu og þá eru viss tækifæri í að hugsa hluti upp á nýtt, það er alltaf viðspyrna á botninum.“

Hefur gengið vel? „Já og nei. Svo það sé sagt þá hefur þetta verið töff. Ég ætti eiginlega að hafa áletrað hér yfir dyrunum: Góðir hlutir gerast hægt. Eins og hjá öðrum fyrirtækjum tekur tíma fyrir félagið að byggja sig upp. Við höfum þurft að sníða okkur stakk eftir vexti sem skilar sér meðal annars í löngun til samvinnu bæði við aðrar menningarstofnanir og listamenn. Frá því ég kom hingað norður höfum

við opnað glugga og dyr og sagt: Hér erum við, endilega hafið samband.“

Djásnið í krúnunni

Í Samkomuhúsinu er 210 manna salur. „Leikurum finnst salurinn yndislegur því nálægðin er svo mikil við áhorfendur og hljómburður er mjög góður,“ segir Ragnheiður og lýsir líka Rýminu, litlu sviði sem líkist svörtum kassa og er í húsi skammt frá. „Í Rýminu starfrækjum við það sem við köllum djásnið í krúnu okkar – Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar sem María Sigurðardóttir, forveri minn í starfi, stofnaði 2009. Við erum með 77 nemendur þar á þessari önn í 3. til 10. bekk. Sumir hafa verið með frá byrjun. Þetta er hellings starfsemi sem ég tók við með mikilli gleði.“ Ragnheiður segir leiklistarskólann miða að frumsköpun því nemendur geri allt sjálfir. „Þetta er eini skólinn á landinu sem er tengdur atvinnuleikhúsi, þannig að við erum með uppeldisstöð. Tvær stúlkur úr skólanum leika til dæmis í verkinu Sek eftir Hrafnhildi Hagalín sem við erum með á fjölnunum núna.“

Önnur skrautfjöldur í starfsemi Leikfélags Akureyrar er vinnustofur fyrir listamenn. Þangað sækir fólk bæði hérlendis og erlendis frá. „Ég hugsaði þegar ég kom hingað, ókei, við erum með litla peninga til að setja upp sýningar en hvað fleira getum við gert til að nýta þá góðu aðstöðu sem hér er? Þá komum við á laggirnar þessum vinnustofum. Eina reglurnar eru þær að listafólkið tengist bænum á einhvern hátt og það kynni sín verkefni í lokin. Hingað til hefur starfsemin verið bundin við sviðslistir en það á eftir að breytast.“

Gullna hliðið afmælisýning

Leikfélag Akureyrar á 40 ára afmæli sem atvinnuleikhús og á þessu leikári fara ellefu sýningar þar á fjalirnar, sumar eru gestasýningar. Fjögur íslensk verk eru flutt af leikfélagsfólki. Það

er Sek eftir Hrafnhildi Hagalín sem búið er að frumsýna, Söngur hrafnanna, nýtt verk eftir ungt leikskáld, Árna Kristjánsson, sem leikfélagið setur upp í samvinnu við Útvarpsleikhúsið. Það fjallar um Davíð Stefánsson skáld en þann 1. mars 2014 verða 50 ár frá andláti hans og verkið verður frumflutt í Davíðshúsi. Svo er frumsamið verk fyrir krakka, frá fjögurra ára aldri eftir leikhóp hússins. Það byggir á eyfirkum þjóð- og draugasögum. Afmælisýningin er svo Gullna hliðið. Egill Heiðar Anton Pálsson setur það upp. „Egill Heiðar setti upp Leigumörðingjann hjá okkur í fyrra. Hann er nýráðinn prófessor við Ernst Buch-háskólann í Berlín, mjög fær leikstjóri sem er eftirsóttur víða,“ segir Ragnheiður ánægjulega.

Heyrst hefur að flestir leikararnir á sviði Samkomuhússins séu að sunnan. Hvað segir Ragnheiður um það?

„Það er aldrei hægt að gera öllum til geðs, það er alveg á hreinu. Í fyrra var fastráðin hjá LA Anna Gunnis Guðmundsdóttir sem er héðan og steig sín fyrstu skref á sviði í Samkomuhúsinu, fór svo suður og menntaði sig og kom aftur. Hún er reyndar farin í meistaranám í kvikmyndaleikstjórn til New York. Þráinn Karlsson er á sviðinu í Sek. Saga Jónsdóttir og Sunna Borg verða í Lísu og Lísu, sem er nýtt verk eftir ungt, írskt leikskáld. Jón Gunnar sem er starfandi hér, leikstýrir því verki. María Pálsdóttir, sem er ættuð héðan, er verkefnaráðin við Gullna hliðið. Svo ég held það halli ekkert á heimamenn í vetur. Mér er umhugað um að við séum í uppbyggingarstarfi því við erum á ríkisframlögum og í mínum huga berum við vissa ábyrgð þar af leiðandi, sem felst ekki bara í því að setja upp kassastykki heldur að huga að þróun þessarar listgreinar sem leiklistin er. Það er alltaf gott að hleypa heimdraganum. Ég þekki það sjálf. Hins vegar eru það aðstæðurnar í heimahögunum sem ráða því hvort fólk vill koma

þangað aftur. Hér verðum við að gera eitthvað sem dregur fólk að, bæði þátttakendur og ferðamenn. Talandi um þetta heyrði ég á leiðarþingi Eyþings um daginn orðið staðarstolt. Það lýsir í einu orði því sem ég vil standa fyrir.“

Ofurmenntuð leikkona

Sjálf bjó Ragnheiður í Bandaríkjunum í 13 ár, frá 21 árs aldri. Þá ákvað hún að sækja um nýja stöðu deildarforseta leiklistadeildar í Listaháskóla Íslands, fékk hana, skildi sitt ameríska líf eftir og flutti heim á viku árið 2000. Þar tók hún yfir leikaranámið og stofnaði svo með sínu samstarfsfólki braut sem heitir Fræði og framkvæmd ásamt dansbraut. „Þetta var spennandi verkefni fyrir 34 ára konu að taka við á sínum tíma,“ rifjar hún upp. „Hins vegar finnst mér að fólk eigi ekki að vera of lengi í sama stjórnunarstarfinu, það er hvorki hollt fyrir stofnunina né persónuna.“

Varstu í námi í Bandaríkjunum. „Já, ég er með bæði BA-gráðu og meistaraáráði í leiklist. Þannig að ég er ofurmenntuð leikkona og leik ekki neitt, nema nú er ég að leika leikstjóra Leikfélags Akureyrar. Maður tekur að sér ýmis hlutverk í lífinu!“ svarar hún hlæjandi. Eftir BA-nám í Iowa City með áherslu á leikarann og þriggja ára meistaranám í Minneapolis kveðst hún hafa flutt til New York og leikið þar og kennt í fjögur ár eftir útskrift. „Í programminu í Minnesota fékk ég tækifæri til að kenna BA-nemendur, sem meistaranemi. Þá fann ég kennarann í mér!“ segir hún glaðlega.

Fann Bjarna hjá Útvarpinu

Ragnheiður stofnaði, ásamt Bjarna manni sínum og Guðrúnu Jóhannu Guðmundsdóttur, leiklistarhátíðina Lókal árið 2008. „Við vorum að ljúka 6. hátíðinni nú í lok ágúst. Lókal er okkar barn og er í okkar örmum,“ lýsir hún. En skyldi Leikfélag Akureyrar hafa stuðning af Bjarna manni hennar? „Það er ekkert sem hann hefur tekjur af. En þegar hjón eru í sama fagi og

„Það er alltaf gott að hleypa heimdraganum. Ég þekki það sjálf. Hins vegar eru það aðstæðurnar í heimahögunum sem ráða því hvort fólk vill koma þangað aftur.“

mjög nán er óhjákvæmilegt að það sé alls konar stuðningur innifalinn í því.“ Þegar forvitnast er um hvar hún hafi fundið Bjarna svarar hún. „Ég held ég hafi ekki verið búin að vera á Íslandi nema nokkra mánuði þegar við hittumst á fundi hjá Útvarpsleikhúsinu. Hann var að vinna þar.“

Bjarni á tvo syni sem búa fyrir sunnan. „Það er mikilvægt að eiga íbúð í Reykjavík sem við höfum sem miðstöð þegar við erum þar. Ég fer reglulega í bæinn, bæði til að funda og fara á sýningar. Það hefur hist þannig á að ég hef ekki verið á frumsýningum og finnst það ágætt, ég er búin að stunda frumsýningar síðustu árin. Nú tókum við tarnir og sjáum nokkrar sýningar um helgi. Svo fer ég líka talsvert til útlanda og sé sýningar þar. Það er nauðsynlegt að hafa yfirsýn. Þegar starfið er líka áhugamál þá blandast þetta ágætlega saman.“

Gjöf að koma norður

Leikhússókn Íslendinga er með eindæmum að mati Ragnheiðar. Hún nefnir að auk Leikfélags Akureyrar séu í Eyjafirði tvö öflug áhugaleikfélög, Freyvangsleikhúsið og Leikfélag Hörgdæla. „Það sem mér fannst merkilegt við að koma hingað var þessi sterka félagastarfsemi, ótal félög, klúbbar og kórar svo eitthvað sé nefnt. Norðurland á símfónihljómsveit og svo er þessi blómlega myndlistarsena. Mér finnst það stundum gleymast hversu mikil atvinnustarfsemi er í menningu og listum utan höfuðborgarsvæðisins. Ég sé þetta sem Reykvíkingur og ég lít á það sem gjöf að hafa fengið að koma hingað norður og skipta um sjónarhorn.“

Nýjar og spennandi sögur



Kynningarverð
4.999,-
Fullt verð 5.999,-

Sæmd

Guðmundur Andri Thorsson

ÚTGÁFUBOD!

Við fögnum útgáfu skáldsögunnar **Sæmd** eftir **Guðmund Andra Thorsson** í dag, laugardag, kl. 17.00. **Léttar veitingar. Allir velkomnir.**



Kynningarverð
3.799,-
Fullt verð 4.399,-

Tímakistan

Andri Snær Magnason

Það sigrar enginn heiminn sem ekki getur sigrað tímann.

Bók sem beðið hefur verið eftir!



Kynningarverð
4.999,-
Fullt verð 5.999,-

Við Jóhanna

Jónína Leósdóttir

„Eftirminnileg og **einstök** ástarsaga sem varpar ljósi á umbrotatíma í íslenskri samtímasögu.“



Jón Yngvi Jóhannsson / Fréttablaðið



Kynningarverð
4.999,-
Fullt verð 5.999,-

Alla mína stelpuspilatíð

Sigríður K. Þorgrímsdóttir

„**Feikilega skemmtileg kona ... með mikinn húmor fyrir sjálfri sér ...**“

Friðrika Benónýsdóttir / Kiljan



**BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

Kynningarverð gildir til og með 11. nóvember

LÓFINN PRÓAST MEÐ TÍMANUM

Fastmótuð örlög

Áður fyrr töldu lófalesarar að hlutskipti manna væri fastmótað og því átti aðeins lesa einu sinni í lófa hvers manns. Lófalesarar í dag segja að höndin breytist í tímans rás og þar af leiðandi sé gott að líta oftar í lófanum en aðeins einu sinni.

Dickens

Bulwer Lytton lávarður skrifaði bók um lófalestur og sagt er að rithöfundurinn Charles Dickens hafi sökt sér niður í hana. Lófalestur er einnig þekktur undir nafninu chiromancy sem er dregið af gríska orðinu kheir sem þýðir hönd og manteia sem merkir spádómur.

Spákona eða miðill

Spákona/maður les í spil, spáir í bolla, rúnir eða notar aðrar spádómsaðferðir sem þau kjósa. En spámiðill er sá sem er gæddur miðilshæfileikum og getur haft samband við fólk að handan.

Lífsgátan ráðin?

Eftir hrunið komu bankamenn til Sálarannsóknafélags Íslands til þess að fá svar við spurningunni: Hvað verður um mig?

LESIÐ Í LÓFA LEYNDARMÁLIN LEYNAST Í LÍNUM LÓFANS

1 LÍFLÍNAN Ef hún liggur mjög nálægt þumalfingrinum þá er fólk frekar kaldlynt og þröngsýnt og á ekki gott með að blanda geði við aðra. En ef hún liggur vel inn í lófanum bendir það til að viðkomandi sé frjálslyndur, umburðarlyndur og semji vel við aðra. Línur sem liggja þvert á líflínuna eru áhyggjufullnar.

2 HÖFUÐLÍNAN liggur þvert á lófanum og byrjar oft fyrir neðan vísfingur. Þetta er línun sem sýnir gáfnafar og atgervi. Eftir því sem línun er lengri því meiri gáfu hefur viðkomandi, en það þarf líka að nota þær annars dofna línun. Ef línun liggur þvert yfir lófanum þá er viðkomandi raunsær og hygginn en eftir því sem hún vísar lengra upp í lófanum þá bendir það til hugmyndaauðgi, sköpunargáfu og frjós ímyndunarafis.

3 HJARTALÍNAN Ef hún liggur upp milli vísfingurs og löngutangar þá bendir það til jafnvægis milli skynsemi og tilfinninga. Vísi hún undir vísfingur, þá er aðilinn rómantískur og ekki alltaf raunsær í hjartans málum. Ef hún vísar svo undir löngutöng þá er það merki um að fólk sé ástríðufullt en frekar kaldlynt og á það til að vera eigingjarn.

4 SAMÚÐARLÍNA Sú lína sem liggur skáhallt yfir Júpítersfjallið sem er fyrir neðan vísfingur er kölluð samúðarlína. Það getur verið erfitt fyrir þann sem hefur þessa línu vegna þess að hún bendir til mikils hæfileika og tilhneigingu til að finna til með öðrum og bera byrði þeirra.

Langatöngin segir meðal annars til um skynsemi og skipulagshæfileika.

Baugfingur eða sköpunarfingurinn segir til um listhneigð og sköpunargleði.

Litli fingurinn segir til um tjáningu. Ef hann virðist vera neðar á hendinni en hinir fingurnir er hann kallaður fallni fingurinn og bendir til þess að lífið gangi svona upp og niður hjá fólk.

5 ÖRLAGALÍNAN liggur frá úlnlið og fram yfir lófanum. Breytingar á henni segja til um lífshlaup manneskjunnar og hvort hún viti hvað hún vilji. Ef hún er mjög slitin, eða ekki til staðar, þá er manneskjan hringlandi allt lífið út í gegn.

6 VENUSARBELTI Lína sem liggur nær fingrunum en hjartalínunni. Það bendir til þess að sá sé ofurviðkvæmur og svolítið auðsærður sem hefur hana.


7 SÓLARLÍNA er misjöfn að lögun og staðsetningu en byrjar oftast hjá úlnlið og liggur fram í lófanum. Hún er línun sem sýnir velgengi í lífinu og persónulegum málum. Það er gott að hafa þessa línu og sagt er að þeir sem hafi hana ekki muni lifa venjulegu lífi án þess að verða mjög þekktir á sínu sviði.

Vísfingur er sjálfíð. Ef vísfingurinn hallar að löngutöng þá fylgir persónan frekar fjöldanum, en ef hann snýr frá þá fer hún sínar eigin leiðir.

Þumalfingur Segir til um rökhusun og vilja fólks.

8 MERKÚRLÍNA liggur frá líflínu og skáhallt upp að litla fingri. Hún er einnig kölluð heilsulína og það er talið gott að hafa hana ekki.

9 LÆKNINGARISPU Þetta er nærfærin manneskja sem hlúir vel að öðrum, hvort sem um er að ræða menn eða dýr.



lesid er. Sigrún sagði mér frá því helsta sem hún skoðar þegar hún les í lófa.

PRJÁR AÐALLÍNUR

Aðallínurnar í lófanum eru þrjár og það eru skörpustu línurnar í lófanum. Þær eru líflínan sem liggur næst þumalfingri, höfuðlínun sem er í miðjunni og hjartalínun sem liggur efst af þessum þremur.

PRÍHYRNINGUR Í LÓFA

Var áður fyrr sagður vera tákn um peninga. En Sigrún segir að þetta sé gæfumerki, og það getur margt verið meiri gæfa en peningar.

DULARKROSS

Kross í ferningi sem er á milli hjarta- og höfuðlínu er kallaður dularkross. Hann bendir til þess að manneskjan hafi einhverja dulræna hæfileika og geti verið næm. En það er ekki víst að hún viti af þeim hæfileikum sínum.

→ Áður en lófalesturinn hefst þarf sá sem þiggur lófalesturinn að spenna greipar. Þumalfingur þeirrar handar sem lendir ofan á segir til um að það sé rétta höndin að lesa í. Það er höndin sem okkur er gefin en hin höndin sýnir svo hvernig við vinnum úr því sem okkur er gefið.

Lófinn lýgur aldrei

Lófalestur er aldagamalt fyrirbæri en er þó ekki áberandi hér á landi þótt flestir hafi heyrt um hann. **Sigrún Lárusdóttir** er ein þeirra sem spá í lófa gesta sem leggja leið sína í Spákonuhof til að leita svara við þeim spurningum sem brenna á þeim. Hvert ár koma um tvö þúsund manns í heimsókn þangað og biðja flestir um að láta spá fyrir sér.

reinskilni er mér afar mikilvæg," segir Sigrún Lárusdóttir sagnakona og spákona í Spákonuhofi á Skagaströnd þegar ég spyr hana hvort hún segi frá öllu sem hún sér í lófa þess sem hún les fyrir. Sigrún les ekki einungis í lófa heldur í hvaða þá spádómsaðferð sem hver og einn kys sér. Hún segir að þeir sem hún spái fyrir sé fólk af öllum gerðum og stærðum. Það eru ekki aðeins konur sem eru forvitnar, heldur líka karlar, en konurnar eru þó í nokkrum meirihluta. Aldursdreifingin er líka mikil og hefur Sigrún spáð fyrir manneskju sem var í kringum nírrætt, en hún biðst undan því að spá í lófa fólks sem er yngri en sextán ára. Það sé vegna þess að löfín þeirra er ekki fullmótaður að hennar sögn. Þau hafi að vísu aðallínurnar þrjár, líf-hjarta- og höfuðlínu, en hinar línurnar sem skipta alveg jafn miklu máli eru ekki fullmótaðar. Sigrún segir þó að sumir einstaklingar fái aldrei fullmótaðan lófa og sé það vegna þess að í lífi þeirra eru svo mikil umbrot að löfín nær ekki utan um það.

Ef Sigrún spáir fyrir einhvern í bolla eða spil þá biður hún samt um að fá líka að líta í lófanum. Vegna þess að löfín segir mun meira um manneskjuna sjálfa en kaffiblettirnir í bollanum. Sigrún er búin að lesa allt sem hún hefur fundið um lófalestur og stundað hann í áratugi. „Ég trúi því staðfastlega að löfín ljúgi aldrei, en það er misviturt fólk sem les í hann. Það getur gert vitleysu, en löfín segir satt.“ Það er ekki hægt að draga nýjan lófa og þar af leiðandi er

hægt að halda því fram að hann sé áreiðanlegri upplýsingamiðill. Sigrún segir að hún geti lesið í það sem okkur var gefið í vöggugjöf, „en það verður hver að taka ábyrgð á sínum axasköftum sjálfur, því verður ekki breytt“.

Er lófalestur vísindi?

Lófalestur er alls ekki nýr af nálinni. Það að rýna í lófa til þess að sjá fyrir atburði eða lesa í persónuleika fólks nær aftur til Forn-Egypta. Talið er að lófalestur eigi uppruna sinn í Austurlöndum og segir Sigrún að líklegast sé að hann eigi rætur sínar að rekja til Indlands. Þekktir heimspekingar eins og Platón, Sókrates og Aristóteles voru allir lófalesarar sem gefur til kynna hvað þetta eru fornfræði sem voru í hávegum höfð. Talið er að Alexander mikli hafi haft mikinn áhuga á lófalestri eftir að Aristóteles kynnti hann fyrir efninu og átti hann til að skoða lófa liðsforingja sinna til þess að greina eðli þeirra. Aristóteles sagði að línur væru ekki ristlar í hendur manna að ástæðulausu. Þær kæmu frá himneskum áhrifum og einstaklingseðli mannsins. Í kringum 19. öld var lófalestur gerður mun fræðilegri en áður hafði þekkt. Maður að nafni Captain Casimir Stanislas D'Arpentigny eyddi þrjátíu árum í rannsóknarvinnu áður en hann gaf út rit um lófalestur. Hvort sem lófalestur byggist á vísindum eður ei, er samt hægt að halda því fram að hann byggist á athugulur lesara og innsæi hans gagnvart manneskjunnar sem situr á móti honum með framréttan lófan. Hæfileikar lófalesara eru jafn mismiklir og þeir eru margir.



Lófinn eins og opin bók

Sigrún vill meina að lófalestur sé ekki endilega spádómur, eins og tarot-spil eða bollaspár, heldur er verið að lesa einstaklinginn eins og bók. Línurnar, hæðirnar og lögun lófans eru þá orðin. En þótt lófalestur sé ekki séð nákvæmlega hvað það er. Hún segir fólk frá því og oftar en ekki þá deilir það reynslu sinni með henni.

Sú lína sem flestir kannast við er líflínan og þeir sem koma til Sigrúnar hafa stundum nokkrar áhyggjur ef hún er stutt. „Fyrsta

spurningin sem ég fæ oftast er: Verð ég gömul kona eða gamall maður? En stutt líflína getur líka verið merki um miklar breytingar og stundum hefur maður séð líflínu sem byrjar, svo kemur alveg rof í hana, og síðan heldur hún áfram. Fólk er alveg bráðlifandi en það hafa samt einhver ósköp gengið á á þeim tíma sem hún fór í sundur," segir Sigrún. Þegar kemur að líflínunni þá segir hún: „Það er nú betra að eiga gott líf þótt það sé einhverjum árum styttra en að verða örvasa til hundrað ára aldurs.“

Vera Guðrún Borghildardóttir

Höfundur er nemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands.



“Fyrsta spurningin sem ég fæ oftast er: Verð ég gömul kona eða gamall maður? En stutt líflína getur líka verið merki um miklar breytingar

Sigrún Lárusdóttir, sagnakona á Skagaströnd

HÚÐVÖRUR

LAUGARDAGUR 9. NÓVEMBER 2013

Kynningarblað BB-krem, græðandi smyrsl og gjafapakkar.

Kamillublómið gerir hörundinu gott

Farðahreinsilínan okkar með kamillublómi samanstendur af fjórum vörutegundum sem þrifa burt allar tegundir af farða og eru einstaklega mildar og góðar fyrir hörundið.



Mildur augnfarðahreinsir með kamilluseyði

Þú einfaldlega bleytir þaðmullarskífu með vökvanum og notar til að strjúka farðann burt.

1690 kr. (250ml)

690 kr. (60ml)

Hreinsivökvi ætlaður vatsheldum augnfarða og varalit

Þessi hristist fyrir notkun. Áhrifaríkur en samt svo mildur að þeir sem nota linsur í augun geta líka notað hann.

2490 kr. (150ml)



Silkimjúk hreinsiólía

Olían er sett í lófann og er nuddað í húð andlitsins þar til farðinn leysist upp. Hreinsast síðan af með volgu vatni. Gælir við hörundið og nærir það.

2990 kr. (200ml)

„Cleansing butter“-farðahreinsir

Notist þegar þú kýst að gera andlitshreinsun að sannkölluðu dekri. Inniheldur auk kamilluseyðisins m.a. unaðsmjúka ólífuolíu og smjörtrésmauk.

2890 kr. (90ml)



KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

Sendum í póstkrofu, sé þess óskað: s. 564 6552

Sléttara yfirborð og jafnari áferð

BB krem hafa rutt sér til rúms á snyrtivörumarkaðnum undanfarin misseri og nú er svo komið að öll helstu snyrtivöruverki heims hafa sett slík krem á markað. Þeim er ætlað að jafna húðlitinn og gefa sléttara yfirborð.

BB stendur fyrir Blemish Balm eða Beauty Balm. Blemish getur þýtt flekkur eða lýti og er BB kreminu ætlað að hylja slíkt. Kreimið náði fyrst útbreiðslu í Asíu en hefur í auknum mæli sótt inn á Vestrænan markað. Kreimið er í senn serum, rakagjafi, grunnur meik og sólarvörn.

BB krem eru sögð jafna húðlitinn og gefa líflausri húð bjartara yfirborð. Þau eiga að draga úr roða og gera húðina mattari. Útkoman er sléttara yfirborð og jafnari áferð. Kremin hylja sömuleiðis fínar línur og hrukkur.

Margir nota BB-krem sem grunn eða undirlag undir annan farða en þau má einnig nota ein og sér. Þau hylja þó ekki bólur og ör og þarf eftir sem áður að nota hyljara á slíkt.

Kremin hafa vakið lukku hjá þeim sem vilja draga úr merkjum öldrunar. Mörg BB-krem innihalda sólarvörn og verja því húðina fyrir óæskilegum áhrifum sólar sem flýttir, eins og flestir vita, enn frekar fyrir öldrun húðarinnar.

Kremin eru af ýmsum gerðum og er hægt að fá þau fyrir mismunandi húðgerðir og húðlit.

BB-kremin hafa nú þegar ratað í milljónir snyrtiveskja um heim allan og er því spáð að innan tíðar verði þau jafn sjálfsögð snyrtivara og púður.



BB-kremum er ætlað að jafna húðlitinn. Helstu snyrtivöruframleiðendur heims hafa sett slík krem á markað. Þau eru því til af ýmsum gerðum og er hægt að fá fyrir mismunandi húðgerðir og húðlit.

Græðandi - og ekki bara fyrir bossa

Bepanthen® er alhliða græðandi smyrslí sem veitir húðinni vörn gegn utanaðkomandi áreiti.

Bepanthen er alhliða græðandi smyrslí og ekki bara fyrir bossa. Nú þegar veturinn er genginn í garð finna margir fyrir ertingu og þurrki í húð. Bepanthen hentar vel á þurrar hendur og fætur, á kuldabaráðar kinnar og við varaþurrki svo dæmi séu nefnd,“ segir Steinunn Kr. Zóphaní-asdóttir, markaðsfulltrúi Bepanthen á Íslandi. Þeir sem þekkja Bepanthen tengja það gjarnan húðumhirðu ungbarna. „Smyrslíð var einmitt framleitt með viðkvæma húð ungbarnsins í huga, en hún er mun útsettari fyrir þurrki, roða og ertingu en húð fullorðinna,“ segir Steinunn og bendir á að Bepanthen inniheldur efnið dexpanthenol sem breytist í B5-vítamín í frumum húðarinnar og ýtir undir endurnýjun og uppbyggingu húðarinnar.

Steinunn segist hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð og reynslusögur af smyrslinu. „Margir foreldrar hafa lýst ánægju sinni með jákvæð áhrif Bepanthen á húð barna á bleyjusvæðinu. Auk þess að hafa græðandi áhrif má nota smyrslíð á fyrirbyggjandi hátt þar sem það ver húðina undir bleyjunni gegn áreiti. Þrátt fyrir að veita svo góða vörn nær húðin alltaf að anda,“ lýsir Steinunn og segir suma nota smyrslíð með góðum árangri á krónísk sár, meðal annars í munnvikum og á exem. „Í nágrannalöndunum er Bepanthen töluvert notað sem meðferð eftir húðflúrun, en einnig á viðkvæmar geirvörtur eftir brjóstgjöf, svo notkunarvið er mjög breitt.“

Steinunn er menntuð ljósmóðir og mælir með Bepanthen fyrir litlu krífl-

” Margir foreldrar hafa lýst ánægju sinni með jákvæð áhrif Bepanthen á húð barna á bleyjusvæðinu.

in. „Bepanthen er ilmeftalaust og inniheldur ekki rotvarnarefni, litarefni né paraben. Auðvelt er að bera smyrslíð á og það hverfur fljótt inn í húðina“. Bepanthen er klínískt prófað og framleitt af hinu virta alþjóðlega fyrirtæki Bayer HealthCare. Smyrslíð fæst í apótekum.



Steinunn er menntuð ljósmóðir og mælir með Bepanthen fyrir litlu kríflin.



Bepanthen hentar ekki aðeins vel á mjúka barnabossa heldur einnig á þurrar hendur og fætur, á kuldabaráðar kinnar og við varaþurrki.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



VÖKUDAGAR Á AKRANESI
Menningarhátíðin Vökudagar á Akranesi
stendur nú yfir. Fjölbreytt dagskrá er í
boði, myndlistarsýningar, leikþættir og
tónleikar. Nánar á www.akranes.is

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl.
Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Landsins mesta úrval af sófum og sófasettum



Mosel



Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN




Kannski ódyrasta umfelgun á landinu

Við græjum dekkinn undir bílinn þinn fyrir veturinn. Úrval af traustum vetrardekkjum

Fólksbilar : Jeppingar : Jeppar
4.990,- : 5.990,- : 7.990,-

Dekkjahótel, snyrtileg aðstaða og alltaf heitt á könnunni

Dekkjahúsið



Dalbrekku 17 Kópavogi • Sími: 55 33 100
Fyrir ofan Bónus á Nýbýlavegi

Opið á laugardögum milli 9:00-14:00

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



S A F T I



GÓÐ STEMNING
Salurinn á Geysi Bistro
er glæsilegur og gaman
að fylgjast með iðandi
mannlífinu fyrir utan.
MYNDR/DANIEL

MATARPERLA Í MIÐBÆNUM

GEYSIR BISTRO KYNNIR Í gamla Geysishúsinu við Aðalstræti 2 er notalegur
veitingastaður sem býður upp á fjölbreyttan matseðil á góðu verði.

Anna Soffía Ásgeirsdóttir, yfirmat-
reiðslumaður á Geysi Bistro og einn
eigenda, segir að lögd sé áhersla á
fjölbreyttan matseðil sem samanstendur af
réttum úr völdu, fersku íslensku hráefni og
eru fram settir á aðlaðandi og fjölbreyttan
hátt. Geysir er klassískur bistro-staður. Þar
er boðið upp á rétti sem framreiddir eru
með snjöllum og nútímalegum hætti. Má
þar nefna hvítlauks- og rósmarynkryddað
lamb, borið fram á spjóti, eða hvítvins-
soðna bláskel úr Breiðafirði. „Við leggjum
áherslu á evrópskar matreiðslu hefðir,“ segir
Anna Soffía sem lærði og starfaði lengi á
La Primavera. „Sumum finnst líka gott að fá
sér vinararnitset með beikoni og kartöflum.
Salat og kryddjurtir hjá okkur er ferskt og
kemur beint frá býli, Ösp í Laugarási.

Einn vinsælasti rétturinn er saltfiskur
sem er sérverkaður fyrir okkur og útfærður
á nýjan og skemmtilegan hátt. Þar er
áherslan á salt á móti sætu en hann er borinn
fram með fíkjum, möndlum, og gras-
laukssmjóri en ofan á saltfiskbitanum er
djúpsteykt saltfiskbolla,“ segir Anna Soffía.
„Þessi réttur gerir alltaf mikla lukku,“ bætir
hún við.

„Humarinn er sömuleiðis alltaf vinsæll.
Við látum sérvelja stóran humar fyrir
okkur í Vestmannaeyjum. Hægt er að fá

hann hvítlauksristaðan, borinn fram á
pönnu eða í ljúffengu salati,“ útskýrir Anna
en gestir geta valið um marga ólíka en
girnilega rétti af matseðli.

„Í hádeginu um helgar er mjög vinsælt
að koma saman í smærri hópum, hvort
sem eru fjölskyldur eða vinir og fá sér
bröns, það er diskur með beikoni, eggjum,
pyslum, djúpsteyktum Camembert, brauði
og heimalöguðum skyrdrykk. Það er alltaf
létt og notaleg stemning á staðnum um
helgar.“

Anna segir að léttir og hollir fiskréttir
séu ákaflega vinsælir og sérstaklega í há-
deginu. „Kosturinn við matseðilinn okkar
er fjölbreyttur. Allir geta fundið eitthvað
við sitt hæfi því boðið er upp á allt frá
girnilegu salati, crêpes, samlokum og
upp í safaríkar eðalsteikur. Geysir
Bistro hentar því mörgum til-
efnum, hvort sem er fyrir léttan
hádegismat eða notalega kvöld-
stund.“

Á Geysi bistro er opið alla
daga frá 11.30. Á heima-
síðunni geysirbistro.is er
hægt að skoða matseðil-
inn en síminn er 517
4300. Geysir bistro er á
Facebook.



VINSÆLL SALT FISKUR



STÓR OG LJÚF-FENGUR HUMAR



KLASSÍK
Anna Soffía
segir að á
Geysi Bistro
sé lögd
áhersla á
fjölbreyttan
matseðil við
allra hæfi.

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.- á smájeppa 5990.-



SUNNY TIRES

VDO
Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Astmi og lungnabemba

skerðir súrefni í blóði.
Hvað gerir SUPERBEETS?

Örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. **30%** meiri súrefnisupptaka **30%** æðaútvíkkun betra blóðflæði, réttur blóðsykur aukin fitubrensla, **20%** meira þrek, orka og úthald. **SUPERBEETS Rauðrófukristall** 100% lífrænt og því fullkomlega öruggt. Fæst í apótekum, heilsuúðum, World Class og Sportlíf.



Umboð: www.vitex.is

TOPCON
Fimm ára ábyrgð
frá framleiðanda

Allt að 100 klukkustunda vinnutími á hleðslu!

Höggheldi taska fylgir
Fullkominn móttakari
Festing fyrir stíku
Hallamöguleiki 5°
Hleðslubatteri & hleðslutaki
Vatnsheldur samkvæmt IP66

Aðeins 199.000 kr + vsk
www.verkfaerihf.is

LC-4X
99.900 Kr

LC-2
49.900 Kr

VERKFAERI EHF

Kemur út
26. nóvember

JÓLAGJAFAHANDBÓK FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, fönður, matur, borðhald, jólasíðir, jólagjafir og venjur.


Bókið auglýsingar tímanlega:	Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is S. 512 5447 663 4055
Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is S. 512 5434 695 4999	Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is S. 512 5429 615 4349
Atli Bergmann atlib@365.is S. 512 5457 897 9144	Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbirgir@365.is S. 512 5432 694 9150



FALLEG MÆGÐIN Í VAGLASKÓGI

Kristrún Ösp og Baltasar Börkur dvelja um helgina í góðu yfirlæti í sumarhúsi í Vaglaskógi. „Baltasar vaknar yfirleitt klukkan hálfsex á morgnana nema þegar hann sefur hjá þabba sínum. Þá er hann sennilega útkeyrður eftir stöðuga dagskrá og skemmtun þeirra feðga,“ segir Kristrún hláturmild.

MYND/BÖRKUR BIRGISSON



DÝRMÆTI

Kristrún Ösp segir mikilvægt að hafa tímann fyrir sér þegar útbúa á persónulega gjöf. „Það er alltaf hugurinn sem gildir en á sama tíma leiðinlegt að enda á skítamixi í tímaþröng og maður er hvorki ánægður með né lítur vel út.“

MYND/ÚR EINKASAFNI

MIKILVÆGUR PABBI

FEDRADAGUR Á morgun er feðradagurinn haldinn hátíðlegur. Fyrirsætan Kristrún Ösp Barkardóttir útbjó persónulegan dýrgrip fyrir barnsföður sinn.

Það er jákvætt að halda feðradaginn hátíðlegan því hann minnr okkur á að hlutverk feðra er líka mikilvægt. Enn er mikið um að feður séu ekki viðurkenndir á sama hátt og mæður og ég er iðulega spurð í forundran hvernig ég geti eiginlega skilið ungan son minn eftir heila helgi hjá föður sínum í Reykjavík. Hví ætti pabbinn ekki að geta hugsað jafn vel um son sinn og ég? Mér finnst því aðkallandi að gera feðrum hærra undir höfði sem uppaldendum og fyrirmyndum í lífi barna sinna,“ segir Kristrún Ösp, sem í tilefni feðradagsins færði barnsföður sínum, Sveini Andra Sveinssyni, persónulega úrklippubók fyrir hönd sonar þeirra, Baltasars Barkar.

„Ég er hrifin af hvers kyns hefðum og vil endilega halda í þær,“ útskýrir Kristrún Ösp, sem lagði hug og hjarta í gjöfina. „Það er heilmikið dund að útbúa úrklippubók en sú vinna er bæði gefandi og skemmtileg. Mikilvægast er hafa hugfast hvað föðurnum þykir vænst um og vinna út frá því með dýrmætum myndum og fallegum texta. Ég valdi til dæmis ljóð eftir Katrínu Ruth sem mér þótti hæfa vel sambandi Baltasars við föður sinn,“ segir Kristrún sem af kostgæfni valdi myndir í úrklippubókina.

„Sveinn Andri er áhugamaður um fótbolta og harður stuðningsmaður Manchester United. Því gladdi hann að fá mynd af syninum í Manchester United-treyju og hann hefur montað sig mikið af henni. Ég valdi einnig myndir af dýrmætum augnablikum í lífi þeirra feðga eins og frá skírnardeginum þegar Sveinn Andri og eldri systkin Baltasars komu norður og við áttum öll skemmtilega helgi saman. Allt eru þetta myndir sem vekja upp góðar minningar og mikilvægt



SYSTKINA-KÆRLEIKUR

Baltasar Börkur á tvær eldri systur sem eru einkar góðar og natnar við litla bróður sinn. Hér má sjá þær í úrklippubókinni sem og stoltan föður, Sveini Andra Sveinsson hæstaréttarlögmenn, með son sinn.

MYND/ÚR EINKASAFNI

fyrir Baltasar seinna meir að geta skoðað bókina og séð að allir voru vinir. Að þessu leyti eru persónulegar úrklippubækur ómetanlegar,“ segir Kristrún sem sjálf nýtur þess mjög að fá gjafir sem bera með sér hugsun og umhyggju fyrir henni sjálfri. „Sveinn Andri var djúpt snortinn yfir bókinni og sannarlega glaður. Hún kom á óvart og er gott veganesti og hvatning fyrir drenginn okkar að gleðja aðra með sams konar hætti í framtíðinni en frá fyrsta degi hefur hann auðvitað verið okkur öllum mikill gleðigjafi.“

MÓÐURHLUTVERKIÐ BEST

Kristrún Ösp fæddist á Akureyri sumarið 1990 og er uppalin nyrðra. Hún lýkur senn stúdentsprófi frá Verkmenntaskóla Akureyrar og stefnir á háskólanám að því loknu.

„Um helgar er ég heimakær og nýt þess að vera með stráknum mínum. Ég hitti þó vinkonur mínar af og til en við erum allar komnar með börn og því þúsluspil að hittast barnlausar að kvöldi til. Ég reyni þó að fara í leikhús eða annað menningarlegt um pabbahelgar og fer þá yfirleitt með Baltasar Berki suður því hann er of lítill til að

fljúga einn síns liðs,“ segir Kristrún, sem sér fyrir sér að búa á Akureyri í framtíðinni og svipast nú um eftir íbúð til kaups.

„Hér líður mér vel og þótt mér hafi þótt gaman að búa í Reykjavík um tíma finnst mér umhverfið þar of stressandi fyrir börn. Rölegheit sveitasælunnar eiga betur við mig. Vissulega er erfitt að búa í hvort í sínum landshlutunum og þægilegra ef pabbinn byggir í næsta nágrenni til að hafa almenna reglu á pabbahelgum en við gerum það besta úr aðstæðunum. Það er dýrt að fljúga á milli og á vertrum er veður óstöðugt. Þannig var Baltasar veðurtepptur í tvo daga vegna ófærðar um daginn og pabbi hans þurfti að fylgja honum norður með flugi. Upp úr stendur þó mikilvægi þess að þeir feðgar hittist eins oft og unnt er og myndi með sér góð og sterk tengsl,“ segir Kristrún, sæl í móðurhlutverkinu.

„Að verða mamma er örugglega það besta sem komið hefur fyrir mig þótt stundum geti verið erfitt að vera ein. Kostirnir vega alltaf upp á móti, ég hef fjölskylduna að baki mér og móðurhlutverkið er algjörlega frábært.“

thordis@365.is

ÁNÆGÐ MEÐ BIO-KULT CANDÉA

Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.

HELDUR MÉR Í JAFNVÆGI

„Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda. Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan. Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og pírringur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjunum. Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið. Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútínu hjá mér og ég get heilsuhugar mælt með því við alla og geri það,“ segir Alma Lilja Ævarsdóttir.



LAUS VIÐ KLÁÐA Alma var með kláða og pírring í húðinni sem hefur stórbatnað og nánast horfið.



BIO-KULT CANDÉA

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á www.icecare.is.



ÁNÆGÐ Soffía er afar ánægð með Femarelle.

ALGJÖRT UNDRAEFNI

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægju sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fóta-óeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamnum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun hafi öll einkenni verið horfin.

„Nú sef ég samfelldum svefni, finn ekki fyrir hitakófi eða fóta-óeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamnum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum.

Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnt Femarelle, þvílíkt undraefni.“



HVÍTARI TENNUR

ICECARE KYNNIR Með Gum Original White-munnskoli og -tannkremi verða tennurnar hvítari. Vörurnar innihalda flúor, veita vörn, hreinsa bletti og óhreinindi og innihalda ekki skaðleg bleikiefni.

Gum Original White-munnskol og -tannkrem hreinsa af bletti og óhreinindi, vernda tennurnar og þær má nota að staðaldri. Guðný Ævarsdóttir tannfræðingur hefur notað Gum-vörurnar í mörg ár á tannlæknastofunni Brostu. „Ég get mælt heilshugar með Gum-vörunum. Vörulínan er virkilega breið og góð og í henni má fá allt frá tannburstum og Soft Picks tannstönglum til tannhvíttunarefna. Þeir hjá Gum eru fljótir að tileinka sér nýjungar og þeir fylgja þörfum fólks, sem er virkilega gott í þessum geira,“ segir Guðný.



flúor. Þær skaða ekki almenna tannheilsu og þær innihalda ekki bleikiefni sem geta skaðað náttúrulega vörn tannanna. „Hvítunarlínan, Original White, er mjög góð því hún virkar vel en leiðir samt sem áður ekki til tannkuls og slípmassinn er agnarsmár svo hann rispar ekki upp glerunginn eins og oft vill verða þegar notuð eru hvíttunartannkrem. Guðný nefnir einnig að Original White-línan viðhaldi árangri eftir lýsingarmeðferð á tannlæknastofu. „Soft Picks-tannstönglarnir eru mitt uppahald því þeir komast vel á milli tannanna, þeir innihalda engan vír og eru ríkir af flúor. Frábærir einnota tannstönglar sem virka eins og millitannburstar en þá er hægt að hafa í veskinu eða heima fyrir framan sjónvarpið,“ segir Guðný.

FALLEGT BROS

Guðný mælir með tannvörnum frá Gum og einkum Soft Picks-tannstönglum. MYND/GVA

ÁRANGUR

Hvítunartannvörurnar innihalda sérstaka blöndu sem er varin einkaleyfi en hún hreinsar betur en bleikiefni. Vörurnar fást í flestum apótekum, Hagkaupum og Fjarðarkaupum og á Femin.is.

HAIR VOLUME STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með.

Ég fór í aðgerð og þurfti að nota lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég líka með töluvert hárlös vegna lyfjanna og þurfti ég t.d. alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlösið. Ég byrjaði að nota Hair Volume í ágúst. Ég og hárgreiðslukonan

mín höfum tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur aukist mikið. Annar hárvöxtur á líkamanum hefur samt ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume-töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með,“ segir Margrét Viðarsdóttir.



MARGRÉT VIÐARSDÓTTIR



HJÁLP FYRIR HÁRIÐ

NÝ UPPFINNING

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með

bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit - hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsí, kísli og B-vítamínunum.



GUERLAIN

**25%
afsláttur**
af GUERLAIN
vörum á
kynningardögum

Kynning í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

föstudag til sunnudags
8.-10. nóvember

Sigrún Inga sérfræðingur frá GUERLAIN
kynnir nýju haust og vetrarlitina ásamt
nýja maskaranum Maxi Lash



Þessi glæsilegi kaupauki er þinn
þegar verslaðar eru 2 vörur frá
Guerlain, þar af eitt krem eða farði.

 **Lyf & heilsa**
Kringlunni



strætó.is

Við erum að safna liði

Starfsmannafulltrúi í akstursdeild

Strætó bs. leitar að starfsmannafulltrúa í akstursdeild sem vinnur náið með deildarstjóra og öðrum samstarfsmönnum í akstursdeild. Viðkomandi hefur umsjón með starfsmannamálum, ráðningum og þjálfun vagnstjóra, námskeiðahaldi, agamálum og öðrum tengdum verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. mannauðsstjórnun eða vinnusálfræði
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Hæfni til að koma frá sér íslensku í rituðu og töluðu máli
- Enskukunnátta er æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur
- Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur og útsjónarsamur
- Reynsla af starfsmannamálum er skilyrði
- Leiðtoga- og stjórnunarreynsla er kostur
- Reynsla af kennslu og námskeiðahaldi er kostur

Eiginleikar sem viðkomandi þarf að búa yfir:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð þjónustulund og hæfni í tengslamyndun

Deildarfulltrúi í akstursdeild

Strætó bs. leitar að deildarfulltrúa í akstursdeild sem vinna mun náið með deildarstjóra og öðrum samstarfsmönnum í akstursdeild. Viðkomandi sér um mönnum vakta, vaktakerfissmið, þróun og hönnun vinnuferla og önnur tengd verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. kerfisfræði eða viðskiptafræði
- Metnaður og áhugi á sviði tölvumála
- Mjög góð þekking á excel er skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Dönskukunnátta er mjög mikill kostur
- Geta til að koma frá sér íslensku í rituðu og töluðu máli
- Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur og útsjónarsamur
- Reynsla af stjórnun starfsfólks
- Reynsla af kennslu og námskeiðahaldi er kostur
- Reynsla af uppsetningu vaktaplana er kostur

Eiginleikar sem viðkomandi þarf að búa yfir:

- Tæknilega þenkjandi er skilyrði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð þjónustulund og hæfni til tengslamyndunar

Flotafulltrúi (akstur)

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð tölvufærni er skilyrði
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Meiraprófsréttindi D eru skilyrði
- Þekking á umferðaröyggi og umferðarstjórnun er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Eiginleikar sem viðkomandi þarf að búa yfir:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Útsjónarsemi og sjálfstæði
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Geta til að vinna í hóp
- Geta til að þróa verkferla
- Reynsla af viðburða- og verkefnastýringu er kostur

Flotafulltrúi (kennsla)

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Hæfni til að þróa og kenna námskeið
- Góð tölvufærni
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Meiraprófsréttindi D eru skilyrði
- Ökukennararéttindi eru kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Eiginleikar sem viðkomandi þarf að búa yfir:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Geta til að vinna í hóp
- Geta til að þróa verkferla

Um er að ræða störf hjá akstursdeild sem eru í senn áhugaverð og krefjandi. Akstursdeild er staðsett á Hesthálsi 14. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Skriflegri umsókn ásamt ferilskrá þarf að skila á netfangið gudfinna@straeto.is. Umsóknarfrestur er til og með föstudeginum 22. nóvember 2013. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru ákveðin í samræmi við eigandi kjarasamninga. Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir deildarstjóri á netfanginu anna@straeto.is

Ný störf í kröfustjórnun

Viðskiptastjórn og símaþjónusta

Viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði

Mynta óskar eftir að ráða viðskiptastjóra á fyrirtækjasviði. Leitað er að öflugum einstaklingi til krefjandi sölu- og markaðstarfs þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð. Við bjóðum spennandi starf í ört stækkandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar.

Hæfniskröfur

- Góð reynsla af sölustörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og sjálfstæð, öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Helstu verkefni

- Samskipti við nýja og núverandi viðskiptavini
- Skipulagning og umsjón funda
- Öflun nýrra viðskiptasambanda
- Uppsetning og frágangur tilboða í þjónustu Myntu
- Umsjón með og ábyrgð á öllum samskiptum við viðskiptavini félagsins

Starfsmaður í þjónustuveri

Mynta leitar að öflugum starfsmanni í þjónustuver fyrirtækisins. Í boði er fjölbreytt og lifandi starf í hópi öflugra starfsmanna þjónustuversins. Starfsmenn þar sjá um að taka við símtölum og hringja út auk þeirrar bakvinnslu sem upp kemur hverju sinni. Vinnutími er kl. 9-17.

Hæfniskröfur

- Mikil þjónustulund og nákvæmni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og sjálfstæð, öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur Magnússon framkvæmdastjóri, gm@mynta.is eða í síma 569 2000. Umsóknarfrestur er til 15. nóvember.

mynta

Ármúli 7
108 Reykjavík
Ísland

mynta@mynta.is
Sími 569 2000
Fax 569 2001


SAP sérfræðingur

Lýsing hf. leitar að **SAP sérfræðingi** sem hefur góða þekkingu á forritun í ABAP. Þekking á JavaScript og SQL er kostur.

- **Lýsing hf.** var stofnað árið 1986 og er eitt elsta starfandi fjármálafyrirtæki landsins. Hjá fyrirtækinu starfa 50 manns og starfsmannavelta er lítil. Staða félagsins er góð og innviðir þess traustir.
- **Góð þjónusta og skilvirkni** eru helstu keppikefli Lýsingar sem stendur ásamt samhentum starfsmannahópi andspænis nýjum verkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með **20. nóv. nk.**

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt meðfylgjandi gögnum á bergljot@lysing.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bergljót Benónýsdóttir í síma **540-1500**.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

**HAGFRÆÐINGUR**

Samtök atvinnulífsins leita að hagfræðingi til starfa á nýju efnahagssviði samtakanna.

Helstu verkefni:

- Almennar rannsóknir og greiningar á þróun efnahagsmála
- Þátttaka við uppbyggingu á þjóðhagslíkani til spágerðar
- Greining á einstökum atvinnugeirum
- Aðrar tilfallandi greiningar

Menntun og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í hagfræði eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Gott vald á aðferðum við hagrannsóknir og notkun hugbúnaðar við tölfraeðigreiningar
- Gott vald á mæltu og rituðu máli
- Hæfileikar til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins hefur faglegt sjálfstæði innan samtakanna en meginverkefni þess er að annast rannsóknir og greiningar á þróun efnahagsmála ásamt því að greina einstakar atvinnugreinar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásdís Kristjánsdóttir forstöðumaður efnahagssviðs í síma 591 0080.

Umsóknir berist á skrifstofu SA í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík eða með tölvupósti til asdis@sa.is. Óskað er eftir ferilskrá ásamt prófskrifteini og upplýsingum um námsframvindu úr háskóla. Fullum trúnaði er heitið og verður öllum umsóknum svarað. Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2013.

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs. Innan SA eru sjö aðildarsamtök sem starfa á grunni atvinnugreina. Aðild að SA eiga rúmlega 2.000 smá og stór fyrirtæki þar sem starfa u.þ.b. sjö af hverjum tíu launamanna á almennum vinnumarkaði á Íslandi.

Samtök atvinnulífsins hafa það meginmarkmið að skapa fyrirtækjum hagstæð rekstrarskilyrði, vera öflugur málsvari atvinnulífsins í landinu og veita aðildarfyrirtækjum sínum góða þjónustu.

Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins er að finna á vef SA: www.sa.is

EIGNASTÝRING

Eitt stærsta og öflugasta fjármálafyrirtæki landsins leitar að metnaðarfullum sérfræðingi í eignastýringu.

Starfssvið:

- Mótun fjárfestingastefnu í samvinnu við forstjóra og forstöðumann eignastýringar
- Umsjón með daglegri eignastýringu
- Greining markaða og fjárfestingakosta
- Skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Aðstoðarverslunarstjóri

566184

Ferðamannaverslunin Lundinn óskar eftir að ráða aðstoðarverslunarstjóra til starfa fyrir þrjár verslanir.



LUNDINN
THE PUFFIN

Verksvið aðstoðarverslunarstjóra eru öll almenn verslunarstörf, umsjón og eftirlit með útliti verslana, starfsmannamál ásamt öðru sem tilheyrir starfinu.

Leitað er að jákvæðum, ábyrgðarfullum og drifandi starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, sölumennsku og vill vinna í umhverfi með skemmtilegum og léttum starfsanda. Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði.

Ráðið verður í starfið fljótlega.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW.VINNA.IS

vinna.is
S. 511 1144

Iðnaðarmenn

Vegna aukinna umsvifa óska Trefjar ehf. að ráða fleiri iðnaðarmenn til starfa



LEOPATRA
FISHERMAN

Vélvirkjar

Við óskum eftir að ráða vélvirkja til starfa. Í starfinu felst uppsetning á vélum og tengdum búnaði í báta.

Starfssvið:

- Uppsetning vélbúnaðar í bátum
- Skipulagning og samskipti við birgja

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í vélvirkjun eða sambærileg reynsla
- Námsamningur kemur einnig til greina
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er kostur

Rafvirkjar

Við óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa. Í starfinu fellst uppsetning á rafbúnaði og tengdum búnaði í báta.

Starfssvið:

- Uppsetning rafbúnaðar í bátum
- Skipulagning og samskipti við birgja

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun eða sambærileg reynsla
- Námsamningur kemur einnig til greina
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er kostur

Trésmiðir/húsgagnasmiðir

Við óskum eftir að ráða smiði til starfa. Í starfinu fellst almenn smiði og uppsetning á búnaði í báta.

Starfssvið:

- Smiði og ýmis frágangsvinna í bátum
- Skipulagning og samskipti við birgja

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf eða sambærileg reynsla
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er kostur

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2013. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið. Umsóknir skulu sendar á netfangið: cleopatra@trefjar.is eða bréfléiðis: Trefjar ehf, „Iðnaðarmenn“, að Óseyrarbraut 29, 220 Hafnarfjörður.

TREFJAR EHF.



Listahátíð
í Reykjavík

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra Listahátíðar í Reykjavík

Ráðningartími er frá 1. febrúar 2014 eða fyrr eftir samkomulagi

Starfið er fylgið í daglegum rekstri, stjórn fjármála, samningagerð, gerð fjárhagsáætlana og reikningskila og fjárflokkun ásamt fjölþættum undirbúningi hvernar hátíðar og öðrum verkefnum sem unnin eru á vettvangi Listahátíðar.

Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar, undir stjórn listræns stjórnanda.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð þekking á fjármálum, áætlanagerð og verkefnisstjórnun
- Reynsla af rekstri og samningagerð
- Lífandi áhugi á listum og menningarmálum

Umsóknir skulu berast eigi síðar en föstudaginn 22. nóvember n.k. og skulu stílaðar á:

Listahátíð í Reykjavík
v.t. Sigurjón Kjartansson, stjórnarformaður
Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík

Farið er með nöfn umsækjenda sem trúnaðarmál. Listahátíð áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Starfsmaður í afgreiðslu og á þjónustuborð

Starfsmaður óskast í hlutastarf í afgreiðslu og á þjónustuborð á endurskoðunar- og bókhaldsstofu í Garðabæ

Í starfinu felst afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum, símvarsla og ýmis bakvinnsla. Starfið krefst mikilla samskipta við viðskiptavinum. Leitað er að þjónustuliprum einstaklingi, með mikla aðlögunarhæfni og sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri almennri tölvuþekkingu.

Helstu verkefni:

Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
Símvarsla
Launavinnsla
Ýmis bakvinnsla

Við erum að leita að röggsumum og jákvæðum einstaklingi sem hefur góða framkomu og þjónustulund.

Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og þarf að geta hafið störf fljótlega.

Áhugasamir vinsamlegast sendið starfs- og námsferilskrá á box@frett.is merktar „Hlutastarf-0911“ fyrir mánudaginn 18. nóvember.



Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, leita að metnaðargörnum einstaklingum til að bættast í hóp þeirra sem leiða rannsóknir og þróun á sviði jarðvarma, grunnvatns og kolvetna í jörðu.

ÍSOR er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið en starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði. ÍSOR er eitt stærsta og öflugasta fyrirtæki heims í rannsóknum og tengdri þjónustu við jarðhitaiðnaðinn og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem slíkt.

DEILDARSTJÓRI Í JARÐHITAVERKFRÆÐI

Deildarstjóri sér um rekstur og þróun og vinnur að uppbyggingu deildarinnar. Á deildinni starfa um 20-30 manns á sviði borverkfræði, borholumælinga, forðafræði, efnafræði, jarðhitanytingar, efnisfræði.

Menntun- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða doktorspróf í véla- eða efnaverkfræði, efnafræði, eðlisfræði eða skyldum greinum.
- Veruleg reynsla af stjórnun.
- Þekking á orkumálum, einkum jarðhita.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.

DEILDARSTJÓRI Í JARÐVÍSINDUM

Deildarstjóri sér um rekstur og þróun og vinnur að uppbyggingu deildarinnar. Á deildinni starfa um 25-35 manns með sérþekkingu í jarðfræði, jarðeðlisfræði, borholujarðfræði, grunnvatnsrannsóknum og kortagerð.

Menntun- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða doktorspróf í jarðvísindum, efnafræði, eðlisfræði, verkfræði eða tengdum greinum.
- Veruleg reynsla af stjórnun.
- Þekking á orkumálum, einkum jarðhita.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.

UNGUR VÍSINDAMAÐUR Á SVIÐI JARÐEÐLISFRÆÐI

Starfið felur í sér vinnu við jarðeðlisfræðirannsóknir á jarðhitakerfum og tengingu þeirra við önnur gögn. M.a. er um að ræða vinnu í 4 ára fjölþjóðlegu verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu. Starfið hentar vel fyrir nýdoktor og/eða doktorsnema. Fastur vinnustaður er á skrifstofum ÍSOR í Reykjavík eða á Akureyri.

Menntun- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða doktorspróf í jarðeðlisfræði, eðlisfræði eða stærðfræði.
- Þekking á Linux og forritunarkunnátta æskileg.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á ensku, bæði í ræðu og riti.
- Kunnátta í öðrum tungumálum, svo sem þýsku, frönsku eða spænsku, er kostur.

ÍSOR leggur áherslu á að hækka hlutfall kvenna og yngra fólks í starfslíði sínu. Laun greiddast samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytis og stofnanasamningi ÍSOR við viðkomandi stéttarfélag. Fyrirspurnir um störf má senda á Guðnýju Þórsdóttur starfsmannastjóra, guðny@isor.is Umsóknir ásamt ferilskrá þurfa að berast guðny@isor.is, eigi síðar en 25. nóvember 2013.

Jarðvísindi - rannsóknir, ráðgjöf og kennsla í 60 ár

www.isor.is

Starfagátt STARFs

Atvinnuleitendur

Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs

www.starfid.is



STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélagum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnuarkáðsúræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is

KERFISSTJÓRI

Miðbæjarhótel óska eftir að ráða kerfisstjóra í fullt starf.

Verkefnið snýr að daglegum rekstri tölvukerfa sem keyra á Linux og Windows, IPTV sjónvarpskerfi, VOIP símkerfi, þráðlaust netkerfi auk annarra kerfa.

Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra rekstrar-sviðs. Um er að ræða spennandi starf þar sem sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og mikill vilji til að halda þekkingu við er mikilvægur. Viðkomandi þarf að hafa viðtæka þekkingu á kerfisstjórn bæði í linux og windows umhverfi auk þekkingar á netkerfum. Leitað er að jákvæðum og drifandi einstaklingi með ríka þjónustulund.

Umsóknir sendist á eva@centerhotels.com

Á vegum Miðbæjarhótela eru rekin 5 hótél í miðborginni með 415 herbergi. Nánari upplýsingar um hótelin er að finna á heimasíðu okkar www.centerhotels.com

5 FYRSTA FLOKKS HÓTEL
í ♥ Borgarinnar



Spennandi störf hjá framsæknu fyrirtæki

Spennandi framtíðarstörf hjá margverðlaunuðu íslensku sprotafyrirtæki, Nox Medical, sem er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til greiningar á svefnröskunum.

Bókari/almenn skrifstofustörf

Hlutverk starfsmanns er almennt bókhald ásamt tilfallandi almennum skrifstofustörfum og aðstoð við önnur svið. Viðkomandi þarf að vera reynslumikill bókari ásamt því að vera tilbúin(n) að sinna öðrum skrifstofustörfum.

Í starfinu felst m.a:

- Bókhald (lánadrottna-, viðskiptamanna- og fjárhagsbókhald)
- Afstemmingar bókhalds og bankareikninga
- Virðisaukaskattsuppgjör
- Umsjón samþykktakerfis reikninga
- Innheimta reikninga (fer fram á ritaðri ensku)
- Dagleg umsýsla skrifstofu, símsvörun, sendlastörf
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur og menntun:

- Góð þekking á notkun Navision Financial er skilyrði
- Reynsla og góð þekking á fjölbreyttu bókhaldi
- Góð almenn menntun, bókhaldsnám, t.d. viðurkenndur bókari eða sambærilegt
- Almenn tölvukunnátta, ritvinnsla Word, töflureignir Excel
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Enskukunnátta í lesnu og rituðu máli er nauðsynleg
- Bílpróf og bíll til umráða

Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á lækningatækjum sem notuð eru til greiningar á svefnröskunum. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 af verkfræðingum, fjárfestum og sérfræðingum með áratuga víðtæka reynslu í að hanna og framleiða vörur til svefnrannsóknna og svefngreininga. Umsvif fyrirtækisins hafa vaxið jafnt og þétt og er framleiðsluvörum þess nú dreift um allan heim. Nox Medical er annað tveggja íslenskra félaga sem hlotið hefur ISO 13485 gæðavottun

Vörumóttaka og vörudreifing

Hlutverk starfsmanns er að taka á móti aðföngum frá birgjum, sinna þökkun og prófunum á framleiðsluvörum, taka til pantanir af sölulager, pakka sendingum, undirbúa til útflutnings og afgreiða til flutningsaðila. Starfsmaður þarf að vera vandvirkur og nákvæmur. Hann vinnur í nánu samstarfi við vörufleðis- og framleiðslustjóra. Önnur verkefni falla einnig undir starfssvið starfsmanns, s.s. aðstoð við önnur störf og viðvik sem til gætu fallið.

Hæfniskröfur og menntun

Margskonar þekking, menntun og reynsla getur nýst við umrætt starf en skilyrði er að starfsmaður:

- Geti unnið og nálgast verkefni af krafti, vandvirkni og nákvæmni
- Hafi góða hæfni í mannlegum samskiptum
- Sé heilsuhraustur og í góðu í líkamlegu ásigkomulagi
- Geti lesið og skilið ritaða ensku
- Sé vel tölvufær og talnaglökkur
- Búi yfir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sé jákvæður og tilbúinn að takast á við mörg fjölbreytt verkefni

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar óskast sendar á netfangið work@noxmedical.com. Umsókn ásamt ferilskrá skal sendast fyrir 18. nóvember 2013. Vinsamlegast setjið í efnislinu tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

til þróunar og framleiðslu á lækningavörum. Nox Medical hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, s.s. Nýsköpunarverðlaun ársins 2010 og Vaxtarsprotann 2010. Nox Medical er staðsett í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum í Höfðatorgi við Katrínartún.

Nox Medical | Katrínartún 2 | Höfðatorg | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | www.noxmedical.com

Nox Medical

DÆMIGERÐUR VIÐSKIPTASTJÓRI

- Frumlegustu hugmyndirnar
- Prófar allt einu sinni
- Vinamörg
- Keppnisskap

Við leitum að

hæfileikaríkum viðskiptastjóra

með gott tæknivit

Síminn leitar að upplýsingatæknimiðuðum viðskiptastjóra til starfa í Reykjavík. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á þjónustu við stóra viðskiptavinina Símans á fyrirtækjamarkaði. Starfið felur í sér sölu, kynningar og þarfagreiningu fyrir fyrirtæki, ásamt tilboðs- og samningagerð, ráðgjöf og eftirfylgni. Einnig sér hann um að afla og viðhalda viðskiptatengslum.

Menntun og reynsla

- Háskólapróf sem nýttist í starfi æskilegt
- Reynsla af sölu og ráðgjöf skilyrði
- Þekking á íslensku viðskiptalífi skilyrði
- Innsæi og þekking á upplýsingatækni- og fjarskiptalausnum skilyrði

Persónueiginleikar

- Kraftur og frumkvæði
- Virðishugsun og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til hópvinna
- Markmiðasetning og frjó hugsun

Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember 2013

Fyrirspurnir berist til Halldóru Jónsdóttur (halldoraj@skipti.is). Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Bókhald og rekstur - 50% starf

Við leitum að öflugum starfsmanni í bókhald og önnur verkefni.

Sjá nánar á www.intellecta.is.

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Spennandi sölustarf

Vegna aukinna umsvifa leitar **Olís/Rekstrarland** að öflugum sölumanni til að selja fjölbreytt úrval af rekstrarvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Viðkomandi sölumaður mun starfa og hafa aðsetur í höfuðstöðvum Olís en starfinu fylgja söluféðir út á land.

Helstu verkefni

- Tilboðsgerð.
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Þátttaka í kynningum og sýningum.

Hæfni og þekking

- Gerð er krafa um reynslu af sölumennsku.
 - Stúdentspróf - háskólapróf og góð tölvuþekking er kostur.
 - Áhersla er lögð á frumkvæði, ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.
 - Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakarvottorð og séu reyklausir.
- Vinsamlegast sendið umsóknir merktar „Rekstrarland“ ásamt ferilskrá í tölvupósti á netfangið rbg@olis.is fyrir **15. nóvember**.



Rekstrarland er dótturfyrirtæki Olís sem sérhæfir sig í sölu á rekstrarvörum fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.



Olíuverzlun Íslands hf.

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Leikskólakennari á leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari á leikskólann Marbakka
- Tónmenntakennari í Hörðuvallaskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst á www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Hópstjóri

í farmskrárvinnslu TVG-Zimsen

TVG-Zimsen leitar að kraftmiklum og nákvæmum einstaklingi í starf hópstjóra í farmskrárvinnslu sjó- og flugdeildar.

Viðkomandi þarf að vera skipulagður í vinnubrögðum og hafa frumkvæði og metnað til ná árangri og veita framúrskarandi góða þjónustu.

Starfssvið:

Skráning eftir farmskrám frá erlendum aðilum
Samskipti við sölu- og þjónustudeild
Upplýsingagjöf og ráðgjöf til viðskiptavina
Samskipti við erlendar hafnir
Stýrir verkefnum tengdum farmskrárvinnslu

Hæfniskröfur:

Starfsreynsla í farmskrá nauðsynleg
Hröð og nákvæm vinnubrögð
Talnaglöggi/ur
Skipulagshæfileikar
Góð þjónustulund og jákvæðni
Almenn tölvuþekking
Tala og rita íslensku og ensku mjög vel
Menntun sem nýtist í starfi

Tekið er á móti umsóknum á www.tvg.is til og með 15. nóvember.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísa Dögg Björnsdóttir, elisa@tvg.is.

Umsjón með ráðningunni hefur

Sigríður Guðmundsdóttir í starfspróunardeild, í síma 525 7364, starf@tvg.is.

www.tvg.is

TVG-Zimsen er metnaðarfullt og ört stækkandi fyrirtæki, traust og vel rekið. Við hjá TVG-Zimsen leggjum okkur fram um að bjóða upp á bestu mögulegu þjónustuna sem völ er á og ávallt með bros á vör. Hjá TVG-Zimsen starfa nú 35 hæfileikaríkir og skemmtilegir starfsmenn með víðtæka reynslu í flutningsbransanum.

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN



Headquartered in Drammen, Norway, TESS is one of Europe's leading hose service companies. Since 1968, engineering and hose management solutions tailored to local market conditions have increased uptime and safety levels in the oil & gas, subsea and maritime industries. Today with more than 110 workshops worldwide, TESS annual sales exceeds NOK 2.4bn/EUR 312m/USD 403m.

TESS is coming to Iceland
Join the Team!

For its new hydraulic service center in Reykjavik, TESS is hiring a country manager and workshop personnel!

For more information :

Contact Bent-Ole Hilbert

E-mail: boh@tess.no

Phone: +47 941 67 123

www.tess.is

Kopar leitar að flottu fólki í eftirfarandi stöður

Matreiðslunemi

Engin reynsla nauðsynleg, bara brennandi áhugi á mat og matargerð

Framreiðisumaður

Sveinspróf nauðsynlegt og góð þekking á vinum æskileg

Þjónn

Reynsla af la carte veitingastað nauðsynleg

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á koparumsokn@gmail.com

Ert þú listamaður í eldhúsinu?

Við leitum að duglegum og skapandi aðila sem er flinkur í að töfra fram grænmetisrétti í hádeginu fyrir stórt fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af því að útbúa fjölbreytta grænmetisrétti og mikinn áhuga á fallegri og vandaðri framsetningu matarins.

Við bjóðum frábæra vinnuaðstöðu, góð laun og þægilegan vinnutíma.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá þar sem tilgreind eru fyrri störf og umsagnaraðilar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, í síma 519 6770. Umsóknarfrestur er til 19. nóvember n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, www.radum.is.

Ráðum ehf.
Þóróddsstöðum
Skógarhlíð 22
105 Reykjavík
519 6770
www.radum.is

RÁÐUM
Atvinnustofa

TRADEX

Tradex ehf. er staðsett í Hafnarfirði og selur fiskafurðir innanlands og til útflutnings.

Skrifstofustjóri

Tradex ehf. óskar að ráða skrifstofustjóra í fjölbreytt og krefjandi starf. Um er að ræða fiskvinnslu og óskað er eftir aðila sem er vanur/vön að vinna í því umhverfi eða hefur mikinn áhuga á að starfa í framleiðslufyrirtæki og hafa yfirsýn yfir allan reksturinn.

Starfssvið

- Umsjón með bókhaldi og uppgjörum
- Afstemmingar og innheimta
- Innlend og erlend reikningagerð
- Launavinnsla og utanumhald ráðningasamninga
- Umsjón með sölupöntunum og innkaup á aðföngum

Hæfniskröfur

- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af bókhaldi
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Heiðarleiki og góð samskiptafærni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku-, ensku- og dönskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

NÓI SÍRÍUS

Nói Sírius framleiðir, selur og dreifir matvöru af ýmsu tagi, einkum sælgæti. Hjá fyrirtækinu vinna um 130 manns eftir verkferlum í opnu vinnuumhverfi og lögð er áhersla á stöðugar umbætur í fyrirtækinu í stóru sem smáu eftir hugmyndafræði straumlínustjórnunar (LEAN management). Megináhersla er lögð á ánægju viðskiptavina, vörugæði, starfsánægju og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umhverfinu.

Fjármálastjóri

Nói Sírius óskar eftir að ráða fjármálastjóra.

Starfssvið

- Leiðir stefnumótun í fjármálum
- Ber ábyrgð á rekstrar- og greiðsluáætlunum
- Ábyrgist hagkvæmstu stýringu fjármuna
- Ber ábyrgð á rekstraruppgjörum
- Hefur yfirumsjón með innheimtu
- Hefur yfirumsjón með reikningshaldi (bókhaldi)
- Tekur virkan þátt í starfi framkvæmdaráðs
- Vinnur náið með framleiðslu- og sölusviði
- Tekur þátt í og hefur frumkvæði að umbótastarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræðum (meistaragráða)
- Haldgóð reynsla af rekstri og fjármálastjórnun
- Víðtæk fjármálaþekking
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Þekking á straumlínustjórnun æskileg (Lean Management)
- Góð enskukunnátta

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Verkefnastjóri starfspróunar og mannauðsmála

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun Háskólans óska eftir að ráða verkefnastjóra starfspróunar og mannauðsmála.

Verkefnastjórinn verður hluti af mannauðs- og samskiptateymi sviðsins, en hlutverk þess er að efla mannauð, samskipti og starfsumhverfi sviðsins og stofnana þess.

Megináhersla starfsins snýr að starfspróun, ráðningarmálum, þróun vinnuferla og móttöku nýrra starfsmanna.

Starfið er fjölbreytt og spennandi og krefst þekkingar og brennandi áhuga á starfspróun og mannauðsmálum.

Starfið reynir á skipulagshæfni og vilja til að vinna að þróun ferla í mannauðsmálum, auk frumkvæðis og hugmyndaauðgi um framkvæmd móttöku nýrra starfsmanna og þjónustu við ráðningaraðila.

Meginverkefni starfsmannsins munu lúta að þjónustu við Raunvísindastofnun.

Starfssvið

- Starfspróun
- Ráðningar
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Þjónusta og ráðgjöf um mannauðsmál

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsnám í mannauðsstjórnun æskilegt
- Þekking á helstu aðferðum starfspróunar
- Afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þóra Margrét Pálsdóttir, mannauðsstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, í síma 525 4644 og netfang thp@hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hársnyrtifólk athugið!

Stóll til leigu á bjartri, fallegri hársnyrtistofu
Umsóknir sendist á lindaj@simnet.is



LJÓSAVOGUR
LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

Rafvirki

Ljósavogur óskar eftir því að ráða rafvirkja - bæði til lengri og skemmri tíma.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

EMBÆTTI HÉRAÐSDÓMARA LAUST TIL SETNINGAR

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur til setningar frá og með 1. janúar 2014 til og með 31. desember 2014, vegna leyfis skipaðs dómara. Ráðherra setur í embættið að fenginni ábendingu dómstólaráðs, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórn-sýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefna ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi yfirmenn/samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfíð postur@irr.is, eigi síðar en 25. nóvember 2013.

Innanríkisráðuneytinu,
7. nóvember, 2013.

www.kronan.is

Kjötstjóri

Laus er til umsóknar staða kjötstjóra í Krónunni Lindum

Starfslýsing:

- Verkstjórn í kjötdeild
- Kjötvinnsla
- Umsjón pantana
- Verðmerkingar
- Áfyllingar
- Gæðaeftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun eða góð reynsla í kjötið er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð
- Tölvufærni

Áhugasamir
vinsamlegast
sæki um á
www.kronan.is

KRONAN - Óskar eftir þér!

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Véltjóri Hrísý Perla Eyjafjarðar

Véltjóra vantar á Hrísýjarferjuna Sævar, kjörð tækifæri fyrir fjölskyldumann á frábærum stað í miðjum Eyjafirði. Ódýrt húsnæði til staðar og öll almenn þjónusta í boði s.s. góður grunn og leikskóli, ný íþróttamiðstöð og sundlaug, verslun, veitingastaður og gott félagslíf. Hæfniskröfur: Viðkomandi þarf að hafa véltjörnarréttindi "VSIII" að lágmarki, námskeið frá slysavarnaskóla sjómanna og jákvætt hugarfar.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á eyfangehf@simnet.is

Höfn - Öldrunarmiðstöð

Öldrunarmiðstöðin Höfn Hafnarfirði, auglýsir stöðu framkvæmdastjóra.

Starfslýsing:

- Fjárhagsleg ábyrgð í daglegum störfum í umboði stjórnar.
- Annast samninga um íbúðarétt í húsakynnum Hafnar.
- Er yfirmaður starfsmanna Hafnar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Samvirkusemi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum.

Ráðning frá og með 1. janúar 2014.

Upplýsingar fylgi um fyrri störf.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður og framkvæmdastjóri í umboði formanns. Umsóknir berist til formanns stjórnar Hafnar, fyrir 1. desember 2013

F.h. Stjórnar Hafnar
Gylfi Ingvarsson, formaður,
Garðavegi 5, 220 Hafnarfirði.

ATVINNA

FORSTÖÐUMAÐUR BÓKASAFNS REYKJANESBÆJAR

Laus er til umsóknar staða forstöðumanns Bókasafns Reykjanesbæjar.

Forstöðumaður stýrir Bókasafni Reykjanesbæjar, sem starfar í samræmi við bókasafnalög nr. 150/2012, yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994 og framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Bókasafn Reykjanesbæjar er ein af menningarstofnunum bæjarins og heyrir undir Menningarsvið Reykjanesbæjar.

Ábyrgðarsvið forstöðumanns:

- ber ábyrgð á stjórnun, rekstri og stjórnsýslu safnsins
- undir verkum heyrja fjármál, starfsmannamál og framkvæmd ákvarðana menningarráðs og bæjaryfirvalda sem að safninu snúa
- forstöðumaður skipuleggur þjónustu safnsins og leiðir aðra faglega starfsemi þess

Kröfur gerðar til umsækjenda:

- háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði, framhaldsmenntun sem nýttist í starfi æskileg
- a.m.k. 5 ára stjórnunarreynsla, leiðtogaþæfileikar og skipulagshæfni
- haldbær reynsla af áætlanagerð og rekstrarstjórnun
- góð þekking á menningarstarfi með áherslu á orðlistir
- þekking og reynsla af breytingastjórnun æskileg
- framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og skapandi starfi
- þekking á upplýsingatækni, hæfni til að leiða þróun safnsins í nýmiðlun
- góð tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri Menningarsviðs sem fer með framkvæmd menningarmála hjá Reykjanesbæ.

Launakjör skv. kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélags og viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veita Valgerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarsviðs valgerdur.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is og starfsþróunarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember n.k. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf 1. janúar 2014.

Umsóknir skulu sendar á vef Reykjanesbæjar <http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf/>



SNYRTIVARA KRINGLUNNI

Hagkaup er smásölufrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómsundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Hagkaup óskar eftir að ráða starfsmann.

Um er að ræða starf í snyrtivörudeild Hagkaups í Kringlunni.

- Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með menntun í snyrtifræði og/eða reynslu í sölu á snyrtivörum. Hann þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum og með góða þjónustulund.
- Vinnutími: 10-14 virka daga aðra vikuna, 14 til 19 virka daga hina vikuna og annan hvern laugardag.

Allar nánari upplýsingar veitir Jón Karlsson verslunarstjóri á staðnum eða í síma 563 5201. Áhugasamir geta einnig sent póst á jonk@hagkaup.is.

HAGKAUP
Ein færð betra verð

ÞJÓNUSTULUND

NÚ ÞURFUM VIÐ AÐ FJÖLGA ÞJÓNUSTULUNDUÐUM STARFSMÖNNUM Í VERSLUNUM OKKAR.

Er þjónustulund, jákvæðni, vilji til að læra og gera enn betur á morgun þinn styrkleiki? Þá gætir þú verið rétti starfsmaðurinn fyrir okkur. Við erum einmitt núna að leita að röskum sölumönnum í útivistar- og sportdeildir í verslunum okkar.

HÆFNISKRÖFUR:

- Þjónustulund, dugnaður og jákvæðni
- Áhugi á íþróttum og útivist
- Reynsla af sölustörfum mjög æskileg

UMSÓKNIR OG FRESTUR:

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ítarlegri ferilskrá til Daníels Sigurðssonar, daniel@utilif.is fyrir 15. nóvember.

ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTAR.

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavinum er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf eru framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

Ertu með gott auga fyrir tölum?

Ert þú vandvirkur og talnaglöggur bókari sem vilt takast á við fjölbreytt og spennandi verkefni? Viltu starfa á líflægum og krefjandi vinnustað? Þá gæti starf bókara hjá Vodafone verið rétta starfið fyrir þig. Bókari sér um margvísleg verkefni á borð við útgáfu handgerðra reikninga, afstemmingu og ýmsa aðra bókhaldsvinnu.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/starf.

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember 2013. Æskilegt væri að viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



Leikskólinn Krummakot í Eyjafjarðarsveit óskar eftir að ráða leikskólakennara eða starfsmenn með aðra uppeldismenntun.

Um er að ræða:

- Tvær 100% stöður vegna fæðingarorlofs. Önnur er frá frá 1. des. 2013 til 28. febrúar 2014. Hin frá 1. janúar 2014.
- Ein 100% staða frá 1. janúar 2014.

Krummakot er þriggja deilda leikskóli með hátt í 60 nemendur og eru deildir aldurskiptar. Verið er að innleiða Jákvæðan aga og markvisst unnið með málrækt, dygðir, umhverfisstarf, hreyfingu, myndlist og tónlist. Leitað er eftir metnaðarfullum, áhugasömum og traustum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og sveigjanleika í starfi.

Allar nánari upplýsingar veitir Hugufrún Sigmundsdóttir skólastjórnandi í síma 464-8120/892-7461, netfang hugrun@krummi.is

Umsóknarfrestur er til 19. nóvember n.k.

Áreiðanlegur og öflugur bókari óskast

Byggingarfélagið Eykt óskar eftir áreiðanlegum og öflugum bókarum til starfa. Marktæk reynsla í bókhaldsvinnu er áskilin.

Starfssvið:

- Móttaka og skráning reikninga.
- Merking fylgiskjala og færsla á daglegu bókhaldi í Navision Financial, þ.m.t. skráning reikninga, innborgana og greiðslna.
- Afstemming á öllum bókhaldsreikningum.
- Launavinnsla á 2ja vikna fresti.
- Aðstoð við undirbúning á uppgjörum, þ.m.t. vsk. uppgjörum.
- Önnur almenn skrifstofustörf, svo sem samskipti við tæknimenn, smiði og verkamenn, útgáfa beiðna, aðstoð við símsvörum og margt fleira.
- Ýmsar afleysingar eftir þörfum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Marktæk þekking og reynsla af kostnaðarbókhaldi.
- Mjög góð kunnátta og þekking á vinnu í Navision, uppáskriftarkerfi í Navision og Excel, ásamt almennri tölvufærni.
- Frumkvæði, útsjónarsemi, nákvæmni, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni, sem og lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 17. nóvember næstkomandi. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá í tölvutæku formi til starfsumsokn@eykt.is.

Eykt, Stórhöfða 34-40.
110 Reykjavík, S: 595 4400.



ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI



HJARTALÆKNINGAR Sérfræðilæknar

Lausar eru til umsóknar þrjár stöður sérfræðilækna í hjartalækningum. Störfin veitast frá 1. janúar 2014 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur vel til álita.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu-, dag- og göngudeildum ásamt vaktþjónustu við hjartadeild LSH
- » Vinna við sérhæfð störf innan hjartalækninga eftir því sem hæfni einstaklingsins gefur tilefni til og eftir nánara samkomulagi við yfirlækni
- » Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni og forstöðumann fræðigreinarinnar, hjartalækisfræði, innan Háskóla Íslands

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum og hjartalækningum
- » Breið þekking og reynsla í almennum hjartalækningum
- » Sérþjálfun í einni af undirsérgreinum hjartalækninga (raflífeðlisfræði, hjartabilun, myndgreiningu eða hjartaþræðingum) er kostur
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2013.
- » Upplýsingar veita Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir, netfang gesturth@landspitali.is, sími 825 5093 og Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir, netfang davidar@landspitali.is, sími 824 5704.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Gestu Þorgeirssyni, yfirlækni, LSH Hjartalækningar 14F við Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf er bundið við sjúkráhusíð eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkráhuslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.


Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lektor í vélaverkfræði	HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201311/035
Lektor í iðnaðarverkfræði	HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201311/034
Lektor í tölvunarfr. eða hugbún.v.fr.	HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201311/033
Lektor í lífupplýsingafræði	HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201311/032
Verkefnastj. starfsþr.- og mannauð.	HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201311/031
Skógarvörður	Skógrækt ríkisins	Vaglar	201311/030
Pingvörður	Alþingi	Reykjavík	201311/029
Bókasafns- og upplýsingafr.	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201311/028
Héraðsdómari	Héraðsdómur Reykjavíkur	Reykjavík	201311/027
Starfsmaður í matsal	Landspítali, öldrunarlækningadeild	Reykjavík	201311/026
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, göngudeild smitsjúkd.	Reykjavík	201311/025
Sérfræðilæknar í hjartalækningum	Landspítali, hjartalækningar	Reykjavík	201311/024
Þjónustustörf	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201311/023
Heimilislæknir	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Fjarðabyggð	201311/022
Starfsfólk við ræstingar og aðhl.	Sólvangur, hjúkrunarheimili	Hafnarfjörður	201311/021
Sérfr. í greiningu rafsegulgagna	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201311/020
Sérfr. á sviði vatna- og straumfr.	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201311/019
Sérfr. á sviði hafis- og haffræði	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201311/018



SKURÐLÆKNINGASVIÐ Hjúkrunarfræðingar

Á göngudeild 10E við Hringbraut eru laus til umsóknar tvö störf hjúkrunarfræðinga. Starfshlutfall er samkvæmt samkomulagi, unnið er í dagvinnu.

Á deildinni eru sérhæfðar teymismóttökur á sviði skurð- og lyflækninga s.s. brjóstamóttaka, móttaka vegna megrunaraðgerða, ígræðslugöngudeild, sárameðferðir og innrennslismiðstöð. Þar er einnig starfrækt innskriftar- miðstöð skurðeilda við Hringbraut. Í boði er einstaklings- aðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Hjúkrunarfræðingur ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu
- » Störf á innrennslismiðstöð
- » Undirbúningur sjúklinga fyrir aðgerðir, eftirlit, fræðsla, sárameðferð og þátttaka í þverfaglegri vinnu á deild

Hæfnikröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Faglegur metnaður
- » Góð samskiptahæfni
- » Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2013.
- » Störfín eru laus frá 1. desember 2013 eða eftir nánara samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Brynja Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri, brynjagu@landspitali.is, sími 825 3607.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

GRAFÍSKUR REYNSLUBOLTI ÓSKAST

Forlagið óskar eftir að ráða fjölhæfan og hugmyndaríkan grafískan hönnuð með víðtæka þekkingu af umbroti til starfa sem fyrst. Fjölbreytt verkefni á lifandi og skemmtilegum vinnustað.

Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í helstu Adobe-forritum, s.s. **InDesign, Photoshop, Flash og HTML 5**. Þekking á After Effects eða sambærilegu forriti væri einnig kostur.

Helstu verkefni eru blaða- og netauglýsingar, umbrot bóka og kápuhönnun, þ.e. hvers konar viðfangsefni sem lúta að útgáfu bóka og gerð markaðsefnis.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið atvinna@forlagid.is eða á Hönnun, Forlagið, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík fyrir **28. nóvember nk**. Upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf nauðsynlegar ásamt **sýnishornum af fyrri verkum**.



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Kennsluráðgjafar og sálfræðingar



Sjö sveitarfélög í Árnesþingi: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ölfus hafa samþykkt að stofna sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu 1. janúar 2014. Skólaþjónusta- og velferðarnefnd sveitarfélaganna markar þjónustunni stefnu í samvinnu við þá sem málið varðar. Lögð er áhersla á heildarsýn í málefnum einstaklinga og fjölskyldna. Skóla- og velferðarþjónustan skiptist í kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, barnaverndarmál, málefni eldri borgara og málefni fatlaðs fólks. Á svæðinu eru sjö leikskólar og sjö grunnskólar. Nemendafjöldi er alls um 1.380.

Stöður tveggja kennsluráðgjafa fyrir leik- og grunnskóla og eins sálfræðings eru lausar til umsóknar við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Þessir starfsmenn mynda skólaleyfi þjónustunnar. Næsti yfirmaður teymisstjóra er forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustunnar.

Starfssvið kennsluráðgjafa

- Stuðningur við nýbreytni- og þróunarstarf skóla, m. a. með ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn leik- og grunnskóla til að efla þá í starfi og stuðla að samstarfi þeirra.
- Forvarnarstarf og ráðgjöf um snemmtæka íhlutun með áherslu á sjálfbærni skólanna við lausn mála sem upp koma.
- Eftirfylgd markmiða skólaþjónustunnar og skólanna og mat á árangri.
- Fræðsla og/eða handleiðsla vegna mála einstaklinga eða hópa.
- Skipulagning á sameiginlegri símenntun starfsfólks leik- og grunnskóla og stuðningur við starfsþróun.

Kennsluráðgjafi hefur frumkvæði að verkefnum í anda markmiða þjónustunnar og vinnur í þverfaglegu samstarfi við starfsmenn skólanna, sálfræðinga, félagsráðgjafa, starfsfólk heilbrigðisþjónustu, aðra sérfræðinga, foreldra o.fl. til að stuðla að skilvirkni þjónustunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur kennsluráðgjafa

- Kennaramenntun og réttindi til að kenna í leikskóla eða grunnskóla
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi er æskilegt
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Starfssvið sálfræðings

- Ráðgjöf við skólastjórnendur og starfsfólk leik- og grunnskóla um snemmtæka íhlutun.
- Forvarnarstarf með áherslu á sjálfbærni skólanna við lausn mála sem upp koma.
- Skimanir, greiningar og ráðgjöf fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri, foreldra og starfsfólk skóla.
- Sálfræðiþjónusta við fjölskyldur sem njóta stuðnings skóla- og velferðarþjónustu.
- Fræðsla og/eða handleiðsla vegna mála einstaklinga eða hópa.

Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, félagsráðgjafa, starfsmenn skóla, starfsfólk heilbrigðisþjónustu, aðra sérfræðinga, foreldra o.fl. til að stuðla að skilvirkni þjónustunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur sálfræðing

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.

Umsækjendur sendi umsóknir sínar til Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði, eða á netfang: umsokn@hveragerdi.is. Peim fylgi greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun. Jafnframt fylgi greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfsemi skólaþjónustu Árnesþings. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaganna eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um störfín

Nánari upplýsingar veita:
Aldís Hafsteinsdóttir í síma 483 4000
Gunnar Þorgeirsson í síma 892 7309
Sigríður Lára Ásbergisdóttir í síma 822 8998.

Verkefnastjóri/Ráðgjafi

MyTimePlan ehf. þróar, selur og þjónustar tímastjórnunarkerfi sem leysir öll viðfangsefni vaktaskipulagningar, tímaskráningar, útreiknings á tímum til launa og tengist launakerfum. Kerfið auðveldar stjórnendum stýringu mikilvægustu auðlindar fyrirtækisins, þ.e.; mannauðnum og stuðlar að auknum lífsgæðum og framleiðni. Nánar á www.mtp.is



MyTimePlan

Helstu verkefni verkefnastjóra/Ráðgjafa eru:

- Innleiðing hjá nýjum viðskiptavinum.
- Þjónusta við núverandi viðskiptavinum
- Vinna með þróunarteymi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tölvu, viðskipta eða mannauðsstjórnunar skilyrði.
- Menntun og/eða reynsla á sviði verkefnastjórnunar kostur.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Rökhugsun og greiningar-eiginleiki.

Þjóðum sveigjanlegt og gott starfsumhverfi. Áhugasamir sendið umsókn á mytimeplan@mytimeplan.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



Pingvörður

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir þingverði í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.



Reykjavíkurborg

Upplýsingatæknideild

Hugbúnaðarsérfræðingur

Upplýsingatæknideild leitar að öflugum sérfræðingi í fjölbreytt starf við hugbúnaðarþróun og stýringu verkefna.

Starfssvið

- Parfaggreining og þróun hugbúnaðarlausna og tækniumhverfis
- Forritun og samþætting kerfa
- Uppfærslur og skipulagning prófana
- Innleiðing hugbúnaðarlausna
- Samskipti við birgja
- Samskipti við starfsmenn og stjórnendur hjá borginni
- Þátttaka í stefnumótun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tölvunarfræði
- Þekking á bókhalds- og fjárhagskerfum æskileg
- Reynsla af forritun, s.s. í Python
- Þekking á gagnagrunnum og SQL
- Þekking á vefþjónustum og gagnatengingum
- Reynsla af stýringu verkefna æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Upplýsingatæknideild fer með forystuhlutverk í upplýsingatæknimálum borgarinnar og gegnir þjónustuhlutverki við viðskiptavinum sína sem eru svið og stofnanir Reykjavíkurborgar. Deildinni er ætlað að annast rekstur og þróun upplýsingatæknibúnaðar borgarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir María Guðfinnsdóttir þróunarstjóri upplýsingatæknideildar í síma 411 1900. (maria.gudfinnsdottir@reykjavik.is)

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2013.

Sækja skal um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, undir "Laus störf". Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegl þá margbreytilega samfélag sem borgin er.



Okkur vantar liðsauka

Starfsmaður í framleiðslueldhús

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að duglegum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við spennandi verkefni í framleiðslueldhúsi fyrirtækisins.

Starfið felst í aðstoð í eldhúsi og framleiðslu á meðlæti fyrir kaffihús fyrirtækisins. Unnið er á kokkavöktum frá kl. 06.-14. Viðkomandi þarf að vera röskur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Einungis eldri en 25 ára koma til greina.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 20. nóvember

Starfsmenn kaffihúsa

Te & Kaffi leitar að frábærum liðsfélögum til að bættast í hóp þeirra jákvæðu, duglegu og framúrskarandi starfsmanna sem fyrir eru á kaffihúsum fyrirtækisins. Í boði eru full störf. Aldurstakmark er 20 ár og um er að ræða framtíðarstörf.

Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 20. nóvember

Fagmennska – Þekking – Upplifun

teog
kaffi.is



Frá og með 2. janúar næstkomandi vantar sérkennara til starfa í unglingadeild við Grunnskólann í Borgarnesi.

Grunnskólinn í Borgarnesi er heildstæður grunnskóli með 289 nemendum í 1.–10. bekk. Skólinn vinnur samkvæmt Uppbyggingarstefnunni, er Heilsuefandi grunnskóli og Grænfánaskóli. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru; sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur. Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans www.grunnborg.is

Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að starfa að sveigjanlegu skólalstarfi og í teymisvinnu samkvæmt stefnu skólans.

Menntun, reynsla og hæfni:

- B.ed. próf.
- Æskilegt að viðkomandi hafi meistaraþróf í sérkennslufræðum.
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfileikar.
- Æskilegt að umsækjandi hafi reynslu af kennslu nemenda með sérþarfir.

Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk.

Nánari upplýsingar gefur Hilmar Már Arason, hilmara@grunnborg.is skólalastjóri í síma 4371229.



LYFJAFRÆÐINGUR/ LÍFEFNAFRÆÐINGUR óskast í vörubrúun

ORF Líftækni hf. leitar eftir sérfræðingi til að leiða vörubrúun á efnablöndum (e. formulations) fyrir húðvörur dótturfélagsins Sif Cosmetics.

Æskileg menntun er Ph.D. eða M.Sc. í lyfjafræði eða lífefnafræði. Leitað er eftir starfsmanni sem hefur metnað í starfi, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og reynslu af vinnu við þróun efnablanda. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu félagsins www.orf.is.

Áhugasömum einstaklingum, sem vilja taka þátt í uppbyggingu og þróunarstarfi hjá ungu og vaxandi fyrirtæki er bent á að senda umsókn með ferilskrá til starf@orf.is fyrir 18. nóvember næstkomandi.

ORF Líftækni er íslenskt líftækniyrirtæki sem hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á sínu sviði í heiminum. ORF hefur þróað einstaka erfðatækni til að framleiða vaxtarþætti í byggi. Vaxtarþættirnir eru m.a. notaðir í EGF og BIOEFFECT® húðvörur dótturfyrirtækisins Sif Cosmetics. Yfir 70% af veltu ORF er útflutningur. ORF Líftækni hlaut Evrópsku líftækni-verðlaunin árið 2013 fyrir vörur sínar.

EGF BIOEFFECT ISOkine™

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Félagsleg heimaþjónusta

- starfsfólk sem annast þrif
- Íþróttamiðstöðin Ásgarður
- starfsmaður í afleysingar

Sjálalandskóli

- kennari í textílmennnt
- þroskaþjálfari

Hjúkrunarheimilið Ísafold

- sjúkraliðar
- hjúkrunarfræðingar

Hofsstaðaskóli

- matráður
- deildarstjóri yngsta stigs

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar,
www.gardabaer.is



Áreiðanlegur og öflugur bókarí óskast

Byggingarfélagið Eykt óskar eftir áreiðanlegum og öflugum bókará til starfa. Marktæk reynsla í bókhaldsvinnu er áskilin.

Starfssvið:

- Móttaka og skráning reikninga.
- Merking fylgiskjala og færsla á daglegu bókhaldi í Navision Financial, þ.m.t. skráning reikninga, innborgana og greiðslna.
- Afstemming á öllum bókhaldsreikningum.
- Launavinnsla á 2ja vikna fresti.
- Aðstoð við undirbúning á uppgjörum, þ.m.t. vsk. uppgjörum.
- Önnur almenn skrifstofustörf, svo sem samskipti við tæknimenn, smiði og verkamenn, útgáfa beiðna, aðstoð við símsvörun og margt fleira.
- Ýmsar afleysingar eftir þörfum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Marktæk þekking og reynsla af kostnaðarbókhaldi.
- Mjög góð kunnátta og þekking á vinnu í Navision, uppáskriftarkerfi í Navision og Excel, ásamt almennri tölvufærni.
- Frumkvæði, útsjónarsemi, nákvæmni, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni, sem og lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til **17. nóvember** næstkomandi. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá í tölvutæku formi til starfsumsokn@eykt.is.

Eykt, Stórhöfða 34-40.
110 Reykjavík, S: 595 4400.



PEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

www.hafnarfjordur.is



ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leikskólum

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Proskapjálfi og/eða annað uppeldismenntað starfsfólk

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri

Hlíðarberg (578 4300 hliदारberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari
Deildarstjóri

Hlíðarendi (555 1440 hliदारendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari

Hraunvallaskóli (590 2800 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennari
Proskapjálfi

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari (frá áramótum)

Stekkjars (517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri

Tjarnarás (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Skilastaða

Ath. Þar sem auglýst er staða leikskólakennara/deildarstjóra verða ekki aðrir ráðnir í þá stöðu nema enginn leikskólakennari fái til starfsins.

Allar upplýsingar veita leikskólalæstur viðkomandi skóla.

Umsækjendum er bent á heimasíðu skólanna til að kynna sér stefnur og starfseminna nánar. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um stöfin.

Umsóknarfrestur er til **15. nóvember 2013**.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



Lektorar við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild er ein af sex deildum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands.

Við deildina stunda um 760 stúdentar nám í tölvunarfræði og fimm undirgreinum verkfræði. Þar af eru ríflega 140 framhaldsnemar, bæði í meistaranámi og doktorsnámi. Akademískir starfsmenn deildarinnar eru rúmlega tuttugu. Nánari upplýsingar um deildina má finna á vef fræðasviðsins www.von.hi.is.

Nánari upplýsingar um stöfin má finna á hi.is/laus_storf

Eftirfarandi fjögur störf eru laus til umsóknar:

Lektor í lífupplýsingafræði

Lektorum er ætlað að taka þátt í uppbyggingu á leiðandi rannsóknnum við Rannsóknarsetur í kerfislíffræði við Háskóla Íslands og uppbyggingu framhaldsnáms í lífupplýsingafræði. Rannsóknirnar geta annaðhvort snúist um líkanagerð eingöngu eða falið í sér tilraunavinnu. Umsækjandi skal hafa lokið doktorsprófi í lífupplýsingafræði, kerfislíffræði eða á skyldu sviði og hafa viðtæka þekkingu á líkanagerð á sviði lífvísinda.

Lektor í iðnaðarverkfræði

Við leitum eftir öflugum rannsakanda í iðnaðarverkfræði sem jafnframt hefur hæfni til að sinna metnaðarfullu kennslustarfi bæði í grunn- og framhaldsnámi. Öll svið iðnaðarverkfræðinnar koma til greina en einkum er horft til stjórnunar og reksturs, vinnuvistfræði, gæðastjórnunar og nýsköpunar. Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í iðnaðarverkfræði eða á náskyldu sviði.

Lektor í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði

Við leitum að hæfum einstaklingi sem lokið hefur doktorsprófi í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði og getur kennt helstu grunnnámskeið við námsbrautina. Við mat umsókna verður sérstaklega horft til góðs árangurs í rannsóknnum og kennslu.

Lektor í vélaverkfræði

Við leitum eftir öflugum rannsakanda á sviði varma- og straumfræði, sem jafnframt hefur hæfni til að sinna metnaðarfullu kennslustarfi bæði í grunn- og framhaldsnámi í vélaverkfræði. Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í vélaverkfræði.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2014

Mikilvægt er að umsækjendur búi yfir góðri samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum. Við ráðningu í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans. Ráðið verður í störf til fimm ára með möguleika á ótímabundinni ráðningu að þeim tíma liðnum.

Nánari upplýsingar um stöfin veitir **Ólafur Pétur Pálsson** prófessor, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar í síma **525 4952**, opp@hi.is, eða **Kristján Jónsson** prófessor, formaður námsbrautar í tölvunarfræði í síma **525 4735**, jonasson@hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Vissir þú að...

holl og góðfæða stúdlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



SAP sérfræðingur

Lýsing hf. leitar að **SAP sérfræðingi** sem hefur góða þekkingu á forritun í ABAP.

Þekking á JavaScript og SQL er kostur.

- **Lýsing hf.** var stofnað árið 1986 og er eitt elsta starfandi fjármálafyrirtæki landsins. Hjá fyrirtækinu starfa 50 manns og starfsmannavelta er lítil. Staða félagsins er góð og innviðir þess traustir.
- **Góð þjónusta og skilvirkni** eru helstu keppikefli Lýsingar sem stendur ásamt samhentum starfsmannahópi andspænis nýjum verkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með **20. nóv. nk.**
Vinsamlegast sendið umsókn ásamt meðfylgjandi gögnum á bergljot@lysing.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir Bergljót Benónýsdóttir í síma **540-1500**.

DEILDARSTJÓRI YNGRA STIGS 1. - 4. BEKKUR Í HOFSTADASKÓLA

Afleysing vegna fæðingarorlofs frá janúar 2014 til október 2014

Deildarstjóri er hluti af stjórnunarteymi skólans. Hann ber ábyrgð á skólahaldi á sínu skólastigi í samráði við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Grunnskólakennari með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla
- Kennslureynsla
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og faglegur metnaður

Umsóknarfrestur er til og með **21. nóvember 2013**.

Nánari upplýsingar:

Margrét Harðardóttir skólastjóri
s. 565 7033/820 8590
Netfang: margreth@hofsstadaskoli.is



Óskað er eftir starfsfólki á helgarvaktir.

Starfið felur í sér einstaklingsmiðaðan stuðning við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Vegna sérstakra aðstæðna er eingöngu óskað eftir kvenfólki til starfa.

Hæfniskröfur:

Íslenskukunnátta skilyrði

- Góð almenn menntun
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni, stundvísni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð skilyrði.
- Bílpróf.

Umsóknarfrestur er til 17. Nóvember.

Umsóknir berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu asdisjenna@simnet.is



Upplýsingar gefur Elsa í síma 776-2272
Ásta Sól ehf.

Húsfélag

Stórt Húsfélag miðsvæðis í Reykjavík óskar að ráða húsvörð sem fyrst í fullt starf og þarf viðkomandi að hafa bifreið til umráða. Leitað er að traustum aðila sem er handlaginn og getur starfað sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi. Um er að ræða framtíðarstarf og er iðmentun kostur. Færni í íslensku er skilyrði auk færni í ensku og almennri tölvukunnáttu. Starfið fellst í umsjón og viðhaldi sameignar, eftirliti með tækjum og búnaði og umhirðu garðs, einnig verkstjórn við aðkeypta þjónustu. Starfið er laust til umsóknar.

Áhugasamir skili inn umsóknum ásamt ferilskrá á box@frett.is merkt Húsvörður- í síðasta lagi 19. nóvember 2013.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Vissir þú að...
bannað er að missuna börnum eftir þú
hvor foreldrar þeirra gera.



Myndlistarmenn Rithöfundar Tónlistarmenn



Menningar- íþrótt- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar auglýsir eftir umsóknum um dvöl í listamannahúsinu Varmahlíð í Hveragerði.

Íbúðarhúsið er búið öllum húsgögnum og eldunartækjum. Gestalistamenn fá endurgjaldslaus afnot af húsinu.

Óskað er eftir skriflegum umsóknum, sem senda á til menningar- og frístundafulltrúa Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði. Í umsókn þarf að koma fram æskilegt dvalartímabil og að hverju listamaðurinn hyggst vinna meðan á dvölinni stendur.

Úthlutun dvalartímabla mun fara fram frá janúar n.k. til og með desember 2014.

Nánari upplýsingar hjá menningar- og frístundafulltrúa s. 483 4000

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is

Umsóknarfrestur er til 1. desember n.k.



Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2013/2014 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 665, 10. júlí 2013

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

Grundarfjarðarbær (Grundarfjörður)
Kaldraneshreppur (Drangnes)
Akureyrarkaupstaður (Grímsey)
Borgarfjarðarhreppur (Borgarfjörður eystri)

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 990/2013 í Stjórnartíðindum

Snæfellsbær (Arnarstapi, Hellissandur, Rif og Ólafsvík)
Húnaþing vestra (Hvammstangi)
Sveitarfélagið Skagaströnd
Fjallabyggð (Siglufjörður og Ólafsfjörður)
Grýtubakkahreppur (Grenivík)
Langanesbyggð (Þórshöfn og Bakkafjörður)
Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)
Sveitarfélagið Hornafjörður

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2013.

Fiskistofa, 8. nóvember 2013.

Sýslumaðurinn á Húsavík

- UPPBOÐ -

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.
Framhald uppbóðs á eftirfarandi eignum verður
að á þeim sjálfum, sem hér segir:

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7066, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 11:30.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7067, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 11:45.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7068, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 12:00.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7069, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 12:15.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7070, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 12:30.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7071, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 12:45.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7072, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 13:00.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7073, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 14:00.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7074, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf., gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 13:15.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7075, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 13:30.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7076, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Leigubær ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 13:45.

Duggugerði 5, fnr. 216-6883, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Garðar Birgisson og Friðný Sigurðardóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Norðurþing, PricewaterhouseCoopers ehf. Sýslumaðurinn á Húsavík og Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 10:15.

Sauðanes, fnr. 216-8090, 681 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Skör ehf. -Hið mikla ísl.sög.fél, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Húsavík og Vátryggingafélag Íslands hf. miðvikudaginn 13. nóvember 2013 kl. 15:30.

Uppsálavegur 30, fnr. 215-3469, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Soffía Anna Steinarsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, fimmtudaginn 14. nóvember 2013 kl. 10:00.

Garðarsbraut 63, fnr. 215-2654, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Norðurþing, fimmtudaginn 14. nóvember 2013 kl. 13:00.

Stekkjabyggð 20, fnr. 233-9125, þingeyjarsveit 601 Akureyri, þingl. eig. Timbra ehf, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri, fimmtudaginn 14. nóvember 2013 kl. 15:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík,
8. nóvember 2013.**

AÐALFUNDUR KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna,
verður haldinn í Guðríðarkirkju, Grafarholti,
miðvikudaginn 27.nóvember 2013 kl.18.00.

Dagskrá : Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin



Síðumúli 29 108 Reykjavík, Sími 565 1233

Skrifstofuhúsnæði – Grensásvegur



Til sölu eða leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði á 1. hæð við Grensásveg 3. Húsnæðið er alls 501,5 fm. og skiptist í opið rými og afstúkuð skrifstofuherbergi. Góð sameiginleg aðstaða, fundarherbergi, mótuneyti og eldhús með öllum grunntækjum. Gluggar á þrjár hliðar.

Til sölu eða leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði á 1. hæð við Grensásveg 7. Um er að ræða 226,6 fm. vandað skrifstofuhúsnæði. Húsnæðið er eitt opið rými með kaffistofu og snyrtingum. Húsnæðið hentar vel undir margskonar rekstur.


Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson
viðsk.fr./löqq. fasteignasali í síma 8984125

DOMUSNOVA

Fasteignasala

Lindavað 10 Reykjavík

Stærð: 127,5 fm
Herbergi: 3
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 29.350.000



Lækkað verð!

Verð: 36.500.000

Domusnova & Óskar kynna í einkasölu Lindarvað 10 í Norðlingaholti um er að ræða 127,5 fm neðri hæð með sérinngangi á frábærum fjölskylduvænum stað. Þrjú rúmgóð svefnherbergi eru í eigninni og er allur frágangur til fyrirmyndar og er sér verönd fyrir framan hús sem snýr í suður.



Óskar Már Alfredsson
Sælufulltrúi
oskar@domusnova.is
Sími: 615 8200



Grétar Hannesson
HdL, Löggiltur
fasteignasali.

Nýbýlavegur 8, 2. hæð - 200 Kóp. - www.domusnova.is

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

capacent



OPIÐ HÚS

TIL LEIGU

Ljósheimar 11 - 104 Reykjavík
Opið hús í dag, laugardag, milli kl. 14:00 og 14:30.
Góð 3ja herbergja 86,5 fm íbúð á jarðhæð í sjö íbúða húsi með afgirtum timburpalli innst í botnlanga. Íbúðin skiptist í hol, stóra stofu með útgengt á timburpall, eldhús, tvö svefnherbergi með fataskápum og nýlega endurnýjað baðherbergi. Flísar, dúkur og parket á gólfum. Sér geymsla. Þvottahús og hjóla- og vagnageymsla í sameign. Laus strax. **Verð 25,5 millj.**



Til leigu - Fjölínisvegur - 101 Reykjavík
Fallett einbýlishús á þremur hæðum á eftirsóttum stað í Þingholtunum til leigu. Húsið er 290,7 fm auk 20 fm bílskúrs (**samtals 310,7 fm**).

1. hæð 100,5 fm Forstofa, fatahengi. Samliggjandi stofur og eldhús, parket á gólfum. Gengið úr stofum út á lóð. Stórt og rúmlegt herbergi með parketi á gólfi. Geymsla með hillum (kyndiklefi). Gesta baðherbergi með sturtu. Herbergi, parket á gólfi.

2. hæð. Saml. stofur, parket. Eldhús, hvít sprautlökkuð innrétting, parket á gólfum. Búr með innréttingu. Gestasnyrting með glugga, flísalagt gólf. Þvottaherbergi með innréttingu, góðir skápar, flísar á gólfi.

3.hæð. Parketlagður stálstigi upp á 3. hæð/riðhæð, sem er 89,7 fm. Stigapallur er parketlagður, svalir þar útaf með fallegu útsýni yfir borgina. Tvö herbergi, parket á báðum herbergjum. Baðherbergi inn af hjónaherbergi bæði með sturtuklefa og baðkari, innrétting og gluggi. Geymslur yfir riðhæð. Hiti er í innkeyrslu og stéttum, yfirbyggt bílaport. Ræktuð lóð 631,9 fm með góðri útivistaraðstöðu.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Híbyla í síma 585-8800 eða hjá Ólafi í síma 865-8515

Mön - sunnan við Sjáland í Danmörku

Stór eign/býli, sem nýtist bæði sem íbúðarhúsnæði og húsnæði til atvinnureksturs. Frábært tækifæri til að samtvinna fjölbreyttan atvinnurekstur og eigið heimili.

Býlið er staðsett á eyjunni Mön á suðausturluta Sjálands í Danmörku, í u.þ.b. 130 km fjarlægð frá Kaupmannahöfn. Býlið er í 1,5 km fjarlægð frá strönd og jafnframt í skjóli frá bílaumferð, staðurinn er ofan í laut og umkringdur góðum trjávegg sem skýlir fyrir veðri og vindum. Býlið er byggt árið 1860 á danska vísu í ferningslaga formi umhverfis húsaágarð. Eignin telur 2 íbúðir (145 fm+75 fm), stóran konsertsal (Soloperasalen sem er 125 fm), skrifstofu (12 fm) og stórar áfaster byggingar (270 fm + 300 fm) sem bjóða upp á margvíslega möguleika til atvinnureksturs. Að auki eru u.þ.b. 200 fm ónýttir í einu horni byggingarsamstæðunnar og möguleikar á að innrétta rís (mikil lofthæð). Býlið stendur á stóru eignarlandi (1,48 hektarar/ 14.800 fm) í friðsælu umhverfi í sveit á eyjunni Mön í Danmörku. Mön er einn vinsælasti ferðamannastaður Danmerkur og er e.t.v. einna þekktust fyrir hvíta krítarkletta sína (Möns Klint), og fallegar strendur.

Áhvílandi lán eignarinnar sem kaupendur gætu tekið yfir eru á frábærum kjörum. Um er að ræða tvö lán með óverðtryggingum 0,71% og 1,68% vöxtum.

Hér er á ferðinni einstakt tækifæri í algjörra paradís sem býður uppá óþrjúgandi möguleika fyrir öflugt og duglegt fólk. Frábær möguleiki til að búa vel um sig og hafa jafnframt blómlegan og spennandi atvinnurekstur. Nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma 865-8515. Verð: 4,1 milljón DKR / 90,6 milljónir ISK.



7. hæð, íbúð 0702, 5 herbergi, íbúð 170 fm.
— 84.900.000 kr.

Opið hús á Lindargötu 37

— útsýnisíbúðir á sjöttu, sjöundu og áttundu hæð

Á Lindargötu 37 er ljúft að gá til veðurs hvernig sem viðrar. Hljóðeinangrun íbúðanna skapar fyrirtaks hljóðvist ásamt sérhönnuðum innréttingum frá Axis. Húsið er byggt og hannað með það fyrir augum að þurfa lítið viðhald, með lofthæð upp á 2,7 metra, granítborðplötur, gólfhita í öllum herbergjum og veglegum svölum. Athugið að við eigum ekki nema 5 íbúðir eftir.

Verið velkomin í vöfluboð sunnudaginn 10. nóvember milli klukkan 13 og 15.

Laugarnesvegur 54 Reykjavík

OPÍÐ HÚS á morgun sunnudag frá kl. 12:00 - 14:00.



Frábært sunnudagskvöld

KL. 19:35 SJÁLFTÆTT FÓLK

Í kvöld ræðir Jón Ársæll við krakkana sem eru að sigra heiminn, Of Monsters and Men.



KL. 20:10 THE CRAZY ONES

Geggjaðir gamanþættir með Robin Williams og Sarah Michelle Gellar í aðalhlutverkum.



KL. 21:00 HOMELAND

Magnaðir spennuþættir sem unnu tvenn Emmy-verðlaun í ár.




KL. 21:50 BOARDWALK EMPIRE

Margverðlaunuð sería með Steve Buscemi í aðalhlutverki.



KL. 19:00 ÍSÖLD

Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna.



KL. 20:30 VAMPIRE DIARIES

Önnur þáttaröðin um unglingsstúlkuna sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír.



SUDOKU

7			9	1	4			
	4	5				1	2	
		9					7	
	5	1	7			3		
		8	4	3		5	9	
4			8					
	3	4	9			1	8	
8	1		2	3		4		
		2			7	3		

LÉTT

	2	4	9	7	5			
						4	5	
3				2	7			
9	3	7		1		2		
		5	4			1		
			5	9	7			
6		7						
4	3					9		
5	1	3	4					

MIDLUNGS

9			6	1				
1								7
	8	9	5					
7		4				6		
	6			9	2			
2						3		
		7	9					6
				8	7			
5	2	4						1

PUNG

5	9	1	3	4	7	6	2	8
4	2	6	9	8	5	1	3	7
3	7	8	2	1	6	9	4	5
7	4	5	6	9	8	3	1	2
9	8	3	7	2	1	4	5	6
1	6	2	4	5	3	8	7	9
8	1	7	5	3	9	2	6	4
2	5	9	1	6	4	7	8	3
6	3	4	8	7	2	5	9	1

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Mér var illa við hverja einustu mínútu af æfingum, en ég sagði við sjálfan mig: Ekki hætta. Þú skalt þjást núna og lifa sem sigurvegari til æviloka.“

- Muhamed Ali

SKÁK

Gunnar Björnsson

Benedikt Jónasson (2.248) hafði hvítt gegn Sigurjóni Haraldssyni (1.846) í rímu a- og b-sveita Taflfélags Reykjavíkur á Íslandsmóti skákfélaga.

Hvítur á leik



27. Rdf5+! Kxe6 28. Rg7+ Ke7 29. De5+ og svartur gafst upp enda mátt í næsta leik. Heimsmeistarainvigi Magnusar Carlsen og Vishy Anand hefst nú í morgunsáriði í Chennai á Indlandi. Einnig fer fram önnur umferð EM landsliða í dag.

www.skak.is. Hefur Indverjinn eitt-hvað að gera í Norðmanninn?

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. þökk, 6. kúgun, 8. hamfletta, 9. kóf, 11. ógrynni, 12. geil, 14. ummælin, 16. tímaeining, 17. dvelja, 18. nár, 20. ónefndur, 21. garmur.

LÓÐRÉTT

1. tónlistarstíll, 3. frá, 4. tvískiptur, 5. þukl, 7. hitaeining, 10. heldur brott, 13. svelg, 15. einn milljarðasti, 16. fiskur, 19. tveir eins.

LAUSN

naoð, 16. áll, 19. kk. 5. kárf, 7. kálorá, 10. fer, 13. iðu, 15. LÓÐRÉTT: 1. rok, 3. á, 4. klöfning, una, 18. lík, 20. nn, 21. lakl. 11. of 12. klöf, 14. orðin, 16. áf, 17. LÁRÉTT: 2. takk, 6. ok, 8. fía, 9. kárf.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

6th
sense[®] INDUCTION

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE



SPANSUÐU BYLTINGIN: BESTA ÚTKOMA Í MATAGERÐ Á HELMINGI STYTTRI TÍMA

Nýji Whirlpool 6th SENSE spansuðu ofninn kynnir til sögunnar alveg nýja aðferð við matagerð sem vekja mun aðdáun matargesta þinna og gera lífið einfaldara. Umbreytir notkun hefðbundinna ofna með nýrri 6th SENSE spansuðu tækni sem skilar þér matarréttum sem eru fullkomlega brúnaðir að utan en jafnt matreiddir að innan á helmingi styttri tíma. Þetta er gert mögulegt með byltingarkenndum spansuðu bakka sem staðsettur er innan í ofnrýminu, sem inniheldur sérstaka spansuðu pönnu. Útkoman? Þú getur matreitt eins og meistarakokkur en sparað um leið allt að 50% orkunnar*. Byltingin er hafin, með ótrúlega einstökum ofni.



*Sé spansuðu tæknin notuð, samanborið við Whirlpool ofn án spansuðu tækninnar og með forhitun.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS



759
krónur 2.3 kg.

Klementínur



259
krónur kg.

FRANSKAR CONFERENCE PERUR Í LAUSU



198
krónur kg.

HOLLENSK JONAGOLD EPLI

AKURSELS ÍSLENSKAR LÍFRÆNAR GULRÆTUR



359
krónur 500g

HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ ?



298
krónur 250g.

BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU Í KRYDDOLÍU MEÐ ÓLÍFUM



149
krónur 185ml

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 185ml 10% OG 18%

TILBÚNIR RÉTTIR FYRIR ÞRJA TIL FJÓRA



998
krónur stk.

BÓNUS NÚÐLURÉTTUR M/ KJÚKLINGI



998
krónur stk.

BÓNUS HEILSURÉTTUR M/ KJÚKLINGI



198
krónur 1.5 ltr

VISTVAEN ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



398
krónur 150g.

BÓNUS LAMBHAGASALAT 150gr



698
krónur 2 ltr.

KJÖRIS MJÚKIS SÚKKULAÐI & VANILLA

Frosin forelduð PEKINGÖND

FROSIN FORELDUÐ ÚRBEINUÐ PEKINGÖND U.P.B. 600g 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA

AROMATIC CRISPY DUCK

A whole boneless crispy aromatic duck with 24 pancakes and hoisin sauce. Simply add spring onions and cucumber.

MATUR FYRIR CA. FJÓRA

2998
krónur. pk.



KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
100 g e



398
krónur 380g

MYLLU SKÚFFUKAKA



498
krónur 700g

BÓNUS JÓLAKAKA



498
krónur 700g

BÓNUS KRYDDKAKA



398
krónur 500g.

BÓNUS KAFFI 500g

1579
krónur. 900g

EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGA-BRINGUR


AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL



BONUS BONUS BONUS BONUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS



698
krónur kg.

ALI FERSKT GRÍSAHAKK



998
krónur kg.

BÓNUS ÚRBEINAÐUR GRÍSAHNAKI Í SNEIÐUM



598
krónur kg.

BÓNUS GRÍSABÖGUR HRINGSKORINN



1598
krónur kg.

BÓNUS GRÍSALUNDIR SNYRTAR



1398
krónur kg.

BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU



998
krónur kg.

BÓNUS FERSKT GRÍSAHNAKKAFILLE



3598
krónur kg.

ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBAFILLET



2998
krónur kg.

1998
krónur kg.



1298
krónur kg.



1998
krónur kg.



1998
krónur kg.



1398
krónur kg

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00



H.N. Markaðsáskipti / SÍA



Beygla með laxi og lárperum
f. 4 manns



INNIHALD

4 beyglur
300 g reyktur lax, skorinn í teninga
4 lárperur
100 g Philadelphia-ostur
Ólífuolía

½ tsk. wasabi-duft

1 sítróna

sesamfræ

1 msk Blue Dragon sesamolía

AÐFERÐ

Maukið lárperur og blandið saman við Philadelphia, wasabi-duft, sítrónusafa og sesamolíu. Smyrjið beygluna (báða hlutana) með lárperumaukinu og bætið laxateningum ofan á. Penslið með ólífuolíu og stráðið sesamfræjum yfir.

FRAMREIÐSLA

Berið fram með 1 msk. af lárperumauki með laxateningum. Stráðið sesamfræjum og wasabi yfir.

HOLLUSTA OG HIMNESKT BRAGÐ



VIÐÍS GRÍMSDÓTTIR



KRISTÍN ÓMARSÓTTIR

Skáldkonur eru drottningar í hópi karla

„Við erum drottningar. Helga Kress segir að það sé sígild náttúruleg regla í karlahópi: Ein drottning, margir karlar – við erum á valdi boðefnanna DNA og lífsögunnar, ekki bara menningarinnar,“ segir Þórunn Erlu Valdimarsdóttir rithöfundur.

Blaðamaður Fréttablaðsins efndi til hringborðsumræðna í litlu horni á Facebook-vegg Friðriku Benónýsdóttur, menningarritstjóra blaðsins og gagnrýnanda, um stöðu kvenna á bókamarkaði. Friðrika gaf upp boltann með því að segjast hafa rekið augun í að skáldkonur þykist koma af fjöllum vegna kynjahalla í bókaútgáfu. Henni þykir heimskulegt að heimta jöfn kynjahlutföll í bókaumfjöllun þegar staðan er eins og hún er í útgáfunni. „Það er nefnilega voðalega andhælislegt að taka viðtal við konu sem einu sinni skrifaði ljóð á servéttu á fylleríi í staðinn fyrir að tala við Sjón, Kalman, Gandra og alla þá kalla, bara til að blessaður kynjakvótinn haldist nú.“

Egill Helgason, umsjónarmaður Kiljunnar í Ríkissjónvarpinu, tekur í sama streng og segir: „Það er áberandi hvað eru fleiri bækur eftir karla þessi jólin - og ekki mikið sem við getum gert í því sem fjöllum um bækurnar.“

Þórunn segir það rétt að umkvartanir um færri bækur eftir konur eigi ekki að byrja á borði Friðriku. Hún segir það stílbragð að þykjast hissa. Hún segist vita allt um þetta og hörmungina alla tíð í HÍ í sagnfræðinni; ein kona og 13 karlar. „Man þegar vinur fullyrti við mig að það væru engir góðir kvenrithöfundar til, þess vegna væri (þá) svo fáum konum boðið á bókmenntahátíð – mér varð illt.“

Þórunn segir að það þurfi að hvetja og ydda stelpur ... „Því þær vantar flestar lífræðilega kjark og þor – það heitir testosterón og er æði – DNA-guðinn á eggjatíma hannaði okkur þannig að við erum svo fokking blíðar og duglausar í stríðum – frenjurnar innra með okkur brjótast fram þegar við erum 50 plús.“

Vigdís Grímsdóttir rithöfundur átti leið hjá og skutlar inn athugasemd sem vekur kátínu við borðið: „Skáldkonuskorturinn er Agli, Friðriku og ýmsum öðrum ónefndum að kenna. Það er ekki spurning.“

Eva „norn“ Hauksdóttir gerði einhverju sinni kynjafræðilega úttekt á stöðu bloggara, þeirra sem skrifa reglulega um þjóðfélagsmál, og komst að því að mikill meirihluti þeirra er karlkyns. Í ljósi þess mætti hugsanlega ætla að ástæður þess að færri verk eftir konur byggist



ÞÓRUNN ERLU VALDIMARSÓTTIR

Hlutfallið er 73,5% á móti 26,5% hjá þeim sem gefa út undir eigin nafni

Hjá Bryndísi Loftsdóttur hjá Félaga bókaútgefenda fengust þær upplýsingar að hlutföll kynja höfunda íslenskra skáldverka væru eftirfarandi:

„Það eru 54 bækur í kaflanum Íslensk skáldverk í Bókathöfundum sem nú eru í prentun.“

- 2 höfundar skrifa undir dulnefni
- 1 bók með tvo höfunda, karl og konu
- 1 bók með fimm höfunda – allt konur
- 1 bók með 13 höfunda, 4 karla og 9 konur

Ef frá eru taldar ofangreindar 5 bækur þá er staðan svona:

■ 36 karlar – 73,5%

■ 13 konur – 26,5%

Staðan batnar hins vegar örliðið ef höfundar efstu fimm bókanna eru taldir með en gert er ráð fyrir að höfundarnir sem skrifa undir dulnefni séu karlkyns:

■ 42 karlar – 60%

■ 28 konur – 40%

einfaldlega á þeirri staðreynd að færri handrit eftir konur berist til útgefenda. Kristín Ómarsdóttir rithöfundur gefur ekki mikið fyrir það. „Í sambandi við 90% karlkyns bloggara þá er þetta svona ritvöllur sem karlar bjuggu til og minnir svoldið á krárnar á pínulitlum eyjum þar sem karlar sitja og ræða málin allan daginn og drekka te á meðan konurnar

vefa teppi og hugsa um allt. Eða gera allt.“

Hvorki Vigdís né Kristín vilja þó svara þeirri spurningu hvort þær hafi þurft að gjalda kynferðis síns á rithöfundaverli sínum sem sannarlega má heita glæstur. En Þórunn svarar fyrir þær með drottningarhugmyndinni sem hún kennir við Helgu Kress.

jakob@365.is



ARNAR JÓNSSON



SVEINSSÆTUVKKI

eftir ÞORVALD ÞORSTEINSSON

LEIKSTJÓRI ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR FRUMSÝNT 10. NÓVEMBER Á STÓRA SVIÐI ÞJÓÐLEIKHÚSSINS





STÓRU BÖRNIN
TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI
HORN Á HÖFÐI
UNGLIST
LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKS

13. 17. 22. 23. 29. OG 30.
NÓVEMBER. KL. 20:00

10. 17. OG 24. NÓVEMBER
KL. 13:00

9.-16. NÓVEMBER

MIÐASALAN ER OPIN FRÁ KL. 15:00-18:00 ÞRI-FÖS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS / 527-2100 / MIDI.SI

WWW.TJARNARBIO.IS

BIRTING LÝSINGAR

Útgefandi: SRE fjármögnun 2, kennitala
701012-9840, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

SRE fjármögnun 2, fagfjárfestasjóður, hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 8. nóvember 2013 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og gefin út rafrænt og birt á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kauphall. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin er á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Skuldabréfin eru gefin út af SRE fjármögnun 2 sem er fagfjárfestasjóður rekinn af Stefni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefina skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 1.500.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er SREFS 12 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000022291. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 1 kr. að nafnverði. Tilgangurinn með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um SRE fjármögnun 2 og skuldabréfaflokkinn SREFS 12 1 má finna í lýsingu sjóðsins. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestinga-bankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 8. nóvember 2013

Stjórn Stefnis hf.

 STEFNIR

 Arion banki

Vel heppnuð Airwaves-hátíð

Hin árlega Airwaves-tónlistarhátíð fór fram í síðustu viku. Margir snjallir tónlistarmenn komu þar fram. Raket Gústafsdóttir ljósmyndari fangaði skemmtileg augnablik á hátíðinni.



EINS OG GYÐJA Sigríður Thorlacius heillaði áhorfendur.



HVÍLDARSTUND Nauðsynlegt er að hvíla lúin bein.



SVALUR Ásgeir Trausti var svalur að vanda á Airwaves.



PAULVANUR Högni Egilsson í kunnuglegri stellingu.



HORFT TIL HIMINS Hljómsveitin Jagúar hélt uppi gríðarlegri stemningu.

Vissir þú að...

 **Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.



PEKKT FYRIR METNAÐARFULLA SVIÐSFRAMKOMU Metnaðarfyllstu tónleikar Lady Gaga verða sennilega í geimnum árið 2015. AFP/NordicPhotos

Lady Gaga þunglynd

ARTPOP, nýjustu breiðskífu Lady Gaga, hefur verið beðið með eftirvæntingu meðal aðdáenda poppstjórnnunnar.

Gaga virðist þó ekki jafn spennit og aðdáendurnir.

„Ég finn fyrir tómarúmi og ég er sorgmædd,“ sagði Gaga í samtali við O2, eftir að hafa tekið upp nýju plötuna og sagðist finna fyrir þunglyndi.

„Ég er ekki lengur sú sem skapar tónlistina, ég er sú sem flytur hana,“ sagði hún jafnframt.

Lady Gaga hefur alltaf verið þekkt fyrir metnaðarfullan flutning á sviði – en hennar metnaðarfyllsti flutningur verður sennilega í byrjun árs 2015, þegar hún verður fyrsta söngkonan til að syngja í geimnum.

- ósk



LÉST 27. OKTÓBER Lou Reed var dýrkaður og dáður tónlistarmaður, en hann lést fyrir nokkrum vikum.

AFP/NORDICPHOTOS

Áður óséð efni frá Lou Reed

Tónleikar haldnir á vegum Amnesty International frá árunum 1986-1998 til þess að berjast fyrir auknum mannréttindum um allan heim hafa aldrei birst í sjónvarpi síðan sýnt var beint frá þeim á sínum tíma.

Á tónleikunum koma fram hljómsveitir og tónlistarmenn á borð við U2, Bruce Springsteen, Sting, Radiohead, Peter Gabriel, Joni Mitchell, Bono og fjöldi annarra listamanna í efni sem hefur ekki sést áður. Þá ríkir sérstök eftirvænting fyrir því að sjá upptökur af tónleikum Lou Reed, í ljósi þess að hann er nýfallinn frá.

Nú koma þessir merku tónlistarburðir til með að vera gefnir út á DVD og geisladiskum í fyrsta sinn.

- ósk

Osbourne sagði kollegum sínum til syndanna

Sharon Osbourne lét hafa eftir sér í sjónvarpsþætti að stjórnendur The View mættu fara til helvítis.

Sharon Osbourne sér augljóslega eftir að hafa látið þau ummæli falla í sjónvarpsþættinum The Arsenio Show Hall fyrr í vikunni að fyrir utan Barböru Walters gætu meðstjórnendur þáttarins the View, sem Walters stýrir, farið til helvítis.

Osbourne og Julie Chen, meðstjórnandi hennar í spjallþættinum The Talk, voru í viðtali fyrr í vikunni þar sem þær voru spurðar hver væri munurinn á sjónvarpsþættinum þeirra og The View.

Julie Chen reyndi að svara spurningunni á kurteisán máta, þegar Osbourne greip fram í fyrir henni.

„Hættu að vera kurteis. Segðu það sem þér finnst. Staðan er þessi. Barbara: Æðisleg. Himnesk. Ég dýrka hana. Ég elska hana. Hinar geta farið til helvítis,“ sagði hún og vísaði þar til meðstjórnenda Walters, þeirra Whoopi Goldberg, Jenny McCarthy og Sherri Shepard.

Í spjallþætti sínum í gær baðst Osbourne afsökunar á ummælum sínum.

„Þetta skrifast algjörlega á mig. Ég ber ábyrgð á mér. Stundum. Ég var að reyna að vera fyndin á kostnað annarra og það er ekki í lagi.“

- ósk



SHARON DRÓ UMMÆLIN TIL BAKA Sagðist hafa reynt að vera fyndin á kostnað annarra sem væri ekki í lagi. AFP/NORDICPHOTOS

St. Petersburg Festival Ballet

Pyotr Ilich Tchaikovsky



HARPA



Svanavatnið

Aukasýning vegna mikillar eftirspurnar. Tilvalinn sýningartími fyrir alla fjölskylduna.

St. Petersburg Festival Ballet sameinar allt sem einkennir rússneskan listdans; glæsileika, ferskan innblástur, konunglega búninga og fallega sviðsmynd.

Aukasýning — 13.11.2013, kl. 17:00 — Tryggið ykkur miða

harpa.is/svanavatnid

Miðasala í síma 528 5050, á midi.is og harpa.is

ICELANDAIR

Arion banki

CENTER HOTELS

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

Fiðrildafögnuður gegn sýruárásum í Hörpu


Pann 14. nóvember verður efnt til Fiðrildafagnaðar í Hörpu á vegum UN Women á Íslandi þar sem samtökin munu heiðra konur sem lifað hafa af sýruárásir. Sýruárásir tíðkast um allan heim en eru hvað algengastar í Suður- og Suðaustur-Asíu og í 80 prósentum tilvika eru fórnarlömbin konur eða ungar stúlkur. Landspekktað konur hafa lagt atakinu á Íslandi lið. Aðgöngumiði gesta á fögnuðinn er vinarband búið til á Indlandi en hugmyndin varð til er nokkrar hugaðar indverskar konur, sem lifað hafa af sýruárásir, komu saman í Nýju-Delhi.



FRÍÐRIKA HJÖRDIS GÍSLADÓTTIR



KRISTBJÖRG KJELD LEIKKONA
Alengt er að konur verði fyrir sýruárásum fyrir að óhlyðnast fjölskyldu sinni, eiga í ástar-samböndum, hafna bónoðum eða sækja um skilnað frá ofbeldisfullum eiginmönnum.
MYND/SISSA



ELMA STEFANÍA ÁGÚSTSDÓTTIR
Sýruárásir eru ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis en slíkar árásir eru sérlega gróf mannréttindabrot.




NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR
Sýruárásir tíðkast um allan heim en talið er að um 1.500 sýruárásir verði árlega og þar af um 1.000 á Indlandi.



UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR
Þrátt fyrir alvarleika málsins hafa sýruárásir ekki hlotið mikla athygli frjálsra félagsamtaka, almennings eða ríkisstjórna.



ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR
UN Women á Íslandi vill taka þátt í þeirri miklu vitundarvakningu sem á sér stað á Indlandi og koma af stað fiðrildaáhrifum héðan frá Íslandi alla leið til Indlands.



SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR, SOLLA
Við höfum séð áður að sam-takamáttur okkar hér heima getur komið af stað flóðbylgju breytinga.



HUGRÚN ÁRNADÓTTIR
Samtökin vonast svo sannarlega til að eitt þúsund manns mæti í Hörpu og geri þennan draum að veruleika.
MYNDIR/UNWOMEN



Menntaskólinn við Hamrahlíð
www.mh.is

STÖÐUPRÓF/PLACEMENT TESTS

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð í eftirfarandi tungumálum:

Danska/Danish (6 einingar/10 feín*)	þri.	3. des.	kl. 16:00.
Enska/English (9 einingar/15 feín*)	mið.	4. des.	kl. 16:00.
Franska/French (12 einingar/20 feín*)	fim.	28. nóv.	kl. 16:00.
Ítalska/Italian (12 einingar/20 feín*)	mið.	27. nóv.	kl. 16:00.
Norska/Norwegian (6 einingar/10 feín*)	þri.	3. des.	kl. 16:00.
Spænska/Spanish (12 einingar/20 feín*)	mið.	27. nóv.	kl. 16:00.
Stærðfræði/Mathematics (stæ103/5 feín, stæ203/5 feín, stæ263/5 feín)	þri.	26. nóv.	kl. 16:00.
Sænska/Swedish (6 einingar/10 feín*)	þri.	3. des.	kl. 16:00.
Þýska/German (12 einingar/20 feín*),	fim.	28. nóv.	kl. 16:00.

*hámarks einingaföldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.

Rafræn skráning (On-line registration) í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans <http://www.mh.is/skolinn/exam/>. Frekari upplýsingar á (more information on) www.mh.is.

HVAD? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

Tónleikar

21.00 Laugardaginn 9. nóvember kl. 21.00 verður Helena M. Eyjólfsdóttir söngkona ásamt stórhljómsveit með tónleika í Súlnasal Hótelis Sögu, þar sem hún fer yfir 60 ára söngferil í tónum og tali. Yfirskrift tónleikanna er Syngjandi í sextíu ár. **23.00** Dúettinn Eg og Emil skemmtir á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, laugardaginn 9. nóvember kl. 23.00.

Hönnun

18.00 Nemendur Fataiðndeildar Tækniskólans, í samstarfi við Hitt húsið, halda árlega tiskusýninguna Unglist þar sem hönnun og handverk nemenda verða gerð skil. Sýningin verður haldin laugardaginn 9. nóvember í Tjarnarbíói. Fyrri sýning verður klukkan 18.00 og seinni klukkan 20.00.

Sýningar

15.00 Laugardaginn 9. nóvember kl. 15 opnar Unnur Ýrr Helgadóttir sýningu sína Tímaflóð í Gallerí Fold. Tímaflóð er eilíft einkasýning Unnar Ýrar Helgadóttur á málverkum.

Hátíðir

13.00 Þjóðbúningadagar verða haldnir í Minjasafninu á Akureyri helgina 9. til 10. nóvember milli kl. 13 og 17. Þeir eru haldnir í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands, sem fagnar 100 ára afmæli í ár og Handraðans, sem er félagskapur fólks í Eyjafirði sem vinnur að því að viðhalda þekkingu á íslenskum þjóðhátum.

Málþing

13.00 Í tilefni áttarðisafmælis Harðar Bergmann efna Landvernd og Alda, félag

um sjálfbærni og lýðræði, til málþings um þjóðmálabækur Harðar og ný leiðarljós í samfélagsumræðunni. Haldið í fyrirlestrar-sal Þjóðminjasafnsins, 9. nóvember 2013 kl. 13.00-16.00.

Tónlist

19.00 Hrud Ósk og Kristinn Örn píanóleikari ætla að flytja Kindertotenlieder eftir Mahler og nokkrar vel valdar aríur. Aðgangseyrir 1.500 krónur. **22.00** Laugardaginn 9. nóvember næstkomandi stiga Ljótu hálfvitarnir á svið á Café Rosenberg í síðasta sinn á árinu. Fljótlega upp úr því hverfa Hálfvitar til annarra verkefna hver í sínu hýði og sjást ekki aftur fyrr en með vorinu.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

HVAD? HVENÆR? HVAR? SUNNUDAGUR

Tónleikar

15.15 Tónleikar verða til heiðurs tónskáldinu John Speight í 15:15 tónleikasýrningu í Norræna húsinu, sunnudaginn 10. nóvember kl. 15.15. Caput-hópurinn leikur undir stjórn Guðna Franzsonar. Einleikari er Ólafur Jónsson tenóraxófonleikari, einsöngvari er Ingibjörg Guðjónsdóttir. Miðasala er við innganginn. Miðaverð er 2.000 en 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómpötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, sunnudaginn 10. nóvember kl. 17.

Fræðsla

14.00 Sunnudaginn 10. nóvember verður boðið upp á leiðsögn á pólsku um sérsýningar Þjóðminjasafnsins. Leiðsögnin hefst kl.

14 og er ókeypis.

Sýningarspjal

14.00 Sunnudaginn 10. nóvember kl. 14.00 verður leiðsögn í fylgd Eyrúnar Óskarsdóttur listfræðings um sýninguna Forynjur sem nú stendur yfir í Safni Ásgríms Jónssonar við Bergstaðastræti 74.

Dansleikur

20.00 Dansað verður í félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í Reykjavík næstkomandi sunnudagskvöld kl. 20.00 til 23.00. Danshljómsveitin Klassik leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr. fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti.

Tónlist

16.00 Ísafoldarkvartettinn kemur fram í

Salnum í Kópavogi. Á efnisskrá tónleikanna eru strengjakvartett nr. 4 eftir Bela Bartók og strengjakvartett nr. 1 í a-moll eftir Robert Schumann.

Fyrirlestrar

15.00 í Hafnarborg sunnudaginn 10. nóvember kl. 15 fjallar Pétur H. Ármannsson arkitekt um Guðjón Samúelsson, arkitekt og húsameistara ríkisins til langs tíma

Markaðir

11.00 Sunnudaginn 10. nóvember: Handverksmarkaður í Sjóminjasafninu í Reykjavík, Grandagarði 8, milli kl. 11 og 17. Heitt á könnunni og notaleg stemming. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

AFMÆLISHÁTIÐ

20% afsláttur af íslenskum bókum um helgina!

Vilhelm Anton Jónsson verður í Griffli kl. 13.00 að kynna bókina sína **"VÍSINDABÓK VILLA"**



OFURTLIÐ
Á SPILUM
Tvö verð!



KR 399

KL. 13.00



Grillaðar pylsur ásamt hollum og góðum ávaxta- og grænmetisbökkum verða í boði!

KR 199

TVEIR HEPPNIR

gestir verða dregnir úr lukkpoti og fá



Komdu og kíktu á jólavörur á frábæru verði!

OPIÐ

ALLA VIRKA DAGA
FRÁ 10 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ 11 TIL 18
SUNNUDAGA
FRÁ 13 TIL 18

GRIFFILL

ALLTAF ÖDÝR

SKEIFUNNI 11



Eftirsótt að starfa í háloftunum

Mikil aðsókn var í inntökupróf fyrir sumarstarf sem flugfreyja eða flugþjónn hjá Icelandair í Háskólabíói í gær. Guðjón Arngrímsson segir starfið höfða til ungs fólks.

„Það var alveg troðfullt hérna í Háskólabíói þar sem prófið fer fram en ég geri ráð fyrir að tólf hundruð manns hafi þreytt inntökuprófið,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Rúmlega fjórtán hundruð sóttu um sumarstarf hjá Icelandair sem flugfreyja eða flugþjónn en flugfélagið býst við að ráða einungis hundrað manns að þessu sinni.

„Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Þetta er eftirsótt starf með



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON

aldrinum 21 til 35 ára til að jafna aldersdreifinguna í þessum hópi.

ágætum starfskjörum sem höfðar greinilega til ungs fólks,“ segir Guðjón þegar hann er spurður út í aðsóknina. Hann segir flugfélagið hafa auglýst eftir fólki á aldrinum 21 til 35 ára til að jafna aldersdreifinguna í þessum hópi.

„Pessi vöxtur gerir það að verkum að við þurfum að bæta við okkur starfsfólki.“

„Icelandair hefur stækkað töluvert og fjölgað áfangastöðum en það er átján prósent stækkun frá því á síðasta ári. Þessi vöxtur gerir það að verkum að við þurfum að bæta við okkur starfsfólki,“ segir Guðjón.

-mmm



ALLT Á FULLU Mikil aðsókn er í sumarstörfum.



ÓTRÚLEG VELGENGNI Ylvis-bræðurnir eru elskaðir og dáðir um heim allan.

Grínbræður sigra heiminn á YouTube

Bræðurnir Bård og Vegard Ylvisáker mynda norska grínúettinn Ylvis. Þeir eru mennirnir á bak við lagið The Fox sem hefur gert allt vitlaust á YouTube.

Bræðurnir Bård og Vegard Ylvisáker komu fyrst á sjónarsviðið í Noregi árið 2000 og slógu í gegn í sjónvarpsþáttum, á gríntónleikum, í útvarpsþáttum og tónlistarmyndböndum. Þeir stýra nú norska spjallþættinum I kveld með Ylvis og eru mennirnir á bak við lagið The Fox. Það gerði allt vitlaust á YouTube í september síðastliðnum og hefur verið horft á það rúmlega tvö hundruð milljón sinnum. Í kjölfarið vöktu bræðurnir hnyttu heimsathygli.

Þátturinn I kveld með Ylvis var frumsýndur árið 2010. Þessi fyrsta sería vakti gríðarlega lukku á sjónvarpsstöðinni TVNorge og gerðu grínistarnir samning um aðra seríu. Þá ákváðu þeir að stofna framleiðslufyrirtækið Concorde TV til að eiga allan rétt á verkum

sínum. Sería númer tvö af I kveld með Ylvis var frumsýnd í fyrra og sú þriðja nú í haust.

Í þættinum eru fjölmörg grín-tónlistarmyndbönd sýnd en ekkert hefur vakið jafn mikla lukku og The Fox. Á fyrstu tveimur vikunum var horft á myndbandið fjörutíu milljón sinnum og anna bræðurnir varla eftirspurnum um viðtöl alls staðar að úr heiminum. Fyrsta viðtalið þeirra á erlendri grund var í spjallþætti Ellen DeGeneres í september síðastliðnum og í október tróðu þeir upp í spjallþætti Jimmy Kimmel. Þá hefur verið gert grín að laginu The Fox í skemmtiþættinum sívinsæla Saturday Night Live.

Hverju Ylvis-bræður taka upp á næst er óráðin gáta en ljóst er að allar dyr standa þeim opnar.

liljakatrin@frettabladid.is

→ Hverjir eru Ylvis-bræður?

Vegard er fæddur árið 1979 en Bård árið 1982. Þeir fæddust í Björgvin í Noregi og eyddu barnæskunni í Angóla og Mósambík þar sem faðir þeirra starfaði sem verkfræðingur í borgarastyrjöldum þar. Eftir nokkurra ára dvöl í Afríku flutti fjölskyldan aftur til Noregs þar sem bræðurnir fengu tónlistaruppeldi. Í framhaldsskóla tóku þeir þátt í ýmsum uppákomum og vöktu athygli viðburðahaldarans Peters Brandt. Hann kom þeim á svið í Ole Bull-leikhúsinu í Bergen með sýninguna Ylvi en kabaret árið 2000 og eftir það reis frægðarsól þeirra hátt í Noregi.

Bjarga sér án bílprófs

Flestir Reykvíkingar taka bílpróf. Þó eru alltaf einhverjir sem gera það ekki. Fréttablaðið hafði samband við nokkra listamenn sem búa í Reykjavík og hafa ekki enn tekið bílpróf, komnir á fullorðinsaldur.

→ Saga Garðarsdóttir, leikkona

„Ég vil að líf mitt sé áskorun. Það verður of létt ef ég fæ mér bílpróf. Hver dagur á að vera þrekaun á tveimur fótum. Ég treysti allra mest á mína löngu leggi; bæði til þess að ganga á milli staða og sem verkfæri til að tæla karlmenn til þess að pikka mig upp og keyra mig um bæinn. Annars ferðast ég mikið um á hjóli föður míns og reiði mig á góðmennsku hans. Svo reiði ég mig líka á Kristínu Tómasdóttur, vinkonu mína. Hún hefur aldrei neitt betra að gera við tíma sinn en að skutla mér þegar ég elti ráðamann, jafnvel í margra klukkustunda langa bíltúra út á land.“



→ Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, leikkona og ritstjóri

„Ég geri það af tillitssemi við meðborgara mína. Svo pluma ég mig ágætlega án bílprófs. Ég á í nánú sambandi við Hreyfil-Bæjarleiðir. Mér finnst rosalega gott að treysta á að þeir mæti með engum fyrirvara. Í bílunum hjá þeim get ég hlustað á fréttir. Þar er alltaf hlýtt og ég þarf aldrei að skafa. Svo er ódýrara að ég taki leigubíl en að við hjónin rekum tvo bíla.“



→ Hugleikur Dagsson grínisti

„Ég er ekki með bílpróf því ég spáði aldrei í því. Ég man í fyrsta bekk í Kvennó þegar ég fékk far heim hjá bekkjarbróður mínum að ég hugsaði: „Ókei, erum við svona gamlir núna? Greit.“ Og svo spáði ég ekkert í því og áður en ég vissi af voru flestir jafnaldrar mínir búnir að taka þetta próf. Ég hef nákvæmlega engan áhuga á bílum og finnst fínt að labba bara út um allt. Þetta truflar mig ekki mikið. Það er helst ef mig langar í Smárabíó eða eitthvað, en til þess eru vinir á bílum.“



→ Hildur Knútsdóttir rithöfundur

„Eiginlega allir vinir mínir byrjuðu að læra á bíl um leið og þeir urðu sextán ára og ég neynti því ekki. Svo liðu árin og ég tók það aldrei. Þabbi var samt búinn að lofa að borga bílprófið af því að ég stóð mig svo vel á samræmdu prófunum í stærðfræði. Núna er þetta orðið pólitísk ákvörðun, bæði af því að mér finnst ömurlegt hvernig borgin er að pína fólk til að vera á einkabílum og svo er þetta ógeðslega mengandi. Við eigum bíl en við notum hann eins lítið og við getum. Mér finnst líka fínt að geta alltaf fengið mér rauðvín og bjór en þurfa aldrei að vera edrú til að keyra. Það reyndar var svolítið flókið þegar ég var ólétt. Þá gat ég ekki notað bílinn sem afsökun fyrir því að vera ekki að drekka.“



→ Gunnar Jónsson tónlistarmaður

„Ég ætlaði alltaf að taka bílpróf og byrjaði oft að safna fyrir því. En af því að ég er líka að spila tónlist þá freistaðist ég alltaf til að kaupa mér gítarmagnara eða eitthvert dýrt og flott tónlistardót í staðinn fyrir bílprófið. Þannig að ég bara hjóla mikið og tek strætó og sé ekki eftir neinu. Það væri ekkert vitlaust að taka bílprófið einhvern daginn. Ég ætla samt ekki að fá mér bíl af því að það borgar sig ekki fjárhagslega. Svo er ég náttúruverndarsinni og fæ smá kikk út úr því að vera bara á hjólinu.“



Spænska, sumarþúðir og sport í Tarifa á Spáni fyrir unglunga 14 til 17 ára. 22.júni til 13.júlí 2014

- Spænskuskólinn Al Andalus skipuleggur sumarþúðir fyrir unglunga í nágrenni Tarifa í Andalusíu. Skipulagt félagsstarf, íþróttir og útvíst alla daga, ásamt kynnisferðum og strandferðum. Spænskukennsla 18 tímar á viku.
- Námskeiðið er haldið í Rural Resort Huerta Grande sem hefur upp á að bjóða frábæra aðstöðu í mjög vernduðu umhverfi.
- Fararstjóri Arna Árnadóttir eigandi spænskuskólans Al Andalus í Tarifa.
- Heildarverð án flugs 1950 Evurr.
- Stærð hóps er 15 til 30 unglingar.



Upplýsingar eru að finna á www.alandalustarifa.com, tölvupóstur info@andalustarifa.com sími +34 671948150 +34 956688221

Kynning á námskeiði verður haldin í veislusal á 2.hæð í íþróttahúsi Smárans, Dalsmára 5 í Kópavogi, 14. nóv kl. 20.00. Allir eru velkomnir Nánari uppl. í síma 5657994 og 8200510



Blaðberinn bíður þín


Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.




Blaðberinn...

...þóðar fréttir fyrir umhverfið

Njóttu jólabókanna hvar og hvenær sem er.



Skuggasund
Arnaldur Indriðason




Dísusaga
Vigdís Grímsdóttir



Grimmð
Stefán Máni




Mánasteinn
Sjón



Tímakistan
Andri Snær Magnason



Lærlingur djöfulsins
Djöflastríðið mikla
Kenneth Bøgh Andersen



L.E.Y.N.D.
L. Marie Adeline



Rökkurhæðir – Gjöfin
Birgitta Elín Hassell
og Marta Hlín Magnadóttir

Mesta úrval landsins af íslenskum og erlendum
raf- og hljóðbókum fyrir alla fjölskylduna á eBækur.is

Njóttu þess að lesa ...

eBækur

www.ebækur.is

Karlmenn vildu sussa niður í kerlingarflóni

Ævisaga alþýðukonunnar Guðrúnar Ketilsdóttur á 18. öld var flokkuð sem gamansaga af klámfengnu flóni en ekki ævisaga. Sjálfævisaga hennar er líklega elsta varðveitta sjálfævisaga íslenskrar alþýðukonu.

Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur: Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu eftir Guðnýju Hallgrímsdóttur kemur út á næstu vikum. Bókin kemur út hjá Háskólaútgáfunni og er hluti af ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Bókin er rannsókni á ævi Guðrúnar Ketilsdóttur og byggir á sjálfævisögu hennar sem er fimm blaðsíðna handskrifuð sjálfævisaga, og er líklega elsta varðveitta sjálfævisaga íslenskrar alþýðukonu.

„Í fyrsta skipti sem ég las hana heillaðist ég af frásagnarmátanum. Málfar hennar var fegrað og ritskoðað þegar það kom út á prenti í fyrsta sinn árið 1929 þannig að frásögnin varð bitlausari en í upphaflega handritinu,“ segir Guðný, höfundur bókarinnar.

Í þeirri prentútgáfu er sagan flokkuð sem gamansaga af klámfengnu flóni en ekki með ævisögum.

„Í formála var sagt að það væri búið að lagfæra nokkur klúryrði í sögunni. Saga Guðrúnar lenti utan-garðs í meðförum 20. aldar fræðimanna vegna þess að þegar kemur að því að flokka og varðveita sögu hennar þá er titill sögunnar umbreytt úr Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur í Gunna suða sem 20. aldar menn telja að hún hafi verið uppnefnd, líklega vegna þess að hún talaði svo mikið, en ég finn engar heimildir um að hún hafi verið upp-



Í **DOKTORSNÁMI** Guðný Hallgrímsdóttir er núna í doktorsnámi þar sem hún einblínir á sögu alþýðukonu á 18. og 19. öld.

nefnd þetta. Svo flokka þeir hana sem þjóðleg fræði með draugasögum og sögum af skrímslum og álfum og göldrum, þannig að engum gat dottið í hug að þetta væri sjálfævisaga alþýðukonu.“

Guðný telur að sagan hafi verið ritskoðuð vegna þess hvað Guðrún var hrein og bein í umræðu sinni um menn og málefni.

„Þá voru það karlmenn sem vildu aðeins sussa niður í kerlingarflóni. Guðrún sagði opinskátt frá lífi sínu án þess að vera að skreyta eða fegra eigin sögu. Hún eignast

Guðný beitir einsöguaðferðinni

„Ég nota allar heimildir sem ég kemst yfir frá þessum tíma; kirkjubækur, dómabækur, búaðarskýrslur, byggðasögur, annála og ættfræðirit. Þetta eru eintóm brot sem ég dreg héðan og þaðan saman og reyni að skilja þetta sjálfævisögubrot.“

Guðrún Ketilsdóttir var fædd 1759 og lifði í 84 ár. Í bók Guðnýjar er saga hennar rakin allt frá barnæsku til dauða fyrir utan fimmtán ára tímabil sem engar heimildir fundust um.

ómögulegan eiginmann sem heldur framhjá henni og fer illa með hana. Hún talar um manninn sinn í frásögninni og segir að hann hafi legið í einhverri konu „eins og brókunum sínum“ vegna þess hversu oft hann hélt framhjá henni.“

Sagan af Guðrúnu kom upp í hendurnar á Guðnýju fyrir tilviljun.

„Mér fannst skrítið hvað við vissum lítið um sögu kvenna frá þessum tíma. Ég var með aðstöðu í Reykjavíkurakademíunni og þar spurðist út að ég væri að leita að þessum heimildum. Þá fékk ég á einni viku þrjú eintök af sögu þessarar konu upp í hendurnar.“ -



LAUFLÉTTUR Létt var yfir Össuri í útgáfuteitinu.

MYND/HRAFN JÓKULSSON

Setur sölumet

Össur seldi 150 bækur í útgáfuveislu í Eymundsson.

„Össur setti sölumet í bóksölu í Eymundsson Skólavörðustíg á fimmtudag. Hann seldi 150 bækur í útgáfuveislunni. Þetta er algjört met frá því að mælingar hófust,“ fullyrðir Tómas Hermannsson, útgefandi hjá Sögum, kátur.

Rífasti stemning var í útgáfu-hófi Össurar Skarphéðinssonar, þingmanns og fyrrverandi ráðherra, og svo troðið að hleypa þurfti gestum inn í hollum. Bók Össurar, Ár drekans - dagbók utanríkisráðherra á umbrotatímum, kom nýverið út og því var fagnað. „Frábær stemning. Og ekki síst þegar þessi fyrrverandi

ráðherra las upp úr bókinni og skemmti viðstöddum með sínum hárbetta húmor. Það var merki-leg upplifun að komast loks í salarkynni ráðamanna, með milligöngu Össurar,“ segir Tómas.

Á sama tíma og Össur fagnaði sinni bók blés Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður og fyrrverandi ráðherra, til útgáfufagnaðar í Eymundsson í Austurstræti til að fagna útkomu bókar sinnar Frá hruni og heim og túlka margir það sem fyrirboða þess sem koma skal: Grimmilegt bóksölueinvígi milli þessara gömlu stjórnmálagarpa.

jakob@frettabladid.is

Íhugar að selja ÍNN

Ingvi Hrafn hefur fengið tilboð í sjónvarpsstöðina.

„Allt er til sölu fyrir rétt verð. Ég hef fengið þrjú tilboð í stöðina á síðustu tveimur árum sem hafa verið ágætlega álitleg en ég var ekki tilbúinn að láta barnið frá mér. Ekki þá,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN.

Ingvi Hrafn bendir á að hann sé orðinn 71 árs og þó hann hafi fínt þrek sé sennilega tímabært að selja eða fá nýja hluthafa inn í dæmið til að byggja sjónvarpsstöðina upp.

„Ég er orðinn þreyttur á stjórnunarstörfum. Ég elska Hrafnþing en það er rosalega mikið verk að reka þetta einn. Þó þetta sé ekki 365. Ég er mjög hugsj þessa dagana. Ef það koma réttir aðilar myndi ég sennilega taka þeim mjög vel.“ Engin er pressan en Ingvi Hrafn segir að ekki sé ósennilegt að til tíðinda dragi á fyrstu dögum janúarmánaðar.

Ingvi Hrafn heyrir að fjárfestar segi sér að aldrei hafi verið eins mikið af peningum í umferð á Íslandi og núna, þeir finni sér bara ekki farveg. Ingvi Hrafn segir að það sé frekar það að hann sé að horfa til rólegri tíma en á það hörmulega ástand sem ríkir á fjölmiðlamarkaði, nú þegar Illugi Gunnarsson argi Ríkisútvarpinu glórulaust á auglýsinga- og kostunarmarkað þar sem það fái að sækja sér sextán hundruð milljónir.



ÁHUGASAMIR FJÁRFESTAR Ingvi Hrafn er orðinn þreyttur á stjórnunarstörfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þeir fara hamförum um þennan markað og komast upp með þetta því margir valdamenn eru með algjöra fóbia fyrir 365,“ segir Ingvi. „Þetta er sú Grýla sem veldur því að við búum hér við hætti sem tíðkuðust í Sovét.“

jakob@frettabladid.is

ÆÐISLEGA KRÚTTLEGAR KANÍNUR
KOMIÐ OG SKOÐIÐ ÞESSI SKEMMTILEGU GÆLUDÝR Í HOLTAGÖRÐUM UM HELGINA

25% AFSLÁTTUR AF NAGDÝRABÚRUM NÝJAR GERÐIR

NÝ SPENNANDI SENDING FRÁ FERPLAST

NÝJAR GERÐIR AF HUNÐARÚMUM

NÝJAR GERÐIR AF NÁÐHÚSUM FRÁBÆRT VERÐ!

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU
Á NETINU
HVENÆR
SEM ER

HÖFUM OPNAÐ

Í LINDUM, SKÓGARLIND 2 KÓPAVOGI




 <p>FIRETRAP KINGDOM JAKKI HERRA Firetrap</p> <p>9.890 KR</p>	 <p>KARRIMOR ICE DÚNÚLPA HERRA Karrimor</p> <p>19.490 KR</p>	 <p>NIKE MILER UV HLAUPABÓLUR HERRA Nike</p> <p>4.790 KR</p>	 <p>KANGOL FÓÐRAB VESTI KVENNA Kangol</p> <p>4.990 KR</p>
 <p>LONSDALE SÍÐ HETTUPEYSA KVENNA Lonsdale VERA VISS UM AÐ NÓG SÉ TIL</p> <p>4.390 KR</p>	 <p>LA GEAR BÓMULLARPEYSA KVENNA La Gear MARGIR LITIR</p> <p>2.790 KR</p>	 <p>LONSDALE JOGGING GALLI Lonsdale STÆRDIR 2-6 ÁRA</p> <p>4.390 KR</p>	 <p>SCOOBY DOO SKYRTA Scooby-Doo!</p> <p>2.990 KR</p>
 <p>NIKE FLEX SPEED HLAUPASKÓR KVENNA Nike</p> <p>15.090 KR</p>	 <p>LONSDALE CAMDEN BARNASKÓR Lonsdale STÆRDIR 27,5 - 34 MARGIR LITIR</p> <p>3.990 KR</p>	 <p>FIRETRAP RAVEN HERRASKÓR Firetrap</p> <p>8.990 KR TIL Í SVÖRTU OG BRÚNU</p>	 <p>KARRIMOR BOULDER GÖNGUSKÓR Karrimor STÆRDIR 27,5 - 34 TIL Í BLÁU, BLEIKU OG LJÓSBRÚNU</p> <p>4.990 KR</p>

10% AFSLÁTTUR
Í NÝRRI VERSLUN OKKAR Í LINDUM KÓPAVOGI.
02/11/2013 - 17/11/2013

Nafn: _____
Heimilisfang: _____
Tölvupóstur: _____

1) 10% afsláttur fæst gegn framvisun þessa miða, EINUNGIS í nýrri verslun Sportsdirect.com í Lindum Kópavogi. 2) Gildir einungis 02/11/2013 - 17/11/2013. 3) Einungis einn miði á mann. Ekki er hægt að nota fleiri en einn miða í einu. 4) Ekki er ekið við miðum sem hafa verið ljósritaðir, breyttir eða á einhvern hátt hefur verið átt við. 5) Ekki er hægt að breyta afslættinum á nokkurn hátt eða bæta við önnur tilboð. 6) Afsláttarmiðinn hefur ekkert handbært innlausnarvirði. 7) Afsláttarmiðinn gildir ekki með öðrum opnunartilboðum. 8) Afsláttarmiðinn gildir ekki með fótboltaþreyjum eða öðrum merktum fótboltaþreyjum. 9) Ef upp kemur ágreiningur um miða þennann, þá gildir lokaákvörðun verslunarstjóra. 10) Með því þú nýta þér þennan miða þá samþykkir þú að skrá þig á póstlista Sportsdirect.com með nafni og tölvupóstfangi. Þér er frjálst að afskrá þig af listanum hvenær sem er. Persónuupplýsingar verða ekki framseldar 3. aðila.

9000062120358



facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
CARRIE	8, 10:10
PHILOMENA	3:50, 5:50, 8, 10:10
CAPTAIN PHILLIPS	6, 9
FURÐUFUGLAR	1:50, 3:50, 6 2D
FURÐUFUGLAR	1:50 3D
AULINN EG 2	1:50, 4 2D

SAMBÍÓIN Kvikmyndarárvalið er í Sambíóunum

Á TOPPNUM Í 30 ÁR KYNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBÍÓIN

ESCAPE PLAN KL. 5:30 - 8 - 10:30

THOR - DARK WORLD 3D KL. 2 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30

THOR - DARK WORLD VIP 2D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30

BAD GRANDPA KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10

GRAVITY 2D KL. 5:50 - 8

PRISONERS KL. 3 - 6 - 9 - 10:10

FLUGVÉLAR KL. 1:30 - 3:40

KEFLAVÍK

ESCAPE PLAN KL. 8 - 10:30

THOR - DARK WORLD 3D KL. 2 - 5 - 8 - 10:20

BAD GRANDPA KL. 5:50

FURÐUFUGLAR KL. 1:30

TÚRBÓ KL. 3:40

EGILSHÖLL

ESCAPE PLAN KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30

THOR - DARK WORLD 3D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30

BAD GRANDPA KL. 3:20 - 8 - 10:10

GRAVITY 3D KL. 5:50 - 8

PRISONERS KL. 10:10

RUSH KL. 5:25

FLUGVÉLAR KL. 3:30

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

TOSCA OPERA KL. 17:55 (LAU)

ESCAPE PLAN KL. 3:10 (SUN) 5:30 - 8 - 10:30

THOR - DARK WORLD 2D KL. 1 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30

BAD GRANDPA KL. 10:40 (LAU) (8:20 - 10:30 (SUN))

DISCONNECT/HEILABROTINN KL. 5:20 (SUN)

FLUGVÉLAR KL. 1

SKRÍMSLAHÁSKÓLINN KL. 3:40 (1 (SUN) 3:40)

AKUREYRI

ESCAPE PLAN KL. 8 - 10:30

THOR - DARK WORLD 3D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30

BAD GRANDPA KL. 5:50

FLUGVÉLAR KL. 1:40

SKRÍMSLAHÁSKÓLINN KL. 3:40

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSÍNGULU KR.750 Á APPELSÍNGULU OG KR. 1000 Á GRÆNT

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBÍÓIN

Velkominn heim, Hannes

BAKPANKAR Á sínum tíma var mikill sjónarsviptir að Fannyjar Birnu Jónsdóttur

Hannesi Smárasyni úr íslenski fjölmiðlaumfjöllun. Hann hafði um árabil haldið okkur uppi með fréttum af alls kyns viðskiptabrellum og snúningum, flestum nefndum eftir erlendum félögum, sem allar virtust þeim eiginleikum gæddar að því ótrúverðugri sem þær voru þeim mun meira græddi Hannes á þeim. Við, sem erum einungis dauðlegar verur, horfðum full lotningar á hann leggja fjármálaheiminn að fótum sér.



EN stundum myndast vík milli vina. Í kjölfar hrunsins sinnadist Hannesi lítilliga við okkur og kaus útleð í anda Napóleons á St. Helenu. Þessi ákvörðun reyndist afdrifarík því óhætt er að segja að Hannes hafi skilið eftir sig tómarúm í þjóðarsálinni. Fréttirnar urðu einfaldlega minna krassandi, tilveran litlausari og fjarvera þessarar miklu fyrirmyndar neyddi okkur

til að líta í spegilinn og horfast í augu við eigin ófullkomeika.

PETTA ófremdarastand varði um árabil. En öll el birtir upp um síðir og í síðustu viku fengum við loksins þær gleðifregnir að Hannes væri á leiðinni heim í viðskipti. Og hann olli svo sannarlega ekki vonbrigðum. Á einungis tveimur vikum á íslenski viðskiptagrunn náði Hannes að taka við forstjórastöðu, fara í opnuviðtal þar sem hann sagði að yfirvofandi ákæra hefði engin áhrif á nýja starfið, fá á sig ákæru og þurfa í kjölfarið að segja starfi sínu lausu. Þetta verður ekki toppað í bráð.

EN við skulum ekki dvelja við fortíðina. Stóra spurningin er: Hvað gerir Hannes í næstu viku? Við bíðum með öndina í hálsinum. Mun hann sækja um sem næsti forstjóri Landspítalans? Eða hellir hann sér í borgarmálin? Enginn veit neitt – nema að sama hvað gerist þá verður það eitt-hvað stórkostlegt.

HANNES, við höfum saknað þín. Velkominn heim og vertu hjá okkur sem lengst.

Teknótónlist á heimsmælikvarða

Dj Yamaho og Exos standa fyrir teknókvöldi á skemmtistaðnum Park um helgina.

„Okkur langar til að vekja enn meiri athygli á íslenski teknótónlist, því hún er á heimsmælikvarða,“ segir Natalie Guðrífur Gunnarsdóttir sem er betur þekkt sem Dj Yamaho. Hún stendur á bak við mánaðarleg teknókvöld, ásamt teknótónlistarmanninum Exos og eru teknókvöldin haldin á mismunandi stöðum.

Síðast fengu þau teknófakinn Kid Mistik til að koma fram en það kvöld var haldið á Harlem í september fyrir troðfullu húsi og rosalegri stemningu. „Allir þeir listamenn sem fram

koma eru fagmenn fram í fingurgóma, þetta er mikið gæðateknó.“ Ein vinsælasta rafsveit landsins, Einóma, kemur fram en hún hefur spilað oftar erlendis en hér á landi.

Teknókvöldið verður haldið á laugardagskvöldið, á skemmtistaðnum Park en þar koma fram 02, Nonnimal, Einóma, Dj Yamaho, Exos og Oculus. Aðgangur er ókeypis og hefst skemmtunin klukkan 23.00.

„Á Park er eitt besta hljóðkerfi landsins þannig að þetta verður geggjá kvöld,“ segir Natalie.



TEKNÓ Á HEIMSMÆLIKVARÐA Dj Yamaho, stendur fyrir teknókvöldi ásamt Exos.

MYND/HÉDINN EIRIKSSON

TILBOÐ Í SMÁRA BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ

FURÐUFUGLAR ISLENSKT TAL 2D 3D
KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D OG 3D
KL. 15.30 HÁSKÓLABÍÓ Í 2D

TURBO 2D
KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D

AULINN EG 2 2D
KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D

ESCAPE PLAN

THOR - DARK WORLD 3D

BAD GRANDPA

Disney DASEAR HR 900

FLUGVÉLAR SKRÍMSLA HÁSKÓLINN

Sími: 553 2075 - bara lúxus

FURÐUFUGLAR ISLENSKT TAL
TILBOÐ KL. 1.50

AULINN EG 2
TILBOÐ KL. 1.50

Ódýrt í bíó
SÝND Í 2D
TILBOÐ KL. 1.50

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

LUKAS MOODYSSON

HÚSUND STORMAR

LOGAN'S RUN SUN: 20.00

ERNEST & CELESTINA LAU & SUN: 16.00

VIÐ ERUM BESTARI

MBL

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS • Miðasala: 412 7711 • Hverfisgata 54 • bioparadis.is • Hluti af Europa Cinemas

SMÁRA BÍÓ **HÁSHÓLA BÍÓ**

THE STARVING GAMES KL. 6 - 8 - 10

CARRIE KL. 8 - 10:15

THOR 2 KL. 3:10 - 5:30 - 8 - 10:30

THOR 2 LÚXUS KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30

FURÐUFUGLAR 2D KL. 1 (TILBOÐ) 3:10 - 5:40

FURÐUFUGLAR 3D KL. 1 (TILBOÐ)

CAPTAIN PHILLIPS KL. 5:15 - 8

INSIDIUS CHAPTER 2 KL. 10:45

TÚRBÓ 2D ISL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) 3:10

AULINN EG 2 2D KL. 1 (TILBOÐ) 3:10

SKYTTEIN KL. 8 - 10:15

PHILOMENA KL. 3:30 (TILBOÐ) 5:45 - 8

CAPTAIN PHILLIPS KL. 10

KONAN Í BÚRINU KL. 5:45 - 10:15

GRAVITY 3D KL. 8 - 10:15

MÁLMAUS KL. 3:30 - 5:45

HROSS Í ÓSS KL. 4 - 6 - 8

FURÐUFUGLAR 2D KL. 3:30 (TILBOÐ)

BORGAR BÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

THE STARVING GAMES KL. 6 - 8 / CARRIE KL. 8 - 10

PHILOMENA KL. 6 / CAPTAIN PHILLIPS KL. 10

FURÐUFUGLAR 2D KL. 2 / FURÐUFUGLAR 3D KL. 4

AULINN EG 2 2D KL. 2 / TÚRBÓ 3D KL. 4

Miðasala á: **midis.is** og **eMið**



Nicorette® QuickMist munnholsúði

HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíkn, til að draga úr fráhrarfeinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Notaðu má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan hábrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, óvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnaheftum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



SPORT

ÍSLAND  KRÓATÍA  6 DAGAR

FÓTBOLTI Króatar mæta til Íslands með nýjan þjálfara, Niko Kovac.

Á meðan Lars Lagerbäck var dásamaður fyrir að ná öðru sæti í undankeppni HM með Ísland var Igor Stimac rekinn fyrir að ná aðeins öðru sæti með króatíska liðið.

Stimac er ein af goðsögnum króatískrar knattspyrnu og var lengi vel fyrirliði landsliðsins. Hann fór fyrir liðinu á HM 2006 og á EM 2008. Lengst af knattspyrnuferli



sínum var hann í Þýskalandi. Lék lengst af með Herthu Berlin en var einnig á mála hjá Bayer Leverkusen, Hamburger og svo Bayern München. Hann endaði knattspyrnuferilinn með Red Bull Salzburg í Austurríki.

Kovac er aðeins 42 ára gamall og er ekki reyndur þjálfari. Hann hóf þjálfaraferilinn hjá Salzburg. Hann var svo ráðinn þjálfari króatíska U-21 árs liðsins í janúar en fékk aðalstarfið um daginn er Stimac var rekinn. - hbg

Kominn tími til að taka næsta skref

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Kristinn Jónsson stefnir á að koma sér í atvinnumennsku á næstu mánuðum.

Pessi magnaði 23 ára bakvörður Blika hefur verið að spila með Blika-liðinu frá því árið 2007 og síðustu ár verið einn af betri leikmönnum Pepsi-deildarinnar.

Hann fór út til Noregs á dögum og æfði þá bæði með Start og Sogndal.

„Ég fór fyrst til Start eftir Noregsleikinn. Var reyndur bara að heimsækja Gumma Kristjáns félagaminn sem spilar með liðinu. Fékk að æfa með þeim fyrst ég var þarna. Svo

fór ég til Sogndal,“ segir Kristinn en hvernig leist honum á?

„Mér leist bara vel á þetta. Það er klárlega skref upp á við að fara til Noregs. Skref sem ég stefni á að taka enda tel ég þetta vera tímamót fyrir mig að taka næsta skref á mínum ferli.“

Kristinn segir að draumurinn sé að spila í Belgíu eða Hollandi en núna sé aðallega verið að horfa á Skandinavíu. Hann á eitt ár eftir af samningi sínum við Blika.

Kristinn hefur verið í landsliðshópi Íslands upp á síðkastið og er í hópnum fyrir Króatíuleikina. Hann



KRISTINN JÓNSSON

ætlar sér stóra hluti með landsliðinu.

„Mitt markmið er að setja pressu á vinstri bakvörðinn og komast í byrjunarliðið.“ - hbg

Var bölvvað en nú dásamaður

Þegar Arsene Wenger bauð Aaron Ramsey nýjan fimm ára samning í fyrra hristu margir hausinn. Í dag er hann aðalmaðurinn í heitasta liði Englands sem stefnir á að fullkomna frábæra viku á morgun gegn United.

FÓTBOLTI Þegar Liverpool mætti með Daniel Sturridge og Luis Suarez á Emirates um síðustu helgi var talað um próf fyrir lærisveina Arsene Wenger. Þegar liðið hélt til Þýskalands og mætti Dortmund töldu margir að þeim rauðu og hvítu yrði kippt niður á jörðina. Í báðum leikjum stóðst Arsenal erfið próf. Í báðum leikjum skoraði Aaron Ramsey.

Walesverjinn féll í skugga Mesuts Özil framman af tímabili. Velgengni Arsenal var fyrst og fremst Þjóðverjanum hæfileikaríka og rándýra að þakka. Ellefu mörk í 17 leikjum auk stoðsendinga er hins vegar ansi góð tölfræði. Öllu betri en mörkin ellefu í leikjunum 150 á undan fyrir Arsenal. Svo góð að Ramsey hefur verið valinn besti leikmaður Arsenal þrjá mánuði í röð. Eftir frammistöðuna í fyrstu leikjum nóvember sem getið var að framan eru líkurnar meiri en minni að enn ein viðurkenningin falli honum í skaut.

„Fyrir ári var staða hans erfið. Hann var á tíðum hikandi og stundum voru stuðningsmennirnir óþolinmóðir. Hann hefur sýnt mikinn andlegan styrk,“ segir Wenger um breytt ástand miðjumannsins. Sjálfstraust verður seint ofmetið og ekki minnkaði það hjá Ramsey á síðustu leiktíð er Wenger gerði við hann nýjan fimm ára samning. Margir fusuðu og sveiðu.

„Hvernig í ósköpunum fékk Ramsey nýjan fimm ára samning? Ótrúlegt!“ voru viðbrögð sjónvarpsmannsins Piers Morgan á samskiptamiðlinum Twitter. Þótt Morgan láti allt flakka lýsa viðbrögð hans skoðunum fleiri stuðningsmanna félagsins frá Norður-London. Stuðningsmenn voru orðnir langþreyttir á titlaleysi og Wenger, vildu nýja leikmenn en ekki endursejma við lélega leikmenn.

Enginn kallar Ramsey lélegan í dag. Walesverjinn, sem gekk í raðir Arsenal frá Cardiff þegar hann var sautján ára, hefur fengið sinn skammt af ógæfu. Mest var hún þegar tvö bein í fæti hans brotnuðu við tæklingu Ryans Shawcross í viðureign Arsenal gegn Stoke. Fram að því hafði hann lofað góðu en meiðslin tóku sinn toll.


„Það er eins og við höfum keypt nýjan leikmann,“ segir samherjinn Theo Walcott um hinn nýja Ramsey. „Maður hefur á tilfinningunni að öll skot hans muni hafna í netinu,“ segir Jack Wilshere. Samherjar Ramsey kunna vel að meta framlag hans undanfarna mánuði.

Hlaupageta Ramsey hefur aldrei verið leyndarmál en fjarri því að alltaf hafi eitthvað komið út úr öllum hlaupunum. Fimm stiga forysta á toppnum í úrvalsdeildinni og toppsætið í Meistaradeildinni er að miklu leyti Ramsey að þakka. Nýjum Ramsey sem hefur vakið von hjá stuðningsmönnum Arsenal um langþráðan endi á átta ára titlalausum tímabili.

kolbeinntumi@frettabladid.is

Maður hefur á tilfinningunni að öll skot Ramsey muni hafna í netinu.

Jack Wilshere, leikmaður Arsenal



MARK Mesut Özil og Ramsey fagna sigurmarki þess síðarnefnda gegn Dortmund í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY



GYLFI ÞÓR Verður á ferðinni með Tottenham. NORDICPHOTOS/GETTY

Lokaverkefni fyrir Króatíu

FÓTBOLTI Sextán af tuttugu og tveimur leikmönnum karlalandsliðs Íslands verða í eldlínunni með félögum sínum í sex evrópskum deildakeppnum um helgina. Tæp vika er í fyrri leikinn gegn Króatíu á Laugardalsvelli en flautað verður til leiks klukkan 19 á föstudaginn. Óskandi er að meiðsl taki sig ekki upp hjá neinum leikmönnum liðsins fyrir leikinn mikilvæga.

Alfred Finnbogason og Sölvi Geir Ottesen léku með liðum sínum í Hollandi og Rússlandi í gær. Auk markvarðanna Gunnleifs Gunnleifssonar og Hannesar Þórs Halldórsson er deildinni lokið hjá þriðja markverðinum, Haraldi Björnssyni, í Noregi. Þá er hlé á portúgölsku deildinni þar sem Eggert Gunnþór Jónsson og Helgi Valur Danielsson spila.

Aðrir verða á fullu um helgina. Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff sækja Aston Villa heim í dag og á morgun taka Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenham á móti Newcastle. Guðlaugur Victor Pálsson og Kolbeinn Sigþórsson taka þátt í Íslendingaslag NEC Nijmegen og Ajax á morgun. Þrjár af Íslendingunum fjórum í Danmörku eiga leik á sunnudeginum og Birkir Már Sævarsson spilar lokaleik tímabilsins með Brann í Noregi þann dag.

Síðastir til að spila áður en helgin er úti verða Ólafur Ingi Skúlason hjá Zulte Waregem í Belgíu og Birkir Bjarnason með Sampdoria á Ítalíu. Lið þeirra eiga leik á sunnudagskvöldið. Landsliðsmennirnir hittast svo á Íslandi á mánudaginn. - kt2

Arsenal vill fá Hernandez

FÓTBOLTI Á meðan Arsenal sárvantar framherja er nóg til af þeim á Old Trafford þar sem samkeppnin um framherjastöurnar er mjög mikil.

Hermt er að Arsenal sé að íhuga tilboð í landsliðsframherja Mexíkó, Javier Hernandez, sem hefur fengið lítið að spreyta sig með Man. Utd á tímabilinu.

Arsene Wenger, knattspyrnu stjóri Arsenal, hefur áhyggjur af álaginu á Olivier Giroud sem virðist vera eina nothæfa „nían“ hjá Frakkanum. - sp2

Ramsey tryggði síðasta sigur á United

Arsenal fer inn í stórleikinn á Old Trafford á morgun með fimm stiga forskot á toppnum. Liðið hefur ekki haft slíkt forskot síðan í toppsætinu í febrúar 2008. Forskotid á United er átta stig og með sigri Arsenal yrði bilið ellefu stig.

Arsenal hefur ekki lagt United að velli síðan á Emirates í maí 2011. Hver skoraði sigurmarkið? Jú, Aaron Ramsey. Arsenal hefur hins vegar ekki unnið á Old Trafford síðan 2006 þegar Emmanuel Adebayor var á skotskónum. Velgengni liðsins á útivelli upp á síðkastið í takt við óstöðuleika Manchester United undir stjórn nýja stjórnans, David Moyes, gefur stuðningsmönnum Lundúnaðsins ástæðu til bjartsýni. Fjórðán sigur og eitt jafntefli í síðustu fimmtán útleikjum yfir undir líkurnar á góðum úrslitum fyrir Arsenal.

Einn maður er þó líklegri en aðrir til að hafa eitthvað um úrslitin á morgun að segja. Robin van Persie skoraði í báðum leikjum liðanna í fyrra. Í leikjunum tveimur á undan skoraði hann líka, þá klæddur búningi Arsenal. Ramsey þurfti einmitt á sínum tíma að velja á milli félaganna sem börðust um hylli kappans sem þá var sautján ára. Eftir samtöl við Sir Alex Ferguson og Wenger hélt hann á vit ævintýranna í Lundúnum. Því bölvuðu stuðningsmenn Arsenal í fyrra en fagna nú.



STÓR STUND Ramsey skoraði eina markið í 1-0 sigri Lundúnaðsins á United vorið 2011. NORDICPHOTOS/GETTY

SPORT HD

LAUGARDAGUR

12.15 Reading - QPR Sport 2
15.00 Real Madrid - Real Soc. Sport
15.00 Liverpool - Fulham Sport 2
15.00 Chelsea - West Brom Sport 3
15.00 Aston Villa - Cardiff Sport 4
15.00 Crystal Palace - Everton Sport 5
15.00 Southampton - Hull Sport 6
17.30 Norwich - West Ham Sport 2

SUNNUDAGUR

12.00 Tottenham - Newcastle Sport 2
14.00 Sunderland - Man. City Sport 2
14.00 Hannover - Kiel Sport
16.00 Man. Utd - Arsenal Sport 2
16.00 Swansea - Stoke Sport 3
18.00 Villarreal - Atletico Madrid Sport
20.00 Real Betis - Barcelona Sport

ICELANDAIR

101
Fjótlegt og þægilegt

Coca-Cola

Domino's



MAN. UTD. – ARSENAL

Sunnudag kl. 16:00

FITON / SIA



GUMMI BEN
LÝSIR LEIKNUM

ENSKI BOLTINN,
NET OG HEIMASÍMI Á
8.990 KR.
Gegn 3 mánaða
samningi

DRAMATÍK Í LEIKHÚSI DRAUMANNA

„Ætla David Moyes og United að vera með í toppbaráttunni?
Það kemur í ljós á sunnudag!“

– Gummi Ben

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | 365.is

2 SPORT 2

enski boltinn

Úr paradís á botninn í helvíti

Grindvíkingar eru að leita að fjórða bandaríska leikmanni sínum á tímabilinu eftir að Derek Lee Thomas Jr. fékk ekki keppnisleyfi. Formaðurinn Óli Björn Björgvinsson grínast með að félagsmetið sé í hættu.

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar sætta sig ekki við neina meðalmennsku þegar kemur að bandarískum leikmönnum liðsins og hafa þegar sent tvo heim og spilað stóran hluta tímabilsins útlendingalausir.

Bestu bandarísku leikmenn úrvalsdeildar karla hafa spilað í Grindavíkurbúningnum undanfarnin tvö tímabil. J'Nathan Bullock (2011-12) og Aaron Broussard (2012-13) hjálpuðu Grindavík að vinna Íslandsmeistararitilinn tvö síðustu ár. Eftirmaður þeirra þarf að fylla stórt skarð og það hefur ekki gengið vel hingað til.

„Ég held að metið í Grindavík sé fimm bandarískir leikmenn á einu tímabili og við stefnum bara ótrauðir á að slá það,“ sagði Óli Björn Björgvinsson í óvenju léttum tón þegar Fréttablaðið spurði hann út í vandræðin með bandaríska leikmenn liðsins.

Þriðji bandaríski leikmaður Grindavíkur í vetur náði ekki að spila eina einustu mínútu áður en menn fóru að leita að þeim fjórða.

„Hann er ekkert kominn til landsins og við fáum engin leyfi fyrir hann. Við vorum búnir að semja við hann þannig séð en svo kom það bara í ljós að hann fær ekki leyfi,“ segir Óli Björn og ástæðan? „Hann er ekki með hreint sakavottorð. Það er búið að afskrifa hann og það verður dregið aftur í Kanalotteríinu í kvöld. Við erum búnir að kaupa miða,“ segir Óli.

Grindvíkurliðið hefur unnið þrjá af fyrstu fjórum leikjum



TITILLINN Í HÖFN Óli Björn Björgvinsson fagnar með sínum mönnum síðasta vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sínum í Dominos-deildinni og er því ekkert í slæmum málum þrátt fyrir útlendingavandræði.

„Ég skal viðurkenna það að ég var stútfullur af bjartsýni eftir síðustu leikina fyrir Íslandsmótið. Svo vorum við bara flysjaðir í fyrsta leik á móti KR og erum ekki búnir að vera góðir síðan. Það hefur alveg gríðarleg áhrif þegar það er alltaf verið að koma með nýja útlendinga og kenna þeim kerfin,“ segir Óli.

Grindvíkingar hafa verið heppnari en flestir í útlendingamálum sínum síðustu tvö ár en lukkan hefur yfirgefið þá í vetur.

„Jón Gauti (Dagbjartsson stjórnarmaður) sagði að við værum búnir að vera tvö ár í paradís en við erum bara núna á botninum í helvíti í þessu. Það er samt enginn bilbugur á okkur, við höldum bara áfram að leita og dæla þeim inn og út aftur,“ segir Óli Björn.

Grindvíkingar hafa þegar ákveðið að þrengja hópinn. „Við viljum helst ekki vera að taka gutta út úr skóla eins og var með þá fyrstu tvo. Við leitum frekar að gæja sem er orðinn 26 til 28 ára og er kominn með einhverja reynslu af atvinnumennsku,“ segir Óli.

„Það er ljóst að við verðum örugglega Kanalausir í næstu tveimur leikjum. Það tekur orðið heilmikinn tíma að ná öllum þessum pappírnum saman og svo veit maður aldrei hvað þeim í Útlendingastofnun dettur í hug að gera,“ segir Óli.

Grindvíkingar hafa gengið í gegnum svona tímabil áður og hafa alltaf verið óhræddir við að breyta til þegar atvinnumennirnir standa sig ekki.

Jóhann Árni Ólafsson, Þorleifur Ólafsson og Sigurður Gunnar Ólafsson hafa allir skilað flottum tölum í leikjum liðsins

Bandarískir leikmenn Grindavíkur veturinn 2013-14

1. Christopher Stephenson

Var með 10,0 stig, 5,6 fráköst og 4,0 stoðsendingar að meðaltali í fimm leikjum í Lengjubikarnum. Var látinn fara.

2. Kendall Leon Timmons

Var með 14,5 stig og 9,0 fráköst að meðaltali í tveimur deildarleikjum. Hitti aðeins úr 12 af 32 skotum sínum utan af velli og 4 af 10 vítum. Var látinn fara.

3. Derek Lee Thomas Jr.

Grindavík var búið að semja við hann en leikmaðurinn fékk ekki keppnisleyfi hjá Útlendingastofnun og Körfuknattleikssambandi Íslands þar sem hann er með dóm á bakinu.

4. Óákveðið

„Við höldum að metið sé fimm á einu tímabili. Tímabilið er rétt að byrja og við erum að fara að semja við fjórða gæjann. Við eigum góða möguleika á því að slá þetta met. Vonandi verðum við heppnir næst og við ætlum að reyna að vanda valið,“ segir Óli Björn Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur.

að undanförunu. „Þeir eru búnir að sýna það útlendingalausir að þetta er hörkulið. Ef við fáum góðan útlending sem smellur inn í þetta hjá okkur þá lítur þetta vel út. Við ætlum að festa bikarinn hérna í Grindavík, það er ekkert öðru vísi,“ segir Óli. Það er þó ekki hægt að vinna Íslandsbikarinn til eignar þó að lið vinni hann þrjú ár í röð.

„Ég kaup þá bara svona bikar til að eiga ef við fáum hann ekki,“ segir Óli Björn sem er bjartsýnn á veturinn þrátt fyrir öll útlendingavandræðin.

ooj@frettabladid.is

JEPPAR Í GÓÐU ÚRVALI



Vel búinn, sparneitinn og lipur sportjeppi.

► **Tilboð: 4.850.000 kr.**
Ford Kuga Titanium S AWD AEE45
Skráður júní 2012, 2,0TDCI dísil, sjálfskiptur
Ekinn 58.000 km. Í ábyrgð
Ásett verð: 5.150.000 kr.

FERÐA FJÖR NOTAÐRA BÍLA

Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna

400.000 KR.

GJAFABRÉF FRÁ WOW^{air}*

Hvert myndir þú fara?



► **FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS**



Lúxusjeppi hladdinn búnaði s.s. leður, rafdr. afturhleri, Sony hljómtækni o.fl.

► **Verð: 8.490.000 kr.**

Ford Explorer Limited AWD TTA17
Skráður júní 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 55.000 km. Í ábyrgð



Öryggilítt upp málað og hladdinn búnaði.

► **Tilboð: 3.990.000 kr.**

Volvo XC90 AWD YD872
Skráður apríl 2007, 4,4i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 122.000 km.
Ásett verð: 4.190.000 kr.

Verð vel tengd út

Ásdís Guðmundsdóttir fór ekki út með Gerplu þar sem hún er barnshafandi. Hefur fulla trú á liðinu.

FIMLEIKAR Gerpla á titil að verja á Norðurlandameistaramótinu í fimleikum sem fram fer í Óðinsvéum í Danmörku í dag.

Gerpla vann mótið sem fram fór í Larvik í Noregi fyrir tveimur árum. Liðið hefur verið gríðarlega sigursælt undanfarnin ár og kvennalið Gerplu varð einnig Evrópumeistari í hópfimleikum árið 2010.

Íslendingar verða með þrjú lið á mótinu en Gerpla sendir bæði kvenna- og karlalíð til Óðinsvéa og Stjarnan verður með eitt kvennalið. Stjórnukonur unnu bronsíð í Larvik árið 2011.

„Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel þrátt fyrir að við séum í raun með alveg glænýtt lið í höndunum,“ segir Ásdís Guðmundsdóttir, dansþjálfari Gerplu. Ásdís fór ekki með liðinu til Óðinsvéa en hún er barnshafandi og á aðeins nokkrar vikur eftir af meðgöngunni.

„Liðið fór í æfingabúðir í vor til Danmerkur og eftir það hafa stelpurnar litið mjög vel út og eru svo sannarlega tilbúnar í slaginn.“


Liðið sem keppir á Norðurlandameistaramótinu í ár er gjörbreytt frá liðinu sem hampaði titlinum í Noregi.

Kjarninn er farinn

„Kjarni liðsins sem varð Norðurlanda- og Evrópumeistari á sínum tíma er í raun allur farinn út úr þessu liði. Stór hluti af liðinu í ár hefur verið hluti af okkar hóp undanfarnin ár og þekkir vel inn á þessi mót. Það er vissulega þeirra hlutverk þessara stelpna að stíga upp og sýna ákveðna leiðtogahæfileika á mótinu.“

En hefur Gerpla burði til að verja titilinn?

„Ég tel að stelpurnar eigi rosalega góðan möguleika á að standa uppi sem sigurveggar á þessu móti. Þær þurfa bara að skila sínu og þá sé ég alveg fyrir mér að við getum varið titilinn.“



BJARTSÝN Ásdís hefur fulla trú á nýjum leiðtogum í Gerplu og vill meina að liðið geti vel varið Norðurlandameistararitilinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ásdís verður við símann alla helgina og í góðu sambandi við samstarfsfélagi sinn, Ástu Þyri Emilsdóttur, sem einnig er dansþjálfari Gerplu og stödd í Óðinsvéum.

„Ég hef varla farið frá tölvunni síðan liðið fór út á miðvikudaginn og ég verð í stanslausu sambandi við stelpurnar alla helgina.“

Ásdís og Ásta Þyri voru báðar með fyrir tveimur árum þegar Gerplu-liðið vann gullið. Nú ætla þær að hjálpa næstu kynslóð að halda uppi merkjum liðsins. - sáþ

Skóðuðu úrvalið á

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Notaðir bílar - Brimborg

Söluleiðir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

Pavel fær samkeppni í þrennunum

Hinir ungu Matthías Orri Sigurðarson og Emil Barja eru báðir komnir í þrennuklúbbinn.

KÖRFUBOLTI Þrennuklúbbur Dominos-deildar karla í körfubolta er alíslenskur eftir leiki fimmtudagskvöldsins en þá tryggði þriðji íslenski leikmaðurinn sér aðild að klúbbnum. Þrenna telst það þegar körfuboltaður kemst yfir tíu í þremur tölfræðipáttum sem eru vanalega stig, fráköst og stoðsendingar þótt sumir nái því einnig stundum í stolnum boltum og vörðum skotum.

Matthías Orri Sigurðarson, yngri bróðir landsliðsmannsins Jakobs Arnar hjá Sundsvall, fór á kostum í sigri ÍR-liðsins

á Val og bættist þá í hóp með Pavel Ermolinskij hjá KR og Emil Barja hjá Haukum.


Matthías var með 22 stig, 13 fráköst og 12 stoðsendingar í leiknum á móti Val en þessi 19 ára leikstjórnandi tapaði aðeins einum bolta á 37 mínútum. Hann var í rauninni með fernu því hann fiskaði einnig tíu villur á Valsmenn í þessum mikilvæga leik. Það var magnað að sjá strákinn taka hvert frákastið á fætur öðru inn á milli stóru leikmanna liðanna.

Pavel Ermolinskij varð fyrsti meðlimur í þrennuklúbba tímabilsins og kom það

fáum á óvart. Pavel var nefnilega að ná sinni tólftu þrennu á Íslandsmótinu. Snæfellingar réðu ekkert við kappann sem var með 20 stig, 22 fráköst og 13 stoðsendingar í sigurleik í Hólminum.

Emil Barja bættist í hópinn í sigri Hauka á Snæfelli en hann var með 21 stig, 10 fráköst og 10 stoðsendingar í þeim leik. Emil hefur verið í nágrenni við þrennuna í nær öllum leikjum og meðaltölin hans í fyrstu fimm leikjunum eru 9,6 stig, 9,0 fráköst og 8,2 stoðsendingar.

Hvort fleiri bætist í hópinn á næstunni verður síðan að koma í ljós.

- 66j
EMIL BARJA

MATTHÍAS ORRI SIGURÐARSON



PAVEL ERMOLINSKIJ

DOMINOS-DEILDIN

KFÍ - KR 77-91

KFÍ: Mirko Stefan Virijevic 22/11 fráköst, Jason Smith 19, Ágúst Angantýsson 17/9 fráköst, Óskar Kristjánsson 6, Jón Hrafn Baldvinsson 5, Pance Ilijevski 3, Hraunur Karl Guðmundsson 3, Jóhann Jakob Friðriksson 2.

KR: Helgi Már Magnússon 20/10 fráköst, Martin Hermannsson 18, Jón Orri Kristjánsson 14, Darrí Hilmarsson 12/6 fráköst, Pavel Ermolinskij 12/6 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 9/5 stoðsendingar, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 4/5 fráköst, Þorgeir Kristinn Blöndal 2.

NJARÐVÍK - SKALLAGRÍMUR 104-63

Njarðvík: Elvar Már Friðriksson 23/5 stoðsendingar, Logi Gunnarsson 22/5 fráköst, Hjörtur Hrafn Einarsson 19, Ágúst Orrason 12/5 fráköst, Óli Ragnar Alexandersson 11, Nigel Moore 11, Friðrik E. Stefánsson 4/4 fráköst, Magnús Már Traustason 2.

Skallagrímur: Grétar Ingi Eiríksson 21/12 fráköst, Davíð Guðmundsson 11/5 stoðsendingar, Davíð Ásgeirsson 10, Orri Jónsson 9/6 fráköst/6 stoðsendingar, Egill Egilsson 8/9 fráköst, Sigurður Þórarinnsson 2/4 fráköst, Trausti Eiríksson 2.

STAÐAN

Keflavík	5	5	0	462-379	10
KR	5	5	0	468-402	10
Grindavík	4	3	1	354-339	6
Njarðvík	4	3	1	401-329	6
Haukar	5	3	2	461-432	6
Þór P.	4	3	1	375-352	6
Stjarnan	5	2	3	401-418	4
ÍR	5	2	3	430-484	4
Snæfell	4	1	3	331-359	2
Skallagrímur	5	1	4	382-442	2
KFÍ	5	0	5	417-472	0
Valur	5	0	5	388-462	0

NÆSTU LEIKIR

Sunnudagur 10. nóvember: 19.15 Þór Þorl. - Njarðvík. Mánudagur 11. nóvember: 19.15 Snæfell - Grindavík (Beint á Stöð 2 Sport).



FULLT HÚS Esther Viktoría Ragnarsdóttir og félagar í Stjórnunni hafa ekki tapað stigi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Toppslagur á Hlíðarenda

HANDBOLTI Það er risaleikur í Olís-deild kvenna í handbolta í dag þegar topplið Stjórnunnar heimsækir Val í Vodafone-höllina að Hlíðarenda í einvígi tveggja efstu liða deildarinnar.

Þetta eru einu ósigrðu lið deildarinnar, Stjórnuliðið hefur unnið alla sjö leiki sína og er með eins stigs forskot á Val sem hefur unnið sex og gert eitt jafntefli. Leikurinn hefst klukkan 15.30 en Garðabæjarkonur geta náð þriggja stiga forskoti á toppnum með sigri.

Þetta er enn fremur fyrsti leikur liðanna síðan Stjarnan sló Val út í oddaleik í undanúrslitum úrslitakeppninnar síðasta vor. Stjarnan vann þá 20-19 sigur á Hlíðarenda í hádrámatískum leik.

Á undan leik Vals og Stjórnunnar tekur karlalið Vals á móti ÍBV. Bæði liðin eiga möguleika á því að vinna sinn þriðja deildarleik í röð en sá leikur hefst klukkan 13.30. - 66j



13:30 · NEC Nijmegen - AFC Ajax
15:30 · Feyenoord - AZ Alkmaar

BEIN ÚTSENDING Í OPINNI DAGSKRÁ

ÍSLENDINGAR VERÐA Í ELDLÍNUNNI SUNNUDAGINN 10. NÓVEMBER



GUÐLAUGUR V. PALSSON

GEGN



KOLBEINI SIGÞÓRSSYNI



ARON JÓHANSSON

ÁSAMT



JÓHANNI BERG



HOLLENSKI BOLTINN
HELDUR ÁFRAM AÐ RÚLLA Á SKJÁEINUM

SUNNUDAGUR

Stöð 2 kl. 21.50 Boardwalk Empire

Fjórða þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkárlsins Nucky Thompson, sem réð lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.



Í KVÖLD



Dexter

SKJÁR EINN KL. 22.00 Lokaröðin af þessum ódauðlegu þáttum um fjöldamorðingjann og þrúðmennið Dexter Morgan. Glæpur er framinn í íbúðarhúsi Dexters. Okkar eigin Darri Ingólfsson fer að láta að sér kveða í þáttunum.



Landinn

SJÓNVARPIÐ KL. 19.30 Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson og um dagskrárgerð sér Karl Sigtryggsson.



Spænski boltinn

STÖÐ 2 SPORT KL. 19.55 Bein útsending frá leik Real Betis og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni.

Bylgjan kl. 10.00 Sprengisandur

Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Þáttur sem vitnað er í. Stjórnmalámennt, sérfræðingar og spekingar eru tölfrá gestir á Sprengisandi. Sigurjón M. Egilsson ræðir mál sem skipta okkur öll máli.



STERKUR OG BRAGDMIKILL
EN LÍKA MILDUR OG FROÐUKENNDUR

BAKARÍIÐ

JÓHANNES HAUKUR RÚNAR FREYR

LAUGARDAGSMORGNA
FRÁ 9 TIL 12

BYLGJAN 989

STÖÐ 2

- 07.00 Strumparnir 07.25 Villingarnir 07.45 UKI 07.50 Dóddi litli og Eyrnastór 08.00 Algjör Sveppi 10.05 Ben 10 10.25 Kalli litli kanína 10.50 Ofurhetjusérsveitin 11.10 Loonatics Unleashed 11.35 Batman
- 12.00 Spaugstofan
- 12.30 Nágrannar
- 14.15 Logi í beinni
- 15.05 Go On
- 15.30 Mike and Molly
- 15.55 Grey's Anatomy
- 16.40 Um land allt
- 17.10 Stóru málin
- 17.35 60 mínútur
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Sportpakkinn (11:30)
- 19.10 Dagvaktin
- 19.35 Sjálfstætt fólk (10:15) Jón Ársæll Þórðarson kann listina að nalgast viðmælenda sinn.
- 20.10 The Crazy Ones (6:22)
- 20.35 Ástríður (9:10)
- 21.00 Homeland (6:12)
- 21.50 Boardwalk Empire (9:12)
- 22.45 60 mínútur (6:52)
- 23.30 The Daily Show. Global Editon
- 00.00 Nashville
- 00.40 Hostages
- 01.25 The Americans
- 02.05 World Without End
- 02.55 Le Prix Du Chacal
- 05.35 Fréttir

SPORT

- 08.00 Real Madrid - Real Sociedad
- 09.40 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - AC Milan
- 11.20 Þýski handboltinn Útsending frá leik Kiel og Rhein Neckar Löwen.
- 12.45 Sumarmótin 2013 Síndar svipmyndir frá Þæjumótinu í Eyjum.
- 13.25 Liðið mitt Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
- 13.55 Þýski handboltinn Bein útsending frá leik Hannover og Kiel.
- 15.25 Meistarad. - meistaramörk
- 16.15 KR - Stjarnan
- 17.55 Villarreal - Atletico Madrid Bein útsending
- 19.55 Real Betis - Barcelona Bein útsending
- 22.00 Þýski handboltinn
- 23.20 Villarreal - Atletico Madrid
- 01.00 Real Betis - Barcelona

SPORT 2

- 08.30 Norwich - West Ham
- 10.10 Reading - QPR
- 11.50 Tottenham - Newcastle Beint
- 13.55 Sunderland - Man. City Beint
- 16.00 Man. Utd. - Arsenal Beint
- 18.05 Liverpool - Fulham
- 19.45 Tottenham - Newcastle
- 21.25 Swansea - Stoke
- 23.05 Sunderland - Man. City
- 00.45 Man. Utd. - Arsenal

INN

- 14.00 Frumkvöðlar 14.30 Evrópumál 15.00 Vafrað um Vesturland 15.30 Áfram Vogur 16.00 Hrafnþing 17.00 Stjórnarráðið 17.30 Skuggaráðuneytið 18.00 Björn Bjarnason 18.30 Tölur, tækni og kennsla. 19.00 Fasteignaflofan 19.30 Á ferð og flugi 20.00 Hrafnþing 21.00 Auðlindakistan 21.30 Fiskikóngurinn. 22.00 Hrafnþing 23.00 Randver í lön 23.30 Eldað með Holta

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

- 13.30 Junior Masterchef Australia
- 14.15 Extreme Makeover.
- 15.00 The Great Escape
- 15.40 Celebrity Apprentice
- 17.05 It's Love, Actually
- 17.25 Í eldhúsinu hennar Evu
- 17.45 Glee 5
- 18.30 Mindy Project
- 18.50 Mad
- 19.00 The Amazing Race
- 19.45 Offspring (9:13) Áströlsk þáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna í heimalandinu. Nina er fæðingalæknir sem gengur allt í haginn.
- 20.30 The Vampire Diaries (10:22)
- 21.15 Zero Hour (10:13)
- 22.00 Graceland (9:13) Spennandi þáttaröð um ungan nýliða í bandarísku alríkislögreglunni.
- 22.40 The Amazing Race (10:12) Skemmtileg keppni þar sem nokkur tveggja manna lið eru í kapphlaupi um heiminn. Liðin heimsækja 30 borgir í fjórum heimsálfum og dramatíkin ræður ríkjum frá upphafi til enda.
- 23.25 Offspring
- 00.10 The Vampire Diaries
- 00.50 Zero Hour
- 01.35 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Lukku láki 07.24 Ofurhundurinn Krypto 07.45 UKI 07.50 Hvellur keppnisbíll 08.00 Dóra könnuður 08.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 08.45 Dóddi litli 08.55 Sumardalsmyllan 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveins 09.48 Latibær 10.00 Ævintýri Tinna 10.22 Skoppa og Skríttla 10.35 Strumparnir 11.00 Lukku láki 11.24 Ofurhundurinn Krypto 11.45 UKI 11.50 Hvellur keppnisbíll 12.00 Dóra könnuður 12.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 12.45 Dóddi litli 12.55 Sumardalsmyllan 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveins 13.48 Latibær 14.00 Ævintýri Tinna 14.22 Skoppa og Skríttla 14.35 Strumparnir 15.00 Lukku láki 15.24 Ofurhundurinn Krypto 15.45 UKI 15.50 Hvellur keppnisbíll 16.00 Dóra könnuður 16.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 16.45 Dóddi litli 16.55 Sumardalsmyllan 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveins 17.48 Latibær 18.00 Ævintýri Tinna 18.22 Skoppa og Skríttla 18.35 Strumparnir 19.00 Iceage 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (12:22)
- 20.00 Viltu vinna milljón?
- 20.40 Kroniken (6:22)
- 21.40 Örnin (6:24)
- 22.40 Ally McBeal (7:23)
- 23.25 Without a Trace (12:23)
- 00.10 Viltu vinna milljón?
- 00.50 Kroniken
- 01.50 Örnin
- 02.50 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 09.59 Space Cowboys
- 12.09 The Pursuit of Happyness
- 15.04 Love and Other Drugs
- 15.54 Space Cowboys
- 18.05 The Pursuit of Happyness
- 20.05 Love and Other Drugs
- 22.00 The River Wild
- 23.50 Safe House
- 01.45 One For the Money
- 03.15 The River Wild

RÚV

- 07.00 Morgunstiðin okkar
- 10.15 Ævintýri Merlín
- 11.00 Sunnudagsmorgunn Gísli Marteinn Baldursson fær til sín gesti og ræðir við þá um málefni líðandi stundar.
- 12.15 Vertu viss
- 13.05 Stúdíó A
- 13.35 Nautnafikn - Viskí (4:4)
- 14.25 Saga kvikmyndanna (3:15) (The Story of Film. An Odyssey)
- 15.25 Da Vinci - Týndi fjársjóðurinn
- 16.15 Til fjandans með krabbann
- 17.00 Táknafréttir
- 17.10 Poppý kisló
- 17.21 Teitur
- 17.31 Vöfluhjarta
- 17.51 Tóbi
- 18.00 Stundin okkar
- 18.25 Hraðfréttir
- 18.35 Íþróttir
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.30 Landinn Frétta- og þjóðlífsþáttur.
- 20.00 Fólkið í blokkinni (5:6) Gamanþáttaröð byggð á sögu eftir Ólaf Hauk Simonarson.
- 20.30 Downton Abbey (3:9) (Downton Abbey) Breskur myndaflokkur sem gerist upp úr fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar.
- 21.20 Kynlífsfræðingarnir (1:12) (Masters of Sex) Bandarískur myndaflokkur um William Masters og Virginíu Johnson sem voru frumkvöðlar á sviði kynlífsrannsóknna.
- 22.20 Sunnudagsmorgunn
- 23.30 Brúin
- 00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.20 Dr.Phil
- 09.50 Kitchen Nightmares
- 10.40 Secret Street Crew
- 11.30 Save Me (
- 11.55 The Bachelor
- 13.20 Hollenska knattspyrnan - BEINT
- 15.20 Hollenska knattspyrnan - BEINT frá leik Feyenoord og AZ Alkmaar.
- 17.35 Family Guy
- 18.00 Rookie Blue
- 18.50 In Plain Sight
- 19.40 Judging Amy
- 20.25 Top Gear Top Fails (1:2) Sérstakir þættir þar sem helstu klúður þeirra Top Gear-manna eru rakin.
- 21.15 Law & Order. Special Victims Unit (1:23) Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögregluinnar í New York borg.
- 22.00 Dexter (8:12)
- 22.50 The Borgias (8:10) Alexander situr sem fastast á páfastóli en sótt er að honum úr öllum áttum.
- 23.40 Sönn íslensk sakamál
- 00.10 Under the Dome
- 01.00 Hannibal
- 01.45 Dexter
- 02.35 Excused
- 03.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport 09.10 Golfing World 10.00 The McGladrey Classic 2013 13.00 The McGladrey Classic 2013 16.00 The McGladrey Classic 2013 18.00 The McGladrey Classic 2013 21.00 The McGladrey Classic 2013 00.00 The McGladrey Classic 2013 01.30 Eurosport

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið


FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

emmessis

G·A·M·A·L·D·A·G·S
Rjómaís

Bragðið sem kallar fram dýrmætar minningar
um gamla góða heimagerða ísinn
sem allir elska.



PPARTBWA - SA - 133219

Með íslenskum rjóma

emmessis

LAUGARDAGUR

Matthew McConaughey

„Oft þegar þú átt góða vini sem þú hefur umgengist mikið, þá gefur þú þeim ekki alla þína athygli. Þegar þeir tjá sig fer helmingur athyglinnar í að hlusta en hinn helmingurinn í að hansa þá.“

Leikarinn Matthew McConaughey leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Ed TV sem sýnd er í Ríkis-sjónvarpinu klukkan 21.20 í kvöld.



Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

JUSTIN SHOUSE KÖRFUBOLTAMAÐUR OG KENNARI

„Ég horfi þó nokkuð á sjónvarp þegar ég á lausar stundir. Ég horfi mikið á Netflix og fylgist þá með þáttaröðum og heimildarmyndum um íþróttir. Ég dett gjarnan í klassíska þætti eins og Seinfeld, því George Costanza minnir mig á vin minn Jovan Zdravetski.“



1 Breaking Bad
Ég var gjörsamlega límdur við Breaking Bad-þættina. Hvert andartak í þáttunum, frá upphafi til enda, skipti máli.



2 NBA og NFL
Ég fylgist mikið með NBA-körfuboltanum og amerísku fótboltaeildinni NFL. Ég er með Fjölvorpið og horfi á NBA TV.



3 Parks and Recreation
Mitt markmið í lífinu er að vera með yfirvaraskegg eins og Ron Swanson.

Rás 2 kl. 15.00

Grínistar hringborðsins

Í laugardagsþættinum Grínistar hringborðsins leiða íslenskir grínistar saman hesta sína, ráðast með háði að fáránleika tilverunnar, stinga með atgeirum fíflagangsins á kylum þjóðfélagsins og senda eittraðar gleðiorvar út í þjóðfélagið. Umsjónarmaður þáttarins er Þorsteinn Guðmundsson.



★★★★★
„Salurinn veltist um af hlátri. Gaman!!!“
E.B. Fréttablaðið.

★★★★★
„Skemmtileg tónlist, fallett mál, smekkleig umgjörð og góður leikur.“
S.G. Mbl.

J.V.J. DV.

HÖRNIN Á HÖFÐI

mid.is TIARNARBIÓ GRAL

Frábært fjölskylduævintýri

eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson

Sýningar

Sun: 10. nóv. kl. 13
Sun: 17. nóv. kl. 13
Sun: 24. nóv. kl. 13

Tónlist eftir Villa Naglbít!

Miðasala á mid.is og í miðasölu Tjarnarbiós í síma 527-2102. Miðasala er opin frá 15-18 frá þriðjudegi til föstudags, auk klukkutíma fyrir viðburð.



STÖÐ 2

- 07.00 Strumparnir 07.25 Villingarnir 07.50 Hello Kitty 08.00 Algjör Sveppi 10.30 Scooby-Dool 10.55 Ozzy and Drix 11.15 Young Justice 11.35 Big Time Rush 12.00 Bold and the Beautiful 13.40 Popp og kók 14.05 Ástríður 14.35 Kolla 15.00 Heimsókn 15.20 Sælkeriferðin 15.40 Sjálfstætt fólk 16.15 ET Weekend 17.00 Íslenski listinn 17.35 Sjáðu 18.05 Ávaxtakarfan 18.23 Veður 18.30 Fréttir 18.50 Íþróttir 18.55 Dagvaktin 19.25 Lottó 19.30 Spaugstofan 19.55 Jane Eyre Rómantísk mynd frá 2011 sem byggð er á samnefndri sögu eftir Charlotte Brontë. 21.55 The Dept Spennutryllir af bestu gerð sem hefst árið 1997. 23.45 Two Lovers Dramatísk og rómantísk mynd. 01.30 The Break-Up 03.15 Space Cowboys 05.20 Spaugstofan 05.45 Fréttir

SPORT besta sætið

- 09.20 AZ Alkmaar - Shakher 11.00 Evrópueldarmörkin 11.55 Sportspjallið 12.40 Meistaradeild Evrópu. FC Kaupmannahöfn - Galatasaray 14.20 Meistarad. - meistaramörk 14.50 Real Madrid - Real Sociedad Bein útsending 16.55 Tom Watson á heimaslóðum Skemmtilegur golfþáttur. 17.20 Þýski handboltinn Útsending frá leik Kiel og Rhein Neckar Löwen. 18.40 Meistarad. Evrópu - fréttabáttur 19.10 Meistaradeild Evrópu. Real Sociedad - Man. Utd. 20.50 Liðið mitt 21.20 La Liga Report 21.50 Real Madrid - Real Sociedad 23.30 Miami - Chicago 01.30 Euro Fight Night

SPORT 2 enski boltinn

- 07.25 Cardiff - Swansea 09.05 Arsenal - Liverpool 10.45 Match Pack 11.15 Ensku mörkin - úrvalsdeildin 12.10 Reading - QPR Bein útsending 14.20 Enska úrvalsdeildin - upphitun 14.50 Liverpool - Fulham Bein útsending 17.00 Laugardagsmörkin 17.20 Norwich - West Ham Bein útsending 19.30 Chelsea - WBA 21.10 Aston Villa - Cardiff City 22.50 Crystal Palace - Everton 00.30 Southampton - Hull

INN

- 17.00 Randver í Iðnó 17.30 Eldað með Holta 18.00 Hrafnáþing 19.00 Randver í Iðnó 19.30 Eldað með Holta 20.00 Hrafnáþing 21.00 Stjörnarráðið 21.30 Skuggaráðuneytið 22.00 Björn Bjarnason 22.30 Tölvur, tækni og kennsla 23.00 Fasteignafóran 23.30 Á ferð og flugi 00.00 Hrafnáþing

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

STÖÐ 3

- 15.00 The X-Factor US 17.05 The Amazing Race 17.50 Offspring 18.35 The Cleveland Show 19.00 Jamie's Ministry of Food 19.50 Raising Hope 20.10 Don't Trust The B....in Ap 20.35 Cougar Town (9:15) 21.00 Golden Boy (9:13) 21.40 The Resident Hörkuspennandi mynd með Hilary Swank og Christopher Lee. 23.15 The Vampire Diaries (9:22) 23.55 Zero Hour (9:13) 00.40 Jamie's Ministry of Food 01.25 Raising Hope 01.50 Don't Trust The B....in Ap 02.10 Cougar Town 02.35 Golden Boy 03.20 The Resident 04.55 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveins 07.48 Latibær 08.00 Ævintýri Tinna 08.22 Skoppa og Skríttla 08.35 Strumparnir 09.00 Lukku láki 09.24 Ofurhundurinn Krypto 09.45 UKI 09.50 Hvellur keppnisbill 10.00 Dóra könnuður 10.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli 10.55 Sumardalsmyllan 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveins 11.48 Latibær 12.00 Ævintýri Tinna 12.22 Skoppa og Skríttla 12.35 Strumparnir 13.00 Lukku láki 13.24 Ofurhundurinn Krypto 13.45 UKI 13.50 Hvellur keppnisbill 14.00 Dóra könnuður 14.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 14.45 Doddi litli 14.55 Sumardalsmyllan 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveins 15.48 Latibær 16.00 Ævintýri Tinna 16.22 Skoppa og Skríttla 16.35 Strumparnir 17.00 Lukku láki 17.24 Ofurhundurinn Krypto 17.45 UKI 17.50 Hvellur keppnisbill 18.00 Dóra könnuður 18.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 18.45 Doddi litli 18.55 Sumardalsmyllan 19.00 Franklín 20.15 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir 18.25 Friends 18.45 Seinfeld 19.10 Modern Family 19.35 Two and a Half Men (11:22) 20.00 Gavin and Stacey (1:6) Þriðja og síðasta þáttaröðin af þessari þresku gamanþáttaröð. 20.30 Footballers Wives (6:8) 21.25 Pressa (2:6) Þriðja þáttaröðin um blaðakonuna Láru, fjölskyldu hennar og samstarfsmenn. 22.10 Entourage (1:12) Fimmta þáttaröðin um frambrólt Vincent og félagi í Hollywood. 22.40 Króniken (5:22) 23.40 Örnin 00.40 Gavin and Stacey 01.10 Footballers Wives 02.00 Pressa 02.45 Entourage 03.15 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 10.50 Notting Hill 12.55 The Big Year 14.35 The Extra Man 16.25 Notting Hill 18.30 The Big Year 20.10 The Extra Man 22.00 Wallander 23.35 Lockout 01.10 Streets of Blood 02.45 Wallander

RÚV

- 07.00 Morgunstundin okkar 10.05 Robbi og Skrímsli 10.30 Stundin okkar 11.00 Fólkið í blokkinni 11.30 Útvar (Safjarðarbaer - Fjallabyggð) 12.30 Kastljós 12.55 HM 2014 - umspilið 13.25 Landinn 13.55 Kiljan 14.40 Djöflaeyjan 15.10 Kattadansflokkurinn 16.25 Hvað veistu? - Sæt lækningajurt 17.00 Tákn málsfréttir 17.10 Grettir 17.25 Ástin grípur unglínginn 18.10 Íþróttir 18.54 Lottó 19.00 Fréttir 19.20 Veðurfréttir 19.30 Ævintýri Merlins (11:13) (The Adventures of Merlin V) 20.20 Vertu viss (1:8) Spurningaleikur þar sem keppendur fá fúlgur fjár í upphafi þáttar og reyna síðan að halda í peningana með því að leggja undir á rétt svar við misferfiðum spurningum. 21.10 Hraðfréttir 21.20 Sjónvarpsstjarnan (Ed TV) Líf Eds fer allt úr skorðum eftir að hann leyfir sjónvarpsfólki að fylgjast með sér í sólarhring. Leikstjóri er Ron Howard og meðal leikenda eru Matthew McConaughey, Jenna Elfman, Woody Harrelson, Martin Landau, Ellen DeGeneres, Rob Reiner og Dennis Hopper. 23.20 Greenberg Maður frá Los Angeles kemur aftur heim eftir langa dvöl í New York. Leikstjóri er Noah Baumbach og meðal leikenda eru Greta Gerwig, Ben Stiller og Rhys Ifans. 01.05 Með á nótnum (In the Loop) 02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist 08.50 Dr.Phil 11.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course 11.35 Borð fyrir fimm 12.05 Design Star 12.55 Rules of Engagement 13.20 30 Rock 13.50 Happy Endings 14.15 Parks & Recreation 14.40 Judging Amy 15.25 The Voice 18.55 America's Next Top Model 19.40 Secret Street Crew 20.30 The Bachelor (2:13) 22.00 The Client List (2:10) Spennandi þættir með Jennifer Love Hewitt í aðalhlutverki. 22.45 The Thomas Crown Affair Bandarísk spennumynd frá árinu 1999 með Pierce Brosnan og Rene Russo í aðalhlutverkum. 00.40 Rookie Blue 01.30 The Borgias 02.20 The Client List 03.05 Excused 03.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport 09.10 Golfing World 10.00 The McGladrey Classic 2013 13.00 Inside the PGA Tour 13.25 The McGladrey Classic 2013 16.25 The McGladrey Classic 2013 18.00 The McGladrey Classic 2013 21.00 The McGladrey Classic 2013 00.00 The McGladrey Classic 2013 01.30 Eurosport

STÆKKANLEGT HNOTUBORÐ 2 STÆRÐIR

160(248)X100 Verð: 189.900,-
200(288)X110 Verð: 209.000,-



SKENKUR Í HNOTU 2 STÆRÐIR

Breidd: 180cm Verð: 179.000,-
Breidd: 240cm Verð: 229.000,-



BORÐ 180x100cm
Verð: 98.600,-



HAMPTON Tungusófi
318x197cm
Verð: 248.400,-



SKENKUR í hnotu
Breidd: 180cm
Hæð: 125cm
Verð: 199.900,-

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



MALMÖ 3ja sæta sófi
Breidd: 230cm
Verð: 128.700,-

SKEMILL
Stærð: 88x70cm
Verð: 35.000,-



VEGGBORÐ
Breidd: 121cm
Verð: 59.000,-



SECRETO Hornsófi
282x220cm
Verð: 232.900,-



PISA Tungusófi
Stærð: 300x170cm
Verð: 232.200,-



CHANARAL Armstóll
Verð: 45.000,-



VERONA Armstóll
Verð: 35.000,-



MONET Stóll
Verð: 19.900,-



CLARK Stóll
Verð: 13.520,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is



KEPPA UM MILLJÓNIR

Spurningabátturinn Vertu viss hefur göngu sína á RÚV í kvöld en í þættinum geta þör af ýmsu tagi unnið tíu milljónir með því að svara átta spurningum rétt. Fyrsti báttur er stjórnum þrýddur. Grínistinn og Mið-Íslendingurinn Jóhann Alfred keppir um milljónirnar ásamt vini sínum, lögmanninum Ómari Erni Bjarnþórsyni. Þá reyna vinkonurnar og listakonurnar Ólöf Hugufrún og Anna Bergljót líka við spurningarnar.

- lkg



P.S. Börn borða nær eingöngu salsasósu, er það ekki?

LEIKKONAN OLIVIA WILDE Á VON Á SÍNU FYRSTA BARNI MEÐ UNNUSTA SÍNUM JASON SUDEIKIS OG LÉT ÞESSI ORD FALLA Á TWITTER-SÍÐU SINNI Í VIKUNNI.

**HREFNA HEFUR HÓTELREKSTUR**

Hrefna Rósa Sætran matreiðslumeistari hefur bætt hótélrekstri við veitingareksturinn. Hrefna keypti hús við Þingholtsstræti á dögnum og leigir nú íbúðir út til ferðamanna undir heitinu Bríet Apartments. „Við ákváðum að prófa þetta og taka þetta skref fyrir skref. Íbúðirnar eru orðnar mjög kósý hjá okkur en fyrstu gestirnir komu á fimmtudaginn í síðustu viku,“ segir Hrefna og kveðst spennst fyrir framhaldinu.

- ka

**VALDI FJÖLSKYLDUNA**

Mikið hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum að undanförunu að Hermann Hreiðarsson knattspyrnumaður hafi ákveðið að yfirgefa ÍBV. Í nýjasta tölublaði MAN magasín fer hann meðal annars nánar út í ástæðurnar fyrir þeirri ákvörðun. Hann segir það hafa verið of mikið púsluspil fyrir hann og konu hans, Rögnu Lóu, að vera bæði að þjálfra en Ragna Lóa þjálfar kvennalið Fylkis í knattspyrnu. „Ástæðan fyrir því að ég hætti er því fyrst og fremst sú að ég vildi vera nær fjölskyldunni. Þær hafa elt mig út um allt England í mörg ár og nú er komið að mér.“ - lkg

**Heimilið ryksugað fyrir heimspressuna**

Elísabet fékk Wall Street Journal í heimsókn í gær.

Elísabet Jökulsdóttir skáld fékk heimsókn í gær frá blaðamanni bandaríska stórbladsins Wall Street Journal. Fréttablaðið heyrði í Elísabetu rétt fyrir heimsóknina.

„Ég er búin að ryksuga íbúðina og er rosalega spennst. Þetta er fyrsta viðtalið mitt við erlent stórblað, þó svo að einhvern tímann hafi birst stór mynd af mér í einhverju bresku dagblaði,“ sagði Elísabet en vildi ekki tjá sig frekar um viðtalið. Hún sagðist finna til samsvörunar við persónu í leikriti sem hún skrifaði og var sýnt í New York.

„Persónan var alltaf einhvern veginn að bíða eftir heimspressunni. Mér líður svolítið þannig núna. Ég fór einmitt til New York þegar leikritið var sýnt og heillað-



ELÍSBET JÖKULSDÓTTIR Var í óða önn að ryksuga þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ist algjörlega af Wall Street-hverfinu. Sem er kannski sérstakt, því ég hefði haldið að mér hefði þótt listamannahverfin merkilegri.“ - kak



EINSTAKT ÁHUGAMÁL Jón veit ekki í hvaða verkefni hann fer næst enda fær hann oftast að vita það með stuttum fyrirvara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leonardo DiCaprio var fyrsti gesturinn

Jón Andrés Jónsson á amerískan húsbíl sem hann leigir út í erlend kvikmyndaverkefni hér á landi. Húsbíllinn hefur hýst fjölmargar Hollywood-stjörnur sem hafa heimsótt landið síðustu ár.

„Þetta er amerískur húsbíll árgærd 2006 og hefur nánast eingöngu verið notaður í kvikmyndaiðnaðinum síðustu sjö árin. Fyrst ætlaði ég að eiga þennan bíl fyrir sjálfan mig en síðan fréttist það að ég ætti hann. Hann varð fljótt eftirsóttur fyrir aðalleikara sem hafa leikið í myndum sem hafa verið teknar hér upp og hefur fengið það hlutverk að hýsa þessa menn á tókustað,“ segir Jón Andrés Jónsson. Húsbíllinn er vel útbúinn. Hann er með svefnaðstöðu fyrir fjóra, glæsilegar eldhúsgrejur, sturtu, salernisaðstöðu og sjónvarp. Jón fylgir alltaf með í för þegar bíllinn er leigður í kvikmyndaverkefni.

„Bíllinn er ekki leigður öðruvísi en bílstjórninn sé með. Það getur ekki hver sem er keyrt svona bíl. Það er farið á ýmsa staði þar sem er ekki venjan að fara með bíl sem þennan. Það geta komið upp erfiðar aðstæður og ef eitthvað kemur upp á þarf ég að vera til staðar.“

Húsbíllinn hefur hýst allar stærstu stjórnurnar sem hafa heimsótt Klakann síðustu misseri, þar á meðal Ben Stiller, Tom Cruise, Sean Penn og Vinnie Jones.

„Fyrsti leikarinn sem notaði bíllinn var Leonardo DiCaprio. Ég hef ekkert blandað geði við leikarana og kem lítið nálægt þeim. Eg keyri bara bíllinn og sé til þess að hann sé heitur, hreinn og finnst. Ég er kominn á eftirlaun og lít á þetta sem áhugamál,“ segir Jón. Hann á fjögur börn og níu barnabörn og segist ekki vera sérstaklega öfundaður í fjölskyldunni yfir því að vera í nærvist stórstjarna.

„Það var gaman að þessu fyrst en svo fer ljóminn af þessu. Þetta er nánast eingöngu bið,“ segir Jón. En getur hann ekki deilt skemmtisögum af fræga fólkinu?

„Þó ég viti sögur þá má ég ekkert segja. Ég skrifa undir þagnareid. En það hefur eitt og annað komið upp.“


liljakatrin@frettabladid.is

STJÖRNURNAR

ELSKA HÚSBÍLLINN Leonardo DiCaprio var fyrstur til að nýta sér húsbíllinn. Þá hafa Tom Cruise og Ben Stiller einnig verið gestir í bílnum.



LÚXUS Í ÖNDVEGI Það fer vel um hvern þann sem leigir húsbíllinn hans Jóns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ALLT Í TOPPSTANDI Jón hugsar vel um bíllinn og er salernisaðstaðan einstaklega glæsileg.

ÞEKKIR ÞÚ PRAKKARA?

MÓI HREKKJUSVÍN ER EYRNASTÓR GÖTUSTRÁKUR. BESTI VINUR HANS ER BYSSU-JÓI, RISAVAXINN LEYNIKÚREKI OG ÖFLUGUR VERNDARI.



Mói hrekkjusvín
– Kúreki í Arisóna
geymir fjórar ríkulega myndskreyttar sögur fyrir byrjendur í lestri og aðra lestrarhesta.



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

20% afsl. af öllum vörum!
Opið laugardag 11-16 og sunnudag 13-16



HEIMA
HÚSIÐ





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI



Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir

Ritstjóri Kvinnablaðsins

FÆDD 1969

MAKI Stefán Karl Stefánsson

BÖRN Bríet Ólína 18 ára, Elín Þóra 12 ára, Júlía 6 ára og Þorsteinn 5 ára.

Steinunn Ólína hefur áður starfað sem leikkona en hún sinnir nú ritstjórarstarfi Kvinnablaðsins sem er í netútgáfu.

„Hún er einstaklega vel gefin manneskja og það er gaman að tala við hana um allt milli himins og jarðar því hún veit allt. Hún er ótrúlegur húmoristi og það er aldrei dauð stund hér í vinnunni. Á sama tíma vill hjún bjarga heiminum og verður stundum andvaka yfir því.“

Soffía Steingrimsdóttir, samstarfskona



„Hún er sálufélagi minn og ég fæ fráhrarfseinkenni ef ég hitti hana ekki reglulega. Hún er ofsalega skemmtileg og yfirburða greind. Hún er múltitalent og svo bráðþroska að hún er eiginlega vaxin upp úr leiklistinni.“

Gísli Rúnar Jónsson vinur

„Kostir Steinu sjást kannski best í börnunum okkar fjórum, fegurð, gáfur og góður húmor. Hún er líka duglegasta manneskja sem ég þekki. Hún leggst yfir verkefni af miklum þunga og maður nær engu sambandi við hana fyrr en við verklok. Þegar hún er hjá manni þá er hún virkilega hjá manni og þá er aldrei betra að vera til.“


Stefán Karl Stefánsson eiginmaður

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Kærði eiginkonuna fyrir að ala sér ófrið börn
- 2 Tónlistarmaður neyddur til að nauðga konu
- 3 Líkkistur notaðar til sýningar í Smáralind
- 4 Borgarstjórnin í Toronto hótar að myrða mann
- 5 Of þungri vél brotlent við sumarhús



SNÖFINT glös. 23cl. Gler. H10cm. Marglitt **195,-/stk.**



JULKUL kökumót. Ryðfrítt stál **795,-/6 í setti**



195,-/30 í pk.

SNÖFINT servíettur. B24xL24cm Grænt/ýmis mynstur



GOTTIS skál á fæti. Gler. Ø18, H15cm. Rautt/glært **1.990,-**

Gómsætir bitar fyrir glögga gesti



SNÖFINT servíettur. B33xL33cm Rautt/ýmis mynstur **295,-/30 í pk.**



SKYN skál Ø31, H13cm Hvítt **4.990,-**



SNÖKUL svunta L97cm. Marglitt **1.490,-**



AKTAD kökudiskur á fæti m/hjálmi. Gler. Ø17, H40cm Rautt/glært **3.490,-**



995,-/3 í setti

SNÖKUL dósir m/loki 1,6, 2,6, og 4,8l. Marglitt



GODTA könnur. Gler. 21cl H8cm. Ýmis mynstur/rautt **395,-/stk.**



SNÖKUL diskapurrkur 100% bómmull. B50xL70cm Marglitt **995,-/2 í pk.**



KONCIS ausa. L34cm Ryðfrítt stál **495,-**



SNITSIG pottur m/loki. 5l. Ryðfrítt stál **2.990,-** Hentar á allar tegundir af hellum, þ.m.t. spanhellur



395,-/6 í pk.

POKAL glös. 15cl. H8cm Glært gler



AKTAD kökudiskur á fæti Gler. Ø33, H13cm Rautt/glært **2.990,-**



KORKEN flaska m/tappa. 1l. H29cm Glært gler **395,-**

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla



Iceland

VEITINGASTAÐURINN

495,-

Alla helgina Íslenskir sviðakjamar og meðlæti



Komdu og smakkaðu!

Við kynnum sívinsælu jólasnákökurnar og jólaglögga frá 13-17



Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - www.IKEA.is

